

22

28–29

36

Eigum í dag miklu meiri samleið með Samtökum ferðapjónustunnar

Þar sem glyttir í gróna meli morgundagsins

... og grilla á kvöldin

-37

Bændablaðið

10. tölublað 2021 • Fimmtudagur 27. maí • Blað nr. 587 • 27. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Anna Sonja Ágústsdóttir, tamningakona og leiðbeinandi, hefur undanfarið haldið námskeið hjá hestamannafélaginu Létti á Akureyri í hestaþrótt sem kallast TREC. Námskeiðið skiptist upp í þrjá þætti, þrautabraut, hraðastjórnun á gangtegundum og víðavangsrátleik. Hér eru Aldís Óttarsdóttir og hesturinn Þrándur kominn upp á pall í einni þrautinni. – Nánar er fjallað um TREC í máli og myndum á bls. 26–27.

Mynd / Margrét Þóra Þórsdóttir

Dietrich Becker, sendiherra Þýskalands á Íslandi: Þjóðverjar óska eftir íslensku vetni

Dietrich Becker, sendiherra Þýskalands á Íslandi, óskar eftir samstarfi um vetnisframleiðslu og hvetur íslenska bændur til að reisa vindorkustöðvar á landareignum sínum. Þetta kemur fram í mjög athyglisverðri grein á bls. 39 í Bændablaðinu í dag. Sendiherrann segir m.a.:

„Uppbygging vindorku verður ærfríðari í þéttbýlu Þýskalands. Hún á aðeins eftir að ganga ef sveitarfélög og íbúar fá hluta af arðinum af framleiðslunni. Ég sé einnig tækifæri í þessu fyrir Ísland að styðja við aukna framleiðslu á endurnýjanlegri orku með beinni þátttöku sveitarfélaga og íbúa þeirra. Því skyldi ekki tilheyra á íslenskum bóndabæ ein eða tvær vindrafstöðvar við hliðina á súrheysturni og útihúsum?“

Íslenskt vetni í stað kola

Sendiherrann talar mikið um þá vetnisvæðingu sem nú er komin á fullt skrið víða um heim. Þar hafa Þjóðverjar mjög takmarkaða möguleika til framleiðslu á vetni úr endurnýjanlegum orkugjöfum.

„Frá sjónarmiði þýskra stjórnvalda og þýskis iðnaðar er greiningin ótvíræð: Mikilvægasti þáttur umskipta í þýskum iðnaði verður grænt vetni, vetni framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Rafmagnsþörfin mun aukast mjög mikið vegna vetnisframleiðslu og samgangna með rafmagni. Frekari uppbygging nálgast efnisleg og pólitísk endimörk. Þýskaland held-

ur áfram að byggja upp endurnýjanlegar orkulindir, en verður árið 2050 að treysta eftir sem áður á umtalsverðan innflutning á orku í formi rafmagns, vetnis og afleiðum þeirra.“

Vilja helst vetni frá Íslandi

Sendiherrann talar tæpitungulaust um að Þjóðverjar óski eftir samstarfi við Íslendinga um vetnisframleiðslu. Virðast óskir um rafstreng til Bretlands því úr sögunni á þeirra óskalista, enda eru Bretar ekki lengur aðilar að ESB.

„Hvorki Ísland né Þýskaland geta lagt niður iðnaðarframleiðslu sína. Þýskaland mun í framtíðinni þurfa að flytja inn vetni framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Þýskaland verður að spyrja sig hverjir séu réttu og traustustu samstarfsaðilarnir í þessu samhengi. Þegar er komið á samstarf við Marokkó, Ástralíu, Síle, en einnig Saudi-Arabíu og Rússland. Ég er þeirrar skoðunar að Ísland sé betri samstarfsaðili. Ég sé Ísland fyrir mér sem samstarfsaðila í þróun tækni og sambyggðra kerfa fyrir vetnisviðskipti. Ísland hefur sem háþróað land með sína eigin tækni tækifæri til að verða í fararbroddi þeirra landa sem skipta yfir í vetnisframleiðslu og -notkun, þar með talið á sjó og í lofti. En tíminn er naumur því annars verða önnur lönd fremst í flokki,“ segir Dietrich Becker. /HK:

Fimmföldun í ræktun iðnaðarhamps

– Í fyrra seldist allur hampur upp hér á landi og stærstu ræktendur nú með allt að 20 hektara undir

Ræktun á iðnaðarhampi hér á landi mun fimmfaldast á þessu ári miðað við ræktun síðasta árs. Selbakki ehf., dótturfélag Skinneyjar-Þinganes, ætlar að gera tilraunir með ræktun hamps á Mýrunum í sumar.

Selbakki ehf., sem er að stórum hluta í eigu Skinneyjar-Þinganes, ætlar í sumar að gera tilraun með ræktun iðnaðarhamps á Mýrunum í Austur-Skaftafellssýslu.

Garðar Garðarsson, lögmaður hjá Landslögum og stjórnarmaður Selbakka, segir að ræktunin sé eingöngu í tilraunaskyni. Sáð hafi verið í mismunandi jarðveg til að athuga hvort hampur geti vaxið á Söndunum og hvort áframhaldandi ræktun hans til iðnaðarframleiðslu þar sé fýsileg. Yrkið sem verið er að prófa kemur frá Finnlandi og kallast 'Finola'.

Hann hafði ekki handbærar upplýsingar um á hve stóru svæði sáð var í. Garðar segir ekki tímabært að gefa upp í hvað ætti að nota hampafurðirnar. „Það verður að koma í ljós og færi eftir ræktunarhæfni plantanna. Ekki verður fjárfest í einhverjum varanlegum búnaði nema ræktunartilraunir gæfu tilefni til og þá að vel athuguðu máli.“

Umfang ræktunarinnar ekki gefið upp

Erfiðlega hefur reynst að fá uppgefið hjá Selbakka á hversu stóru svæði búið er að sá eða á hversu stóru svæði rækta á hálfum til einum hektara og upp í 20 hektara. Ólíklegt verður að teljast að ræktunin verði á 20 hekturum þar sem um tilraunaræktun er að ræða. Telja verður líklegt að

verði farið út í framleiðslu afurða úr hampinum tengist hún umbúðum, til dæmis fyrir fiskvinnslu Skinneyjar-Þinganes.

Fimmföld aukning í ræktun

Sigurður H. Jóhannesson, formaður Hampfélagsins, segir að síðasta sumar hafi verið ræktaður iðnaðarhampur á um 30 hekturum en að reiknað sé með að ræktunin muni fimmfaldast í sumar og að hampur verði ræktaður á um 150 hekturum. „Stærstu ræktendur eru með allt að 20 hektara undir en í flestum tilfellum er fólk að prófa sig áfram og rækta á hálfum til einum hektara og upp í fjóra.

Meðaltalsuppskera á hektara eru um 8 tonn fyrir þurrkun og miðað við það var uppskeran síðasta sumar um 240 tonn og gæti orðið 1.200

tonn og ég hef fulla trú á að það sé markaður fyrir þá framleiðslu. Þróunin í ræktun hér á landi virðist ætla að verða svipuð og í Svíþjóð. Fyrstu árin jókst ræktunin hratt en með tímanum náði hún jafnvægi.“

Sigurður segir að það sem standi íslenski hamprækt helst fyrir þrifum sé að hér á landi skorti tæki til vinnslu á afurðum og að slíkar vélar sem vinna hampur séu dýrar.

„Í fyrra seldist allur hampur upp hér á landi um áramótin og nokkrir fluttu út hampur til Bretlands á ágætu verði, sem var um þúsund krónur fyrir kílóíð af þurrum stilkum. Það er skortur á hampi víða um heim og ég hef enga trú á að ræktendur séu að fara að sitja uppi með hann.“

Hamprefjar í steypu

„Eftirspurnin eftir iðnaðarhampi

er mikil og ég veit að fyrirtæki í byggingariðnaði eru að skoða notkun á hamprefjum í hampsteypu og svo er einnig verið að þróa framleiðslu á lífplasti og sú framleiðsla þarf rosalega mikið magn,“ segir Sigurður.

Lífplast úr hampi

Robert Francis hjá Hemp Pack, sem vinnur að þróun lífplasts úr hampi, segir að þeir ætli að rækt hampur á tveimur hekturum í sumar til áframhaldandi þróunarvinnu.

„Þróun plastsins er flókið ferli sem tekur tíma og við viljum vera komnir með góða vöru áður en farið er út í framleiðsluna sjálfa. Við eigum í samtali við nokkur rótgróin íslensk fyrirtæki um framleiðsluna en of snemma er að greina frá gangi þeirra viðræða á þessu stigi.“

/VH

FRÉTTIR

Ísland með sérstöðu í framleiðslu á mjólkurpróteini:

Líklega eina landið í heiminum sem framleiðir nú allt sitt mjólkurduft með grænni orku

Nær 100% af því próteini sem til fellur í íslenskum mjólkuriðnaði er nú nýtt á einhvern hátt og mjólkurduft sem hér er framleitt er allt framleitt með grænni endurnýjanlegri orku. Ólafur Ragnarsson, framleiðslustjóri hjá Mjólkursamsölu (MS), telur líklegt að Ísland sé eina landið í heiminum sem framleiðir allt sitt mjólkurduft með þessum hætti.

„Í janúar á þessu ári slóktum við hjá MS á síðasta olúkynta katlinum til framleiðslu á gufu til mjólkurvinnslu. Sá ketill er á Egilsstöðum og er nú eingöngu notuð hrein endurnýjanleg raforka við mjólkurvinnslu á öllum starfsstöðvum MS,“ segir Ólafur. Við framleiðslu á mjólkurdufti er á fyrsta stigi notast við jarðhitavatn til upphitunar í gegnum varmaskipta, þá tekur við gufa sem framleidd er með rafmagni og að lokum heitt loft sem hitað er með rafmagni. Öll þessi framleiðsla er því unnin með grænni endurnýjanlegri orku. Er þetta vinnsluferli mjólkurdufts því væntanlega eitt það umhverfisvænasta sem um getur og einsdæmi í heiminum.

Hann tekur þó fram að olúkatlar séu hafðir til taks sem varaafli ef svo færi að rafmagnnið færi af og þegar sinna þarf viðhaldi á rafmagnskötunum.

Mjólkur- og undanrennuft auk kálfaþóðs er framleitt hjá MS á Selfossi. Hjá Íslenskum mysuafurðum á Sauðárkróki, sem er í eigu Mjólkursamsölu og Kaupfélags Skagfirðinga, er framleitt mysuprótein úr ostamysu sem fellur til við ostagerð hjá KS á Sauðárkróki og starfsstöðvum MS á Akureyri og Egilsstöðum.



Við framleiðslu á mjólkurdufti er á fyrsta stigi notast við jarðhitavatn til upphitunar í gegnum varmaskipta, þá tekur við gufa sem framleidd er með rafmagni og að lokum heitt loft sem hitað er með rafmagni.

Íslenskar mysuafurðir nýta þannig allt það prótein sem fellur til úr mysu í Skagafirði, Akureyri og á Egilsstöðum með vinnslu á mysu-dufti á Sauðárkróki.

„Í dag er því nánast hægt að tala um fullnýtingu mjólkur þar sem lítið sem ekkert er að fara til spillis hjá okkur í mjólkurvinnslunni og því ekkert um að próteini sé veitt út í fráveitukerfið,“ segir Ólafur.

Áfengisframleiðsla úr mjólkursykri

Þá eru Íslenskar mysuafurðir að taka í notkun búnað til að nýta mjólkursykur til etanolframleiðslu. Þar er nú einnig byrjað að framleiða íslenska rjómalíkjörinn Jöklu sem kominn er í verslanir ÁTVR. Búast má við að ef Jökla nær flugi á markaðinum líkt og írski drykkurinn Baileys, þá vaxi eftirspurn eftir mjólkurfítu, eða rjóma frá íslenskum framleiðendum.

Tilraunir með framleiðslu á

Baileys hófust 1971 og framleiðsla hófst svo 1974. Tilraunir með Jöklu og þróun framleiðsluáferða hafa líka staðið í nokkur ár. Til framleiðslu á Baileys á Írlandi fara árlega um 250 milljónir lítra af mjólk frá 40.000 kúm. Þá eru um 82 milljón flöskur af þessum vinsæla drykk seldar árlega til 180 landa um allan heim. Ef mjólkurfæðingnum Pétri Péturssyni verður álfika ágennt með sinn göfuga Jöklu-drykk, þá mega íslenskir kúabændur heldur betur fara að taka til hendi.

Verðhækkun á mjólkurdufti í kjölfar COVID-19

Á hverju ári eru framleidd nokkur hundruð tonn af mjólkurdufti á Íslandi. Mest er selt úr landi, en heimsmarkaður hefur verið mjög flöktandi undanfarin ár og verð oft lágt. Ólafur segir að nú sé heimsmarkaðsverð á mjólkurdufti tiltölulega hátt sem skýrist að mestu af COVID-19. Víða hefur starfsemi

legið niðri vegna skorts á mannskap í mjólkurvinnslum vegna faraldursins. Þannig greindi BBC í Bretlandi frá því að bændur þar í landi hafi þurft að hella niður mjólk í stórum stíl vegna ástandsins. Forbes, Reuters og Bloomberg greindu frá svipuðum fréttum víða um lönd.

Sjónvarpsstöðvarnar ABC og NBC í Bandaríkjunum greindu frá sams konar atvikum þar í landi en aðallega vegna samdráttar í mjólkurneyslu heimila og í sölu til mótuneyta. Þar var talað um að hella væri niður 1,5 til 2 milljónum lítra á dag.

Þetta leiddi m.a. til minni framleiðslu á mjólkurdufti og því hefur gengið hratt á birgðir sem leitt hefur til verðhækkana á próteini að undanförunum.

Heimsmarkaðsverð á mjólkurdufti hefur hækkad verulega á síðustu mánuðum

Heimsmarkaðsverð á mjólkurdufti dróst saman að meðaltali um 4,5% á síðasta ári vegna verðlækkana frá Asíulöndum eins og Kína, Banglades, Malasíu og Singapúr. Síðari hluta árs 2020 fór verð á mjólkurdufti hins vegar að hækka verulega á ný samkvæmt tölum CLAL.it. Þannig var meðalverðið á tonni af mjólkurdufti komið í 3.254 evrur nú í byrjun maí 2021, en fór lægst að meðaltali í 2.720 evrur í nóvember 2020.

Frá ársbyrjun 2008 fór meðalverð á mjólkurduftinu lægst í 1.725 evrur á tonnið í febrúar 2009. Hæst fór verðið aftur á móti í febrúar 2014 þegar meðalverðið komst í 3.700 evrur á tonnið.

Þegar lítið er til einstakra landa,

þá komst meðalverðið á mjólkurdufti til máneldis í Þýskalandi hæst í 3.290 evrur á tonnið um síðustu mánaðamót. Þar í landi var verðið á undanrennuftinu til máneldis á sama tíma í 2.595 evrum fyrir tonnið.

Aukning í mjólkurframleiðslu í heiminum á síðasta ári

Samkvæmt tölum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO), jókst mjólkurframleiðsla í heiminum um 2% á milli árána 2019 og 2020 og endaði í 906 milljón tonnum. Aukning varð á öllum svæðum nema í Afríku.

Milliríkjaviðskipti með mjólk jukust um 1,2% á síðasta ári og námu 79 milljónum tonna í mjólkurígildum. Aukningin er að mestu til komin vegna aukins innflutnings Kína, Alsír, Sádi-Arabíu og Brasilíu. Þar af er Kína langstærsta innflutningsland á mjólkurvörum og fluttu þeir inn 17 milljónir tonna af mjólkurígildum í fyrra. Það er 7,4% aukning á milli ára sem skýrist af aukinni neyslu á íbúa að meðaltali. Þeir juku einnig verulega innflutning á mysu dufti sem notað er í svínafóður.

Á síðasta ári var mest framleitt af mjólk í Asíu, eða 379 milljónir tonna, og nam aukningin þar 2,6%. Næstmest var framleitt í Evrópu, eða 236 milljónir tonna, og þar var aukningin 1,6% á milli ára. Norður-Ameríka var í þriðja sæti með 111 milljón tonn sem var 2,1% aukning frá 2019.

Þá jukust viðskipti á mjólkurdufti, mysu og ostum verulega á síðasta ári, en sala á undanrennufti og smjöri dróst saman. /HKr

Stjórnvöld setja 70 milljónir til innviða og landvörslu við gosstöðvarnar

Stjórnvöld ætla að setja 70 milljónir króna til innviðauppbyggingar og landvörslu við gosstöðvarnar við Fagradalsfjall. Rafmagn verður lagt í stíga svo hægt verði að tengja öryggis-

myndavélar og gasmæla auk þess sem stjórnvöld munu standa straum af kostnaði við landvörslu út ágúst.

Tillögur þess efnis komu inn á borð ríkisstjórnarinnar frá þeim

Þórdísi Kolbrúnu Reykjavíkur Gylfadóttur ferðamálaráðherra og Guðmundi Inga Guðbrandssyni umhverfis- og auðlindaráðherra. Þórdís Kolbrún hefur falið Framkvæmdasjóði ferðamanna-staða að veita allt að 35 milljónum króna til lagningar göngustíga að gosstöðvunum. Rafmagn verður lagt í stígana svo hægt verði að tengja ýmsan búnað þar, svo sem öryggis-myndavélar og gasmæla.

Skilyrt að almenningur hafi fullan og gjaldfrjálsan aðgang

Í tilkynningu á vef Stjórnarráðs Íslands er tekið fram að um viðbótarframlag sé að ræða við þær tíu milljónir króna sem notaðar hafa verið til að koma upp bráðabirgðaáðstöðu á svæðinu. „Fyrirhugað er að semja við landeigendur um þessar framkvæmdir og verður þar gert að skilyrði að almenningur hafi fullan og gjaldfrjálsan aðgang að þeim innviðum sem um ræðir,“ segir í tilkynningunni.

Það kemur í hlut Umhverfisstofnunar að ráða landverði til að hafa eftirlit með umgengni á svæðinu og upplýsingamiðlun til 31. ágúst. Kostnaður við landvörsluna á þessum tíma er metinn á 35 milljónir króna. „Tillagan



Lagðir verða rafstrengir í stíga við gosstöðvarnar.

Mynd / Álfrún Edda Sigurðardóttir

byggir á mati Umhverfisstofnunar í samvinnu við almannavarnardeild ríkislögreglustjóra. Hún er sömuleiðis í samræmi við tillögu starfshóps um uppbyggingu á svæðinu sem stýrt er af ferðamálastjóra og í sitja fulltrúar

landeigenda, Grindavíkurbæjar, Áfangastaðastofu Suðurnesja, Umhverfisstofnunar, Veðurstofnunar, almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á Suðurnesjum,“ segir í tilkynningunni. /smh

TILBOÐ Á GARÐHÚSUM!
TIL Á LAGER

VANTAR ÞIG PLÁSS?



BREKKA 34 - 9 fm 25% afsláttur
Tilboðsverð **369.750 kr.**

Afar einfalt er að reisa húsin okkar
Uppsetning tekur aðeins einn dag



STAPI - 14,98 fm 25% afsláttur
Tilboðsverð **697.500 kr.**



NAUST - 14,44 fm 30% afsláttur
Tilboðsverð **449.400 kr.**

Ítarlegar upplýsingar og teikningar ásamt ýmsum öðrum fróðleik má finna á vef okkar

www.kofaroghus.is - sími 553 1545

KOFAR OG HÚS

Svo allt rúlli hnökralaust áfram



Skoðaðu
úrvalið
í vefverslun
okkar

Michelin, Taurus og Kleber

Vertu með gæðadekk undir vinnuvélunum þínum.



Michelin XEOBIB

Engin breyting á loftþrýstingi hvort sem ekið er á jarðvegi eða vegum.

Fara betur með jarðveg, spóla minna og eyða minni olíu.

Aukin þægindi og mýkt.



Taurus 65

Lægri loftþrýstingur.

Munstur sem veldur lágmarks jarðvegsskemmdum.

Aukin þægindi.



Kleber Gripker

Betri ending.

Munstur sem veldur lágmarks jarðvegsskemmdum.

Aukið grip.

BKT landbúnaðar- og iðnaðardekk

N1 er umboðsaðili BKT á Íslandi. Einn stærsti framleiðandi landbúnaðar- og iðnaðardekkja í heimi. Allt frá minnstu heytætlum og upp í stærstu vinnuvélar þá eru BKT lausnin fyrir þig.

Frábær dekk á flottu verði.

BKT
GROWING TOGETHER



Hafðu samband við N1 verslanir eða N1 verkstæðin um allt land:

Bílabjónusta, dekkjadeild	440 1120	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Bíldshöfða	440-1318	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Fellsmúla	440-1322	Dalbraut Akranesi	440-1394
Réttarhálsi	440-1326	Réttarhvammi Akureyri	440-1433
Ægisíðu	440-1320	Höfn, þjónustustöð	478-1940
Langatanga Mosfellsbæ	440-1378	Reyðarfirði, verslun	474-1293
		Ólafsvík, verslun	436-1581

440 1000
n1.is
dekkjadeild@n1.is

N1

ALLA LEIÐ

FRÉTTIR

Óánægja í aðgerðarhópi bænda um heimaslátrunarreglugerð:

Kröfurnar miðaðar við markaðssvæði EES

– Segja tillögur þeirra hafa verið strokaðar út í meðförum Matvælastofnunar

Reglugerð um slátrun í litlum sauðfjár- og geitahúsum var gefin út og tók gildi 6. maí síðastliðinn. Aðgerðarhópur bænda um heimaslátrun vann með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að undirbúningi útgáfu reglugerðarinnar. Pétur Snæbjörnsson má segja að sé fulltrúi kaupenda lambakjöts í hópnum, en hann starfar sem ráðgjafi og hefur verið viðloðandi ferða-, gisti- og veitingaþjónustu í 45 ár. Hann segir að reglugerðin sé alls ekki eins og lagt var upp með að slík reglugerð yrði – hún sé tyrfín og samin fyrir markaðssetningu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Pétur vísar þar til sex evrópskra undirreglugerða sem er að finna í nýju reglugerðinni – sem ekki eru til á íslensku, en gilda samt á Íslandi. „Í okkar undirbúningsvinnu með ráðuneytinu var alltaf lagt upp með að gefa út reglugerð sem heimilaði slátrunarskemina með einföldum og skýrum reglum, sem heimiluðu bændum að slátra fyrir heimamarkað.“

Þörf á grundvallarbreytingum

„Það sem mér gengur til með



Pétur Snæbjörnsson.

starfinu í aðgerðarhópnum er að kalla eftir meiri fjölbreytni í lambakjötsafurðum, en mér hefur fundist einsleitni vera ráðandi þáttur á markaði. Neytendur hafa haft lítið um það að segja hvernig afurðirnar er hlutaðar niður og meðhöndlaðar. Eins er furðulegt að merkingar á stærðar- og gæðaflokkum skili sér ekki inn á markaðinn,“ útskýrir Pétur.

„Að mínu mati er það alveg ljóst að það þurfa að eiga sér stað grundvallarbreytingar framleiðsluferfinu í sauðfjárrækt og það var í raun staðfest í skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands um

afkomu sauðfjárbænda. Hluti af þeim breytingum er að auka vægi heimaslátrunar og -vinnslu. Almenn þarf að lengja slátrutímann til að minnka geymslukostnaðinn og setja meira af kjötafurðunum ferskar á markað. Því hefur aldrei verið almennilega svarað af hverju það þarf að slátra öllu nánast á tíu vikum á haustin og troða lömbunum inn í frystiklefa – í stað þess til dæmis að slátra í eina viku í hverjum mánuði í alls tíu mánuði ári. Þá verður kjötið bara mismunandi eftir því hvernig árinu vindur fram, en það er allt í lagi því það er mesti misskilningur að það þurfi allt að vera nákvæmlega eins.

Mér hefur verið boðið ýmislegt miður gott

„Ég hef verið kaupandi að lambakjöti í um 30 ár en ég hef aldrei verið spurður að því hvernig kjöt ég vilji fá, en mér hefur hins vegar verið boðið ýmislegt miður gott til kaups sem ég hef ekki haft neitt val um að hafna. Við þurfum að sinna heimamarkaðnum almennilega.“

Annað stórt vandamál í kerfinu er þessi gríðarlega soun í

framleiðslunni. Af kannski 40 kílóa lífmassa sem slátrað er, skilar sér kannski um 6–8 kíló af kjöti út úr ferlinu. Aðrar afurðir skapa engin verðmæti. Sjávarútvegurinn statar af því að skapa verðmæti út úr yfir 80 prósentum af lífmassanum, en við kannski úr 20 prósentum.

Það er ekkert verið að gera í þessum málum eins og er, engin verðmætasköpun að ráði úr þessum aukaafurðum og það er engin krafa á slátruleyfishafa að gera betur í að skapa verðmæti úr þeim lífmassa sem gefin er í dag,“ segir Pétur.

Hann bætir því við að með því að svara betur kröfum kaupenda aukast verulega líkur á að hægt sé að fá herra verð fyrir framleiðsluna.

Tyrfnar og vandlesnar leiðbeiningar

Matvælastofnun hefur útbúið leiðbeiningar á grundvelli reglugerðarinnar, um helstu skilyrði vegna slátrunar og stykkjunarskrokka. Pétur segir að leiðbeiningarnar séu tyrfnar og vandlesnar – og bendir á að ekki séu sérstakar upplýsingar eða viðeigandi vefsíða fyrir umsóknarferli að starfsleyfi slátruhúsanna sem reglugerðin

fjalli um, né umsóknarform. „Við erum búin að vera í samtali við ráðuneytið í tæpt ár út af þessu. Fyrst var tilraunaverkefnið sl. haust, sem tókst í alla staði vel. Það sem tókst minna vel er auðvelt að laga og þar sem þekkingu skorti er auðvelt úr að bæta. Til dæmis hefði vel verið hægt að laga hnökranu sem voru í heilbrigðisskoðun með fjarfundarbúnaði, þeir voru bara tæknilegs eðlis. Ferlið með slíku fyrirkomulagi hefði getað orðið mun þægilegra fyrir bændur.“

Alltaf var lagt upp með það að gefa út reglugerð sem heimilaði starfsemina, einfaldar og skýrar reglur. Þannig gætu bændur slátrað fyrir nær- og heimamarkað. Þannig fengið meira af virðisdeðjunni, minnkað kolefnisspor og bætt dýravelferð í flutningum slátrugripa.

Svo kom bara eitthvað allt annað. Það þarf starfsleyfi, sem allir telja eðlilegt. En að það starfsleyfi veiti aðgang að öllum innri markaði EES var aldrei boðið um og fullkominn óþarfi.

Við fögnuðum mjög þegar reglugerð 500/2021 var auglýst, en brosið var fljótt að fara þegar við kynntum okkur innihaldið í þaula,“ segir Pétur. /smh

Samningur um gerð íslensks búvöumerkis:

Búvöumerki sem skapa landbúnaðinum sérstöðu

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Bændasamtök Íslands hafa á grundvelli endurskoðaðs rammasamnings um starfskilyrði landbúnaðarins gert með sér samning um gerð búvöumerkis.

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra undirritaði í gær samning við Bændasamtök Íslands um gerð íslensks búvöumerkis. Um er að ræða nýtt valfrjálst upprunamerki fyrir íslenskar landbúnaðarvörur. Því er ætlað að afmarka með skýrari hætti innlenda landbúnaðarframleiðslu á heimamarkaði og bæta þar með upplýsingagjöf til neytenda.

Í samningnum segir að búvöumerki fyrir íslenskan landbúnað sé ætlað að skapa landbúnaðinum sérstöðu með gæðavitund og dýravelferð að leiðarljósi. Búvöumerkinu er ætlað að auka verðmætasköpun hjá þeim sem starfa í íslenskum landbúnaði og nýta sem best tækifærin sem felast innan atvinnugreinarinnar í þágu bænda, neytenda og samfélagsins alls.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, sagði í tilefni af undirritun samningsins að „við framleiðslu íslenskra landbúnaðarafurða er nauðsynlegt að merkingar fyrir neytendur séu skýrar. Með þessu samkomulagi um búvöumerki sem undirritað er í dag er lagður grunnur að uppbyggingu og innleiðingu á merki sem nýtast mun öllum framleiðendum íslenskra afurða. Þar horfum við til smásölu og ekki síður í mótuneytum og veitingastöðum svo neytandinn gangi að því vísu að um íslenska framleiðslu sé að ræða. Eitt af grundvallaratriðum er að merkið byggi á traustum grunni svo neytendur verði aldrei í vafa um að um íslenska framleiðslu er að ræða. Við munum leita í smíðjur nágretta okkar um regluverk og skilyrði með notkun merkisins.“

Um samningsverkefnið

Í endurskoðuðum rammasamningi á milli ríkis og BÍ um almenn



Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, við undirritun samnings um íslenskt búvöumerki í gærmorgun, 26. maí.

starfskilyrði landbúnaðarins er kveðið á um útfærslu á sérstöku búvöumerki fyrir íslenskar búvörur. Í samningnum kemur fram að ár hvert renni fjármunir til Bændasamtakanna sem meðal annars er ætlað að kosta verkefni um útfærslu og gerð búvöumerkis fyrir íslenskar búvörur.

Verkefnið verður unnið samkvæmt verkáætlun sem felur í sér forvinnu, tilboðsgerð, samningsgerð, verktíma og undirbúning að kynningu merkisins.

Bændasamtökin munu sjá um útfærslu og gerð búvöumerkis og skulu samtökin skila sundurliðaðri verk- og fjárhagsáætlun vegna verkefnisins til ráðuneytisins eigi síðar en 30. júní 2021 og svo fyrir 1. mars ár hvert á gildistíma samningsins. Þá skulu samtökin veita ráðuneytinu upplýsingar um framgang verkefnisins þegar þess er óskað. Bændasamtök Íslands skulu annast kynningu og útgáfu búvöumerkis fyrir lok árs 2021 og rekstur þess í framhaldinu.

Samtökin munu einnig gefa út gæðahandbók fyrir notkun búvöumerkisins. Notkun þess skal vera í samræmi við lög og reglugerðir um dýravelferð og góðan aðbúnað dýra. Í leyfissamningnum um notkun búvöumerkisins skal kveða á um eftirlit með notkun merkisins og viðurlög við óréttmætri notkun.

Skráning búvöumerkis og eign

Búvöumerkið er í eigu Bændasamtaka Íslands sem heldur utan um skráningu, vernd og notkun vöumerkisins og tryggir að það sé nýtt í tengslum við sölu og markaðssetningu íslenskra afurða.

Bændasamtök Íslands sækja um skráningu vöumerkisins á Íslandi og áframhaldandi endurnýjunar á skráningu á 10 ára fresti. Hið skráða búvöumerki veitir eiganda þess einkarétt til að nota merkið hér á landi. Bændasamtökin gera skriflega leyfissamninga um notkun merkisins við leyfishafa og hafa eftirlit með notkun. Gjald er tekið fyrir notkun merkisins samkvæmt gjaldskrá.

Bændasamtökum Íslands er heimilt að skrá búvöumerkið hjá Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) eða í öðrum löndum þar sem íslenskar afurðir verða á markaði. Bændasamtökunum er með öllu óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum, hvort sem er að hluta eða öllu leyti. Þó er samtökunum heimilt að leita samstarfs annarra félagsamtaka, forsvarsmanna verslunarinnar og/eða fyrirtækja í landbúnaði um búvöumerki. Skulu samtökin upplýsa ráðuneytið um nánari útfærslu samstarfs og hugsanlega samstarfsaðila. /VH



Aukabúnaðarþing verður haldið fimmtudaginn 10. júní

Í kjölfar Búnaðarþings þann 23. mars síðastliðinn var boðað til aukabúnaðarþings sem haldið verður fimmtudaginn 10. júní næstkomandi þar sem jafnframt var tilkynnt um eitt mál á dagskrá – breytingar á félagskerfi bænda. Aukabúnaðarþing fer því fram þann 10. júní frá kl. 09.00-12.00.

Fundurinn verður haldinn í fjarfundarformi. Dagskrá aukabúnaðarþings og mál á dagskrá samkvæmt tillögu stjórnar eru svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar frá síðasta Búnaðarþingi og framtíðarhorfur
2. Félagskerfi bænda.

ÚRVAL ÚTSÝN

ÚRVALSFÓLK 60+ SKEMMTU ÞÉR MEÐ HEIÐARI Á BENDIRORM



GIST Á GRAN HOTEL BALI 4* MEÐ HÁLFU FÆÐI 02. - 16. SEPTEMBER 02. - 20. SEPTEMBER VERÐ FRÁ 189.900 KR. Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á UU.IS

Frelsi

... TIL AÐ VAXA MEÐ NÁTTÚRUNNI



UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ.

**SNÚÐU VAXANDI
ÁSKORUNUM Í
UMHVERFISMÁLUM OG
MATVÆLAFRAMLEIÐSLU
ÞÉR Í VIL**

Nýting náttúrunnar, verndun hennar og viðhald er mál sem snertir okkur öll og með nýrri þekkingu og frumkvöðlastarfi má gera hlutina á arðbæran hátt. Nám við Lbhí er tilvalið fyrir þá sem hafa áhuga á náttúru Íslands, umhverfismálum, sjálfbærni, búvísindum, skipulagi, hönnun og matvælaframleiðslu. Náttúran er einstök.



BÚFRÆÐI



GARÐYRKJA



BÚVÍSINDI



SKÓGFRÆÐI



NÁTTÚRU- OG
UMHVERFISFRÆÐI



LANDSLAGS-
ARKITEKTUR



HESTAFRÆÐI



SKIPULAGSFRÆÐI



FRAMHALDSNÁM
& RANNSÓKNIR

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvönnu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Erla Hjörðís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Flottust í heimi

Það er ekki laust við að það fari kjánahrollur um menn þegar hlustað er á afrek Íslendinga í umhverfismálum og viðbrögð stjórnmalamanna við þeim. Það er nánast sama hvert lítið er, alls staðar blasir við botnlaus vandræðagangur sem leysa á með þeim glimmerlausnum sem þykja vænlegastar til vinsælda á Facebook, Twitter, LinkedIn og hvað það nú allt heitir.

Það hefur ekki farið framhjá neinum sú ofuráhersla sem stjórnmalamenn hafa lagt á að draga úr losun kolefnis út í andrúmsloftið. Í sjálfu sér er það bara hið besta mál ef menn notuðu það mál ekki endaláust til að hossa sér á fólkskum forsendum.

Reynt hefur verið að ná samkomulagi í loftslagsmálum á alþjóðvetvangi en gengið ærið misjafnlega. Helsta niðurstaðan er gjarnan að menn nái að sameinast um að berja á eigendum einkabíla fyrir sóðaskapinn. Stóru málunum, sem felast í losun frá þungaiðnaði og orkuframleiðslu, er þá alltaf sópað undir teppið.

Innleiðing rafknúinna ökutækja ætti að öllu eðlilegu að vera sú lausn sem hentaði Íslendingum best í umræðunni um orkuskipti í samgöngum. Þar hefur þó verið bent á alvarlega vankanta sem felast í rafhlöðunum sem notaðar eru. Þá er förgun þeirra í miklum ólestri. Vegna þessa m.a. eru helstu stórbjóðir heims komnar í kapphlaup um vetnisvæðingu í iðnaði og samgöngum. Inn í þá hringiðu er Ísland að dragast sem gæti vissulega orðið til góðs ef rétt er á spöðum haldið. Það snýst ekki síst um hvort íslenska þjóðin muni sem heild njóta góðs af þeirri auðlind sem raforkan er eða ekki. Miðað við forsöguna í meðferð Alþingis þarf svo sem ekki að búast við góðu í þeim efnum.

Í skólpáttum skila náttúruverndar-yfirvöld á Íslandi algjörlega auðu blaði. Á sama tíma og hreinleika landsins er hampað og milljarðar lagðir í slíkan áróður um allan heim, er eitt stórt núll á spurningalistanum um áform um meiri metnað í frænnismálum. Samt reyna menn að hossa sér á afrekum í byggingu fyrsta stigs dælustöðva sem hlegið er að í flestum öðrum löndum.

Þá eru það sorpmálin, er bara ekki allt í lagi þar? – Stutta og líklega eina svarið er NEI. Í áratugi hafa menn verið að væflast með sorpmálin sem hafa verið til vandræða um allt land. Í mörg ár hafa menn losað sig við stærsta vandann með því að grafa sorpið í jörðu á Álfsnesi, við Akureyri og nú við Blönduós og víðar. Alvöru lausnir í líkingu við það sem aðrar þjóðir gera með byggingu sorporkustöðva hefur ekki mátt fara í vegna pólitísku rétttrúnaðar. Aðgerðarleysi í uppbyggingu sorpbrennslustöðva á Íslandi er nú að koma í bakið á mönnum.

Ljóst er að á árinu 2023 verður endanlega lokað fyrir urðun sorps í Álfsnesi, sem tekur við stærstum hluta sorps af landinu. Bendir þá flest til þess að þá hefjist stórfelldur útflutningur á sorpi, eða allt þar til byggð hefur verið ný hátæknisorporkustöð á Íslandi.

Samband íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir vefundi mánudaginn 11. janúar um hátæknibrennslu sem framtíðarlausn. Þar kom fram að nú er ekki lengur neinn tími eftir til að velta vöngum yfir hvað skuli taka til bragðs. Tímaglasíð er þegar tómt að mati flestra sem fluttu erindi á fundinum. Því þarf án tafar að taka ákvarðanir um næstu skref varðandi byggingu sorporkustöðvar fyrir um 100 þúsund tonn af sorpi á ári. Slíkt verkefni tekur 6–8 ár í framkvæmd. Nú eru bráðum liðnir fimm mánuðir frá þessum fundi og lítið heyrst af aðgerðum. – Já, en við erum nú samt flottust í heimi í umhverfismálunum – er það ekki? /HKr.

Áfram veginn til móts við framtíðina

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Aukabúnaðarþing er núna á næsta leiti en það verður haldið þann 10. júní næstkomandi og mun þingið fara fram á fjarfundarformi. Mörg búgreinafélög hafa haldið sína aðalfundi og samþykkt að ganga til liðs við öflug heildarsamtök bænda á meðan önnur búgreinafélög munu halda sína aðalfundi meðfram haustinu.

Með breytingum á núverandi félagskerfi er lagt til að bændur hafi beina sjálfstæða aðild að Bændasamtökum Íslands, en aðild þeirra sé ekki í gegnum mismunandi aðildarfélög eins og nú er í flestum tilvikum. Enn fremur er lagt til að búgreinafélögin sameinist Bændasamtökunum og þannig megi samþætta starfsemina betur og auka þannig hagkvæmni, skilvirkni og slagkraft samtakanna.

Mikilvægir áhersluþættir og verkefni BÍ til næstu ára

Eftir sameiningu verða Bændasamtök Íslands byggð upp af deildum búgreina. Búnaðarsamböndin verða áfram aðildarfélög BÍ með skilgreind hlutverk, auk þriggja annarra félaga sem ganga þvert á búgreinar sem eru Beint frá býli, VOR (samtök bænda í lífrænum landbúnaði) og Samtök ungra bænda. Við sameiningu falla niður bein félagsgjöld til núverandi búgreinafélaga og bændur hafa þannig allir beina aðild að einu sameiginlegu deildaskiptu og öflugu hagsmunafélagi.

En núna megum við hvergi hvika. Við stefnum ótraud á einföldun á umfangsmiklu félagskerfi bænda í því augnamiði að styrkja starfsemi samtakanna. Við þurfum núna að auka sýnileika og ásýnd landbúnaðarins með fræðslu. Bændasamtök Íslands eiga að vera



Frá Búnaðarþingi í Súlnasal Hótel Sögu í mars 2021.

Mynd / HKr.

leiðandi afl í upplýstri umræðu um landbúnað. Sýna þarf fram á sérstöðu íslenskrar framleiðslu með gæðavitund og umhverfismál í huga og efla þarf rannsóknir, nýsköpun og menntun á sviði landbúnaðar. En við þurfum fyrst og síðast að efla tengingu við grasrótina og þetta raðir og tengsl bænda.

Hver verður framtíðarsýn íslensks landbúnaðar?

Við sem störfum innan atvinnugreinarinnar ætlum að vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum með áherslu á nýsköpun, vörubrúun og verðmætasköpun. Við þurfum að móta framtíðarstefnu íslensks landbúnaðar með okkar félagsmönnum sem byggir á viðhorfi neytenda og aðkomu stjórnvalda að íslenskum landbúnaði. Við þurfum að huga að framtíðum í tækni á sviði

búskapar, breyttra húsakosta og bættem aðbúnaði búfjár.

Hjá Bændasamtökunum starfar einvalalið starfsmanna sem er sofandi og vakandi yfir hagsmunum atvinnugreinarinnar. Á síðustu vikum og mánuðum höfum við eftt samskiptin við hið opinbera, félagasamtök, sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir svo um munar. Við höfum beitt okkur fyrir hagsmunum einstakra búgreina og átt frumkvæði að því að ná samtali við stjórnvöld um breytingar á starfsskilyrðum landbúnaðarins. Við höfum einnig hafið kynningarherferð á nýsamfélagsmiðlum undir yfirskriftinni Hvað höfum við gert? þar sem kynnt er aðkoma og áætlanir einstakra búgreina í umhverfis- og loftslagsmálum. Það er mikil upplifun að sjá ys og þys á 3. hæð Bændahallarinnar og færi ég starfsfólki þar allar mínar bestu þakkar fyrir vel unnin störf undir miklu álagi síðustu mánaða.



ÍSLAND ER LAND ÞITT



Námafjall og umhverfi er háhitasvæði sem liggur um sprungurein sem nær norðan úr Öxarfirði gegnum eldstöðina Kröflu og suður fyrir Hverfell. Þjóðvegurinn milli Mývatns og Austurlands liggur um Námaskarð rétt austan Bjarnarflags milli Dalfalls og Námafjalls. Fyrr á öldum var mikið brennisteinsnám við Námafjall en á miðöldum var brennisteinninn notaður í púður. Danakonungur eignaðist námurnar árið 1563. Þær voru nýttar af og til fram á miðja 19. öld. Verksmiðja til að vinna brennistein var reist í Bjarnarflagi árið 1939 og starfaði í nokkur ár. Mynd / Hörður Kristjánsson



Bjarni Reykjalin Magnússon, fyrrverandi hreppstjóri í Grímsey, hefur farið á bjarg frá því hann var 13 ára gamall árið 1943. Hann fór síðast í fyrra, rétt að verða níraður.

Myndir / Anna María Sigvaldadóttir og fleiri.

Bjargsig í Grímsey hefur gengið þokkalega

– Milt veður en lítill lofthiti

Bjargsig í Grímsey hefur gengið þokkalega það sem af er vori. Þrjú siggengi eru í eygni. Helst hefur hamlað að fara undir bjarg í stóra urð sem þar er því sjór hefur verið frekar þungur og því erfitt að fara sjóleið að ná í egg, að sögn Önnu Maríu Sigvaldadóttur í Grímsey, sem hefur ásamt öðrum verið við bjargsig nú í maí.

„Gjá er til staðar sem hægt er að fara niður í en hún hefur orðið æ hættulegri með árunum. „Það er stór steinn í henni miðri sem maður veit aldrei hvenær fer niður, það hefur eitthvað hrunið úr gjánni í vetur,“ segir Anna María.

Veðurfar í Grímsey í vor hefur verið fremur milt og gott, en lofthiti einungs náð frá 0 og upp í 3 gráður. „Sólin hefur aðeins náð að hita upp,“ segir Anna María þannig að bjargsigfólkið hefur fengið á sig örlítinn lit. Engin úrkoma hefur verið, utan smá el einn daginn fyrir skemmstu.

Fór níraður í bjargið í fyrra

Einn þeirra sem leit við og fylgdist með bjargsigi á dögnum var Bjarni Magnússon, fyrrverandi hreppstjóri og tengdafaðir Önnu Maríu. Hann hefur farið á bjarg frá því hann var 13 ára gamall, árið 1943. Það ár fékk hann hlut af eggjum á bjargi við að teyma hest sem notaður var við að draga manninn upp úr bjarginu. Í þá daga var hestur á við þrjú menn. Mikið hefur breyst frá þessum tíma, en yfirleitt eru nú þrjú menn í hverju gengi og nota þeir traktor til að draga sig upp. Bjarni fór síðast í bjarg í fyrravor, þá rétt að verða níraður. Hann lét sér að mestu nægja að fylgjast með nú í vor og lét sig hafa það að draga sigmanninn upp.

/MPÞ



Bjarni Reykjalin Magnússon á leið niður í bjarg að sækja egg.

Bjarni á leið upp í traktorinn.



Hinn knái Hinrik Ólason heldur í trássuna. Magnús Bjarnason er á brúninni að hjálpa sigmanni með stokkinn og festa hann.



Anna María Sigvaldasóttir heldur í trássuna, sonur hennar var niðri í bjarginu og heyrðist hrópa: Gefa, mamma. Það hafði gamli hreppstjórinn aldrei heyrt áður.

MÆLT AF MUNNI FRAM

274

Það voru eilítill ástarhót í síðasta vísnaþætti. Höldum okkur um stund á þeim slóðum. Gísli Jónsson, menntaskólakennari frá Hofi, orti til féлага síns:

*Sjái hann vín og laufalín
lyftast brýn á gripnum.
Eins og svín þá Hallur hrín,
hungrið skín úr svipnum.*

*Síst eru fýsnum settar skorður,
seint mun lægja girndarbrímann,
enda fór hann ólmur norður
akkúrat um fengitímann.*

Margt ástleitíð hafa hagyrðingar ort um daga sína. Höskuldur Einarsson frá Finnsstöðum, síðar Vatnshorni, orti lítið í þeim anda. Sú tvíraðasta sem ég man til er þessi vísa sem er að finna í bréfi til Björns á Snartastöðum:

*Afar feginn ákaft sté,
engri beygju haldinn.
Aðalveginn upp með hné
undir meyarjaldinn.*

Faðir Höskuldar, Einar Árnason frá Finnsstöðum, orti hins vegar ótal ástarvísur til konu sinnar Kristjönu:

*Ást mín hefur aldrei kunnað
eigra þar og hér.
Konu hef ég aldrei unnað
annarri en þér.*

Fyrst komið er kvæði til Köldukinnar, er viðeigandi að birta nokkrar af vísu Kristins Árnasonar, bróður Einars. Kristinn bjó nánast alla ævi á Finnsstöðum en síðar á Hjaltastöðum í skjóli bróðursonar síns, Hjalta Kristjánssonar og Sigurlaugar Hermannsdóttur bænda þar. Kristinn var fæddur á Finnsstöðum 19. ágúst 1892, en látinn á Kristneshæli 5. desember 1972. Úr skjalasafni birtast hér nokkrar af vísu Kristins, hugsanlega einhverjar áður birtar, en svo vel gerðar að engan sakar aftur að lesa. Kristinn hélt mikið upp á gráu gæðingana sína:

*Þó ég dáinn Drottmi hjá
dvölinna fái besta,
mun ég þrá að mega sjá
mína gráu hesta.*

*Dimmt er yfir dögnum
dapurt út að líta,
horfið er úr högunum
hestagullið hvíta.*

Meðan Kristinn hélt matarlyst, var skyrhræringur með súru slátri í uppáhaldi. Í minni heimasveit gegndi þessi fæða nafninu „væta“. Þó nokkrar vísur eftir Kristin útleikar hann þessari kóngafæðu:

*Þó eilífðin sé yndisleg
og eflaust svo mér líki,
væta og slátur vildi ég
að væri í himnaríki.*

*Gengur að mér grátur
gjarnan vildi ég slátur- kátur,
víst er góð hér vistin
villt er matarlystin- í Kristin.*

Kristinn var mjög fylgispakur Kaupfélagi Þingeyinga. Þar átti hann öll sín viðskipti, enda afurðir búans allar lagðar þar inn. Fjöldi bréfa skrifuð gjaldkera félagsins er að finna í bréfasafni Kristins:

*Hefur ekki í heitingum,
hjörðin fylgir sauðnum,
bólvar öllum breytingum
Benedikt á Auðnum.*

Eins og gekk í þann tíma, þá átti Kristinn sem var einhleypur vinnumaður á búi bróður síns á Finnsstöðum, nokkrar ær og innlegg frá þeim. Einhverju sinni að hausti orti Kristinn:

*Þó að mér sé þörfin brýn
þekki ég líka efann,
þegar litlu lömbin mín
leiði í banaklefan.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com



FRÉTTIR

Nemar í Háskólanum í Reykjavík:

Kynntu hugmynd um vefrænan söluvettvang fyrir hross

„Okkur fannst vanta söluvettvang þar sem væri að finna alla skráða íslenska hesta sem eru til sölu á hverjum tíma. Slikur vettvangur auðveldar viðskipti með hross töluvert og er í raun löngu tímabært að bjóða upp á hann,“ segir Védís Ingvarsdóttir, nemi í Háskólanum í Reykjavík. Hún ásamt félögum sínum í áfanganum Nýsköpun og stofnun fyrirtækja, þeim Steini Örvari Bjarnasyni, Kristínu Bragadóttur, Ásdísi Vignisdóttur og Arnari Páli Sigurðssyni, kynntu á dögunum verkefni sitt sem snerist um að búa til vefrænan söluvettvang fyrir hross.

Védís segir að hugmyndin sé að stofna einfaldan og öruggan söluvettvang fyrir hvern þann sem vill kaupa eða selja hest. Viðskipti með hesta fara iðulega fram í gegnum tengslanet þeirra sem ymist vilja kaupa eða selja og/eða í gegnum síður á vefnum og/eða á Facebook. Með því að búa til forrit þar sem allir þeir íslensku hestar sem eru til sölu væru á einum og sama staðnum auðveldaði það þeim sem væru að stíga fyrstu skref sín í hestamennskunni og hefðu ekki nein tengsl inn í hestaheiminn að skoða hvað væri í boði.

Samskiptavefur sem tengir kaupendur og seljendur

„Við sjáum fyrir okkur að kaupandi búi sér til aðgang, skrái sig inn og

fái aðgang að leitarvél. Hann getur valið þá eiginleika sem hann leitar að og fær þá upp þá hesta sem passa við það sem hann leitar að. Kaupandinn getur haft samband við seljandann og þeir rætt málið áfram en okkar hugsun er að hægt verði að ganga frá viðskiptunum í forritinu, þar verði t.d. sölusamningur og annað sem þarf,“ segir Védís. Hver seljandi getur útbúið svæði fyrir sig og skráð þá hesta sem hann vill selja þar inn með ítarlegum upplýsingum um hvern og einn og verð þeirra.

Védís segir að hugmynd háskólanemanna sé að búa til samskiptavef sem tengi notendur, bæði kaupendur og seljendur, saman. Þær síður sem fyrir eru takmarkast á stundum við ákveðin hrossaræktarbuð og á Facebook-síðum séu oft takmarkaðar upplýsingar um hrossin. Þeirra sýn er að ná inn öllum þeim íslensku hrossum sem eru á sölumarkaði saman á einn stað og að þar verði að finna gagnlegar upplýsingar um hvert og eitt þeirra.

Mikill áhugi fyri íslenska hestinum

Hún nefnir að áhugi sé mikill fyrir íslenska hestinum, bæði hér heima og eins víða um heim, en íslenska hestinn er að finna í 22 löndum. Um 250 þúsund íslenskir hestar eru skráðir á alþjóðavettvangi og vel yfir 300 þúsund manns hafa sýnt honum áhuga.



Kristína Bragadóttir, Arnar Páll Sigurðsson og Védís Sigríður Ingvarsdóttir kynntu verkefni í áfanganum Nýsköpun og stofnun fyrirtækja við Háskólann í Reykjavík, en það snerist um að búa til vefrænan söluvettvang fyrir hross. Með þeim í hóp voru þau Steinn Örvar Bjarnason og Ásdís Vignisdóttir en þau vantar á myndina.

„Appið er fyrir alla sem vilja kaupa eða selja hest, en ekki síst horfum við til þess að þeir sem eru að byrja geti nýtt sér það, farið inn, leitað og kannað hvort þeir finni draumahestinn,“ segir Védís.

Nemarnir hafa kynnt verkefni sitt og næstu skref eru að sögn

Védísar að koma ferlinu í gang. Eitt þeirra er að fá samstarf við Worldfeng, sem yrði mikilvægasti samstarfsaðilinn, og eins þarf að búa til appið og koma því í notkun meðal viðskiptavina. Framtíðarsýnin er svo að koma því í gagnið á alþjóðavettvangi,

en einkum sé horft til markaðar í Þýskalandi þar sem langflestir íslenskir hestar eru.

„Þetta er enn þá hugmynd, en mér finnst hún áhugaverð og er meira en til í að gera hana að veruleika ef áhugi er fyrir hendi,“ segir Védís. /MPP



Horft til Heklu.

Mynd / HKR.

Rangárþing ytra:

Tekur þátt í endurheimt skógarlandslags samkvæmt „Bonn-áskoruninni“

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að taka vel í þátt-töku í verkefni um endurheimt skógarlandslags í anda svokallaðrar „Bonn-áskorunar“.

Landsvæði sem teljast til Heklusköga eru að stórum hluta innan sveitarfélagsins og fellur það verkefni algjörlega að markmiðum Bonn-áskorunarinnar. Sveitarstjórn vísar því til Hekluskögaverkefnisins, sem gríðarlega mikilvægs framtaks til endurheimtar skógarlandslags á Íslandi. „Bonn-áskorunin“ er

alþjóðlegt átak um útbreiðslu eða endurheimt skóga á stórum samfelldum svæðum eða landslagsheildum og er skipulagt af alþjóðlegu náttúruverndarsamtökunum IUCN í samstarfi við fleiri aðila. Stjórnvöld hafa sett Íslandi það markmið innan „Bonn-áskorunarinnar“ að auka verulega þekju birkiskóga og birkikjarrs en hún er nú 1,5% af flatarmáli landsins. Það er Skógræktin og Landgræðslan, sem eru í forsvari fyrir „Bonn-áskorunina.“ /MHH



Unnið í Saltverki á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Mynd / Saltverk

Starfsemi Saltverks á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp:

Íslenskt salt í sókn á Bandaríkjamarkaði

Á tíu ára afmæli fyrirtækisins Saltverk hefur verið tekin ákvörðun um að efla markaðsstarf í Bandaríkjunum til muna. Fyrsta skrefið í þeirri sókn er átak undir merkjunum „A pinch of Iceland“ og verður herferðin gangsett og keyrð upp í fulla ferð á næstu vikum.

„Saltsalan hefur verið á hægri en stöðugri uppleið í Bandaríkjunum en síðan hefur orðið algjör sprenging upp á síðkastið,“ segir Björn Steinar Jónsson, einn stofnenda Saltverks og bætir við: „Það hefur gefið okkur tækifæri til þess að bæta þjónustuna og stytta sendingartíma ásamt svigrúmi til að framleiða nýtt markaðsefni til þess að kynna okkur fyrir fleirum.“

Danmörk og Bandaríkin

Á þeim tíu árum sem liðin eru frá stofnun Saltverks hefur mikið vatn

runnið til sjávar og mikið salt verið hægt í sakirni í stækkun sinni en lagt áherslu á stöðuga uppbyggingu sem nú er að skila sér. Markmiðið var frá upphafi sett út fyrir landsteinana, fyrst með sölu til Danmerkur og síðan árið 2015 einnig til Bandaríkjanna. Þar verður róðurinn hertur til muna á næstu mánuðum og misserum.

„Það var lyklatríði í vinnslu herferðarinnar að segja satt og rétt frá,“ heldur Björn Steinar áfram. „Leggja áherslu á uppruna vörunnar frá Vestfjörðum og hvorki fela né fegra framleiðsluferlið. Þetta er íslensk vara unnin í íslenski náttúru en það sem er mikill kostur við íslenskt matvæli er að fólk getur treyst því að varan sé hrein og í lagi. Vörur sem koma frá Íslandi hafa þann góða stimpil á sér og það ber að þakka forverum okkar í matvælaíðnaði sem hafa byggt

upp vörumerkið Ísland í mörg ár á erlendum markaði. Við höfum grundvallað sölnu á gæðum. Við fórum í samstarf við afbragðsgóða kokka og seldum saltið til sumra bestu veitingastaða í heimi eins og t.d. Noma í Danmörku. Það varð til þess að fólk treysti vörunni og keypti hana til heimabruks,“ segir Björn Steinar og bætir við að nú þegar þeir viti sjálfir hversu mikla gæðavöru þeir hafa í höndunum þá sé þeirra stærsta verkefni fram undan að fjölga þeim sem þekkja merkið og vöruna í Bandaríkjunum. Þetta kemur m.a. fram í fréttatilkynningu frá Saltverki en á meðfylgjandi slóð <https://fb.watch/5ufVJLfnAc/> má sjá burðarbita herferðarinnar en það er tveggja mínútna langt myndband sem tekið var upp fyrir á þessu ári á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp þar sem Saltverk vinnur vörur sínar. Myndbandið var framleitt fyrir bandarískan markað. /MHH

Twenty One

FLUGNAEITUR

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt

Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
Verulunon Eyri
Vélaval

STREYMI

heildverslun

Streymi heildverslun ehf. S 588 2544
Goðanesi 4 N streymi@streymi.is
603 Akureyri V www.streymi.is

Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu Fjarðarkaupum og Nettó Ókeypis heimsending af www.eylif.is



Ólafía Ingólfssdóttir

Ólafía er 69 ára og starfaði sem rekstrarstjóri á N1 á Hvolsvelli. „Ég vann langar vaktir, var mikið á ferðinni og var orðin mjög slæm í hnénu að ég tók stundum hátt í 10 verkjatöflur á dag og svaf mjög slitrótt vegna verkja. Ég var á leiðinni í hnélskipti þegar ég byrjaði að taka Active JOINTS síðasta sumar. Ég sá auglýsingu með Active JOINTS frá Eylíf og hugsaði með mér ég hef engu að tapa og ákvað að prófa vöruna.

Það var alveg ótrúlega góður árangur sem ég fann fljótlega eða eftir ca 2-3 vikur. Í september þá var ég farin að sofa betur og var orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur alla daga.

Ég finn svo mikinn mun á mér, mér líður svo miklu betur, ég hef miklu meiri liðleika sem eru mikil lífsgæði fyrir mig. Núna fer ég í jóga og get gert allar æfingar sem ég gat aldrei gert áður. Mér finnst orðið svo auðvelt að hreyfa mig og núna get ég gengið um allt án vandræða, sem ég gat ekki gert áður“.

Svo er gaman að segja frá því að það eru tíu manns í kringum mig sem eru einnig að taka inn Active JOINTS og finna líka mikinn mun á sér líkamlega til hins betra.

Þetta er það allra besta bætiefni sem ég hef tekið inn. Ég mæli 100% með Active JOINTS frá Eylíf.

Þar sem ég hef fulla trú á virkni íslensku efnanna þá er einnig byrjuð að taka inn Smoother SKIN & HAIR frá Eylíf og finn strax mun á hárinu því ég var búin að glíma við hárlos, finn einnig mun á húðinni og nöglum.

Ég mæli 100% með vörunum frá Eylíf.



Guðrún Sigríður Jakobsdóttir

Ég byrjaði fyrir nokkrum mánuðum að taka inn Active JOINTS en ég var búin að prófa ýmis fæðubótaefni fyrir liði vegna eymsla í hnjám. Eftir aðeins einn mánuð, fann ég góðan mun á mér, bæði fann ég meiri orku og miklu meiri liðleika.

Eftir 2ja mánaða inntöku varð óvart hlé á inntöku í 2 vikur og fann ég þá hversu gott Active JOINTS hafði gert mér, því ég fór að finna aftur fyrir miklum óþægindum í hnjám og vöðvaþreytan í hálsi og herðum var fljót að gera vart við sig.

Eftir að ég byrjaði aftur að taka inn Active JOINTS þá tók það rúmlega viku þar til ég fór að finna aftur stóran mun á mér. Ég mun alveg pottþétt halda mér við Active JOINTS í framtíðinni.

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fjórar vörur, **Active JOINTS**, **Stronger BONES**, **Smoother SKIN & HAIR** og nýjasta varan er **Happier GUTS**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaeftum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbærar hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæðahráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra“ segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.

„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna, **Happier GUTS**“ segir Ólöf Rún.


Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungur frá Bíldudal
- Smáþörungur (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Hreint óerfðabreytt hráefni Íslensk framleiðsla

Heilsan er dýrmætust

Fæðubótaefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Þórdís S. Hannesdóttir

Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** frá Eylíf því það hefur reynst mér mjög vel.

Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og hef verið að prófa ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna en var bara hætt að hugsa um þetta því ekkert virtist koma að gagni og ég hugsaði bara „ég er bara svona og lítið við því að gera“.

Ég var svo heppin að kynnast **Happier GUTS** nýlega eftir ábendingu um að þetta virkaði vel, en ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum.

Ég ákvað ég að prófa **Happier GUTS** sem ég sé ekki eftir, því eftir ca 2ja mánaða notkun fann ég gríðalegan mun á mér, allt annað líf en áður.

Óþægindin sem ég áður hafði voru ekki lengur svo fann ég að öll almenn líðan var mjög góð bæði andleg sem líkamleg, mér líður betur.

Ég mun svo sannarlega halda áfram að taka inn þetta frábæra efni sem er unnið úr íslenskum gæðahráefnum og framleitt hér á landi.

Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** því það hefur hjálpað mér mjög mikið.

Nýjasta varan frá Eylíf er Happier GUTS sem inniheldur fjögur íslensk hráefni:

- **Kítósan** er unnið úr rækjuskel, sem eru náttúrulegar trefjar og hefur staðfesta virkni
- **Kalkþörungur** sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunni, margar rannsóknir staðfesta virkni þess.
- **GeoSilica kísillinn** sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni þess.
- **Fjallagrös** sem eru vel þekkt fyrir sína góðu áhrif í gegnum tíðina
- Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af meltingarensýmum, C vítamíni, krómi, jöði og sink.

Athugið að ekki má taka D vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða ca 2 klst á milli.



FRÉTTIR



Axel Sæland, nýr formaður Sambands garðyrkjubænda.

Mynd / Sigrún Hrafnhildur Pálsdóttir

Sambands garðyrkjubænda:

Axel Sæland kjörinn formaður

Aðalfundur Sambands garðyrkjubænda fór fram í Þykkvabæ fyrir skömmu og var Axel Sæland kjörinn formaður.

Á aðalfundinum var Axel Sæland kjörinn nýr formaður Sambandsins og tekur við keflinu af Gunnari Þorgeirssyni sem gegnt hefur formannsstarfinu frá 2015. Axel er þriðji ættliðurinn til að gegna formennsku í Sambandi garðyrkjubænda.

Á fundinum var samþykkt tillaga um að ganga til samstarfs við Bændasamtök Íslands um sameiginlegan rekstur á daglegri starfsemi og þjónustu við félagsmenn. Þá voru staðfestar nýjar samþykktir fyrir félagið.

Fyrir aðalfundinn hélt fráfarandi stjórn sinn síðasta fund og fór í stutta heimsókn til kartöfluræktenda, þar sem lítið var yfir viðáttumikla garða sem óðum fyllast nú af útsæði.

Þá vakti flokkunarvélina í Hrauki sérstaka athygli. Vélina sér um að stærðarflokka og taka frá kartöflur sem ekki standast gæðakröfur og byggir flokkunin á notkun myndavéltækni.

Aðrir í stjórn voru kjörnir Helga Ragna Pálsdóttir, Óskar Kristinnsson, Sigrún Hrafnhildur Pálsdóttir og Þórhallur Bjarnason. Í varastjórn voru kjörnir Óli Björn Finnsson og Ragna Sigurðardóttir. /NH

Akureyrarbær:

Rukkaði búfjárgjald án lagaheimildar

— Endurgreiða fyrir síðastliðin 4 ár

Akureyrarbær mun endurgreiða þeim sem haldið hafa skepnur í bæjarfélaginu undanfarin fjögur ár og greitt af þeim búfjárgjald. Bæjarráð ákvað fyrir skemmstu að endurgreiða búfjárgjöld sem rukkað hafa verið inn undanfarin fjögur ár.

Búfjárgjald er lagt á þá sem eru með skepnur, hross eða kindur svo dæmi sé tekið. Lög um búfjárgjald tóku breytingum árið 2013, m.a. á þann veg að tekin var upp rafræn skráning og hún fluttist yfir til Matvælastofnunar, MAST. Gjaldið er einmitt m.a. hugsað til að standa

straum af kostnaði við skráningu. Nú hefur komið í ljós að Akureyrarbær hefur rukkað búfjárgjaldið án lagaheimildar og því samþykktu allir fulltrúar bæjarráðs að greiða þeim til baka sem borgað hafa gjaldið síðastliðin fjögur ár. Þann tíma hefur gjaldið verið 3.200 krónur og er um að ræða eitt gjald á hvern þann sem heldur skepnur, sama hversu margar þær eru. Gjaldendur þetta tímabili eru á bilinu 170 til 190 þannig að heildarendurgreiðsla til þeirra nemur ríflega 2 milljónum króna. /MPÞ

GÖNGUBRÝR OG ÖRYGGISGIRÐINGAR



Wendel ehf

Tangarhöfða 1

551-5464

wendel.is

Ísland ljóstengt:

Hefur bylt forsendum búsetu og atvinnu í sveitum landsins

— Ríkið hefur lagt 3.350 milljónir króna til verkefnisins frá 2016

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, kynnti á dögnum árangur og samfélagslegan ávinning af landsátakinu „Ísland ljóstengt“ á kynningarfundum í ráðuneytinu.

Þar var einnig kynnt ný skýrsla um verkefnið, sem leiðir í ljós að betri fjarskiptatengingar hafa bætt lífsgæði íbúa á landsbyggðinni og aukið byggðafestu og atvinnuöryggi. Landsátakinu „Ísland ljóstengt“ lýkur á þessu ári, en síðustu styrktarsamningar Fjarskiptasjóðs við sveitarfélög um ljósleiðaraupbyggingu í dreifbýli utan markaðssvæða voru undirritaðir í lok síðasta mánaðar.

Alls hafa 57 sveitarfélög hlotið styrki til að tengja um 6.200 styrkhæfa staði með ljósleiðara frá því að verkefnið hófst árið 2016 en á þeim tíma hefur ríkið lagt 3.350



Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra þegar hann kynnti árangurinn af landsátakinu „Ísland ljóstengt“ á kynningarfundum í ráðuneytinu.

milljónir króna til verkefnisins. Í fréttatilkyngningu um verkefnið kemur fram að verkefnið hefur

staðist áætlanir um kostnað og tíma þrátt fyrir um 60% aukningu á umfangi. /MHH

Landbúnaðarstuðningur í ESB-ríkjum 1/3 af heildarfjárlögum:

Frakkland fær mest, eða 10 sinnum meira en Danmörk

— Bændur á Möltu fá þó langmest allra fyrir hvern hektara ræktaðs lands

Með árlegu framlagi upp á rúma 7 milljarða danskra króna skiptar Danmörk 14. sæti yfir þau lönd innan ESB sem fá mestan landbúnaðarstuðning frá ESB. Efst er Frakkland með nær 10 sinnum meiri stuðning en Danmörk.

Þetta eru tölur frá 2019 sem matvæla-, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið í Danmörku hefur kynnt og eru frá Eurostat.

Franskir bændur með tíu sinnum stærra land en þeir dönsku

Um leið og franskir bændur fá 10 sinnum meiri stuðning en Danir þá verður samt að geta þess að landbúnaðarland franskra bænda er líka meira en 10 sinnum stærra en land danskra bænda. Þá eru franskir bændur að fá örlítið minna greitt á hvern hektara en danskir kollegar þeirra.

Á hæla Frakklands í stuðningsgreiðslum fylgja lönd eins og Spánn, Þýskaland, Ítalía og Pólland. Þannig fá fimm efstu löndin um 60% af heildarfjárveitingunni sem nemur rúmlega 400 milljörðum króna. Þessi tala hefur farið hlutfallslega lækandi um árabíl og stendur nú undir þriðjung af heildarfjárlögum ESB. Á árinu 2007 námu niðurgreiðslur til landbúnaðar hjá Evrópusambandinu um helming fjárlaganna, að því er fram kemur í frétt Landbrugsavísen.

Bændur á Möltu fá langmest á hvern hektara

Tölurnar sýna einnig hvaða lönd fá mestan stuðning í krónum á hektara landbúnaðarlands. Þar er bæði um að ræða beinan stuðning, markaðsstuðning og stuðning vegna áætlunar um þróun landsbyggðar. Malta og Kýpur fá þó ekki mikinn stuðning samanlagt í krónum en talin fá langmestan stuðning fyrir hvern hektara ræktaðs lands. Þannig fá bændur Möltu 13.051 kr. á hektara sem er nærri fimm sinnum meira en danskir bændur fá. Bændur á Kýpur

Landbúnaðarstuðningur í ESB

	Heildar stuðningur í milljónum kr.	Stuðningur á hektara í Dkr.
1 Frakkland	70.230	2.525
2 Spánn	51.137	2.201
3 Þýskaland	51.137	2.808
4 Ítalía	42.878	3.404
5 Pólland	34.258	2.378
6 Rúmenía	22.555	1.804
7 Grikkland	20.376	4.475
8 Ungverjaland	13.317	2.851
9 Írland	11.234	2.300
10 Portúgal	10.085	2.769
11 Austurríki	9.532	3.571
12 Tjékkland	8.882	2.572
13 Búlgaría	8.518	1.906
14 Danmörk	7.332	2.805
15 Svíþjóð	7.068	2.346
16 Finnland	6.484	2.904
17 Holland	6.338	3.529
18 Litháen	5.331	1.823
19 Slóvakía	4.993	2.642
20 Belgía	4.850	3.582
21 Kóratía	4.244	2.716
22 Lettland	3.075	1.593
23 Slóvenía	1.952	3.998
24 Eistland	1.945	1.955
25 Kýpur	550	4.914
26 Lúxemborg	356	2.725
27 Malta	145	13.051

fá svo 4.914 kr. á hektara. Í þriðja sæti koma svo bændur í Grikklandi sem fá 4.475 krónur á hektara, en þeir eru í sjöunda sæti hvað heildarstuðningsgreiðslur varðar með tæplega 20,4 milljarða Dkr. Til samanburðar fá danskir bændur

2.800 danskir krónur á hektara af ræktaðu landi.

Við þetta má bæta að meðalbondi í Danmörku getur fengið beinan stuðning við land sitt upp á um 1.900 danskir krónur. Þar á meðal er það sem er kallað grænn stuðningur. /HK:



Landbúnaðarlestin Ræktum Ísland!

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer hringinn í kring um landið til að ræða **Ræktum Ísland!** umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Með í för verða þau **Björn Bjarnason** og **Hlédís H. Sveinsdóttir**, sem mynda verkefnastjórn um landbúnaðarstefnu.

- **VESTURLAND** | 1. júní kl.20:00 | Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri
- **ÍSAFJÖRÐUR** | 2. júní kl. 20:00 | Stjórnsýsluhúsið
- **BLÖNDUÓS** | 8. júní kl. 16:00 | Félagsheimilið Blönduósi
- **EYJAFJÖRÐUR** | 8. júní kl. 20:30 | Hlíðarbær
- **ÞISTILFJÖRÐUR** | 9. júní kl. 12:00 | Svalbarðsskóli
- **EGILSSTAÐIR** | 9. júní kl. 20:00 | Valaskjálf
- **HÖFN Í HORNAFIRÐI** | 10. júní kl. 12:00 | Nýheimar
- **SELFOSS** | 14. júní kl. 20:00 | Þingborg
- **HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ** | 15.júní kl. 20:00 | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

OPINN FJARFUNDUR 16. JÚNÍ KL. 12:00. SKRÁNING AUGLÝST SÍÐAR.

UMRÆÐUSKJALIÐ FINNUR ÞÚ Á WWW.ANR.IS

FUNDARGESTIR ERU BEÐNIR UM AÐ VERA MEÐ GRÍMUR OG HUGA AÐ
PERSÓNULEGUM SÓTTVÖRNUM



Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

FRÉTTIR

Skýrsla Landbúnaðarháskóla Íslands um afkomu sauðfjárþænda á Íslandi: Bætt afkoma gæti falist í lækkun framleiðslukostnaðar og hagræðingu hjá afurðastöðvum

– Hugmyndir um að auka hlut ferskra kjötafurða á markaði með lengingu á sláurtímabilinu

Skýrsla um afkomu sauðfjárþænda á Íslandi og leiðir til að bæta hana var kynnt á streymisfundum í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 19. maí. Í aðgerðaráætlun skýrslunnar kemur fram að tækifæri íslenskra sauðfjárþænda til betri afkomu felist í því að halda áfram að draga úr framleiðslukostnaði og svo eru tiltekna nokkrar leiðir til að hækka afurðaverð til bænda; til að mynda hagræðing í rekstri afurðastöðva, breytingu á framleiðsluferfinu og með því að koma á fót markaðsstöðugleikasjóði.


Í skýrslunni kemur fram að munurinn á skilaverði til íslenskra bænda og meðaltals í Evrópusambandinu sé um 350 krónur á kílóíð fyrir árið 2019, sé tekið tillit til hlutfalla dillakjöts og kjöts af fullorðnu í heildarframleiðslu og verðs á hvoru um sig.

Skýrslan var unnin af Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, en höfundar eru Jóhannes Sveinbjörnsson dósent og Daði Már Kristófersson aðstoðarrektror. Jóhannes kynnti skýrsluna.

Aðgerðaráætlun

Meðal hagræðingarúræða fyrir afurðastöðvarnar, til lækkunar á sláurkostnaði, er fækkun sláurhúsa og hagræðing í rekstri. Slík hagræðing gæti lækkað sláurkostnað um 70–100 krónur á kílóíð.

Geymslukostnaður, kostnaður við frýstingu og fjármagnskostnaður birgða, er metinn stærsti kostnaðarliðurinn á þeim mun sem er á afurðastöðvástigi hér og víðast hvar annars staðar, eða 100–170 krónur á kílóíð. Eina leiðin til að losna alveg við þennan kostnað er að selja allt kjöt ferskt, sem myndi fela í sér miklar breytingar á framleiðsluferfi sauðfjárþænda. Er lagt til að sá möguleiki verði skoðaður að dreifa slátrun nokkuð meira en nú er gert, til að ná fram raunverulegri hagræðingu hvað geymslukostnað varðar, einkum með því að auka við slátrun í ágúst og byrjun september. Ekki liggja fyrir mat á kostnaði sláurhúsaanna við lengri rekstrartíma, en á móti honum þyrfti að meta möguleikana sem felist í herra skilaverði fyrir ferskt kjöt en frosið. Skýrsluhöfundar meta sem svo



Meðalverð (kr./kg fallþungi) til bænda („farmgate price“) árið 2020 á „heavy lamb“ (>13 kg fallþungi) í ESB og einstökum aðildarlöndum þess (European Commission, 2021) og á dillakjöti á Íslandi skv. gögnum LS. Við umreikning fyrir í íslenskar krónur er notað meðalgengi evru árið 2020 skv. Seðlabanka Íslands.

að það sem eftir er af þessum mun á skilaverði sé hægt að rekja til óstöðugs gengis krónunnar, eða á bilinu 200–300 krónur á kílóíð. Bein áhrif á skilaverð bænda á árunum 2016–2020 er metið á 100–200 krónur á kílóíð og um þriðjungur til fjórðungur þess er vegna gengisáhrifa á útflutningshlutann, sem sauðfjarræktin á Íslandi hefur ekki mikil áhrif á. Áhrif gengissveiflna á kostnað við innflutt aðföng eru talin jafna út þau áhrif að einhverju leyti.

Þá eru eftir um 100 krónur á kílóíð sem eru rakin til áhrifa gengisþróunar krónunnar, auk annarra þátta á erlendum mörkuðum, á innanlandsmarkaðinn fyrir kindakjöt. Markaðsstöðugleikasjóði og tengdum aðgerðum er ætlað að vinna á þessu vandamáli. Hugmynd skýrsluhöfundar með slíkum sjóði er að draga úr óvissu framleiðenda varðandi verð og/eða önnur markaðsskilyrði. Gjald er lagt á alla framleiðslu sem síðan er ráðstafað til að stuðla að stöðugleika, til dæmis með markaðsstarfi eða með stuðningi við eftirspurnarhvetjandi aðgerðir.

Vegna þeirrar þröngu stöðu sem íslensk sauðfjarrækt er í, telja skýrsluhöfundar að nauðsynlegt sé að hið opinbera fjármagn sé sjóðinn að hluta í upphafi, til að tryggja að nægilegt fjármagn sé í sjóðnum til að losa framleiðendur út úr núverandi birgðastöðu. Sjóðurinn yrði í framhaldinu fjármagnaður af framlögum framleiðenda.



Beinar aðgerðir

Útlistaðar eru 12 beinar aðgerðir sem lagt er til að teknar verði inn í áætlunina til að efla afkomu sauðfjárþænda:

1. Hagtölusöfnun og afkomuvöktun sauðfjárþænda, samanber verkefni RML, þarf að festa varanlega í sessi og efla.
2. Strax þarf að huga að endurskoðun sauðfjársamnings og rammasamnings sem fara á fram árið 2023. Sviðsmyndagreiðing stuðningsforma á borð við þá sem kynnt er í skýrslunni mætti útfæra mun nánar og nýta við þá vinnu.
3. Átak í upplýsingasöfnun um

vinnuþáttinn á búunum og samspil sauðfjarræktarinnar við aðrar tekjuöflunarleiðir bænda væri mikilvæg undirstaða ákvarðana um fyrirkomulag bylisstuðnings, einnig til útreiknings á framleiðslukostnaði.

4. Átak (rannsóknir, leiðbeiningar) til að bæta nýtingu á upplýsingum um jarðrækt og fóduröflun mundi nýtast vel til að efla rekstur sauðfjárþænda og finna út hvernig landgreiðslum og jarðræktarstærkjum verði beitt með skynsamlegum hætti til að ýta undir hagkvæma fóduröflun og beit.
5. Halda þarf áfram að leita leiða til hagræðingar í afurðastöðvageiranum, með það að

- markmiði að efla markaðsstarf og hækka skilaverð til bænda.
6. Greina þarf möguleika á meiri slátrun í ágúst og fyrri hluta september, með þaki að markmiði að selja stærra hluta framleiðslunnar ferskan, bæði innanlands og ekki síður á erlendum mörkuðum. Niðurstöður eldri rannsókna má nýta ásamt því að gera nýjar í þessu skyni.
7. Ríkisstuðningur greiddur út á ull þarf áfram að fela í sér hvata til hámarks á ullargæðum, en einnig þarf að halda áfram að leita leiða til að auka verðmætasköpun úr verðminni ullarflokkunum.
8. Skráningu útfluttra kjötafurða eftir tollflokkum þarf að stórbæta. Slík vinna gæti farið saman við sambærilegar úrbætur varðandi innfluttar landbúnaðarafurðir.
9. Innanlandsvog taki í kjölfar slíkra úrbóta til nákvæmari sundurgreiningar eftir skrokkhlutum bæði af dillum og fullorðnu heldur en mögulegt er í dag.
10. Mælaborð landbúnaðarins verði notað til að halda utan um útflutning eftir skrokkhlutum í þessum tilgangi.
11. Stofnaður verði markaðsstöðugleikasjóður, sem viðhaldið er með gjaldi á alla framleiðslu sem síðan er ráðstafað til að stuðla að stöðugleika, t.d. með markaðsstarfi eða með stuðningi við eftirspurnarhvetjandi aðgerðir. Reglur markaðsstöðugleikasjóðs þurfa að tryggja með besta mögulega hætti að markmiðum hans sé náð.
12. Nauðsynlegar lagabreytingar verði gerðar sem heimila afurðastöðvum samvinnu og verkaskiptingu í vinnslu og sölu á þeim hluta framleiðslunnar sem fluttur er út. Þessar lagabreytingar gætu varðað markaðsstöðugleikasjóð, tollflokkaskráningu, innanlandsvog, gagnasöfnun um útflutning og fleira er þessum málum kann að tengjast í lagalegu tilliti. Markmið slíkra lagabreytinga ætti að vera meiri stöðugleiki, bæði í afkomu bænda og verði til neytenda.

/smh

Biobú kaupir Skúbb:

Enn einn liðurinn í að efla fyrirtækið og framboð lífrænna vara

Biobú hefur keypt meirihlutann í ísgerðinni Skúbb, sem hefur selt lífrænt vottaðan ís frá stofnun árið 2017 á Laugarásvegi.

Helgi Rafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Biobú, segir að þau þekki Skúbb mjög vel enda selt þeim mjólk frá upphafi. „Skúbb hefur notað lífræn hráefni þar sem því var viðkomandi og er stefnan að sækja um vottun á þeim ístegundum sem hægt er að fá vottun á.

Ísgerðin komin á fullt

„Við erum rétt að komast inn í reksturinn, erum þó þegar byrjaðir að framleiða ís á fullu enda veðrið verið gott. Komum til með að færa framleiðsluna yfir í Biobú um næstu helgi og ná fram fullum afköstum úr kjölfarið. Hluti framleiðslunnar verður þannig í húsnæði Biobú; sérframleiðsla á ís,

ístertum, íssósum en allur bakstur verður áfram á Laugarásvegi.

Þetta er enn einn liður í að efla Biobú og framboð lífrænna matvara, því meira af lífrænni mjólk sem fer í vörur því betra fyrir neytendur og umhverfið,“ segir Helgi Rafn. Vonast er til að það bætist á haustdögum í hóp þeirra tveggja mjólkurframleiðenda, Neðri-Háls í Kjós og Búland í Austur-Landeyjum, sem nú sjá Biobú fyrir langmestu af hráefninu.

Í lok síðasta árs fékk Slátruhús Vesturlands lífræna vottun og hefur Biobú gert samning við slátruhúsið um að þjónusta fyrir það slátrun gripa frá Neðri-Hálsi og Búlandi og fullvinnslu á lífrænt vottuðu kjötinu. Að sögn Helga eru fyrstu sendingarnar af lífrænt vottuðu nautakjöti frá Biobú nýlega farnar í verslanir. Engar slíkar íslenskar vörur voru fyrir í almennum matvöruverslunum.

/smh



Helgi Rafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Biobú.

Flott hliðgrind á lóðina þína!



Hliðgrindur - Ýmsar stærðir

Númer	Lýsing	Verð án vsk.	Verð m/vsk.
F000 2081 03	Hlið 7 slár lengd 910mm	16.000 kr	19.840 kr
F000 2081 04	Hlið 7 slár lengd 1220mm	20.000 kr	24.800 kr
F000 2147 05	Hlið 7 slár 152.5 cm x 114cm	17.500 kr	21.700 kr
F000 2147 06	Hlið 7 slár 183 cm x 114 cm	19.000 kr	23.560 kr
F000 2081 10	Hlið 7 slár lengd 3050mm	26.500 kr	32.860 kr
F000 2081 11	Hlið 7 slár lengd 3355mm	29.500 kr	36.580 kr
F000 2081 12	Hlið 7 slár lengd 3660mm	29.500 kr	36.580 kr
F000 2081 13	Hlið 7 slár lengd 3965mm	34.500 kr	42.780 kr
F000 2081 14	Hlið 7 slár lengd 4270mm	36.000 kr	44.640 kr
F000 2081 15	Hlið 7 slár lengd 4575mm	38.000 kr	47.120 kr
F000 2081 16	Hlið 7 slár lengd 4880mm	42.000 kr	52.080 kr
F017 2002 46	Staur 2,4m m/ læsigati +2 eyru	22.000 kr	27.280 kr
F017 2002 47	Staur 2,4m 89 mm 4 eyru	23.000 kr	28.520 kr



Gerðisgrindur

Gerum tilboð í magn eftir teikningum



www.LCI.is

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Komum hlutunum á hreyfingu

Við bjóðum hagstæðar leiðir til að fjármagna ný og notuð atvinnutæki og bíla sem henta rekstrinum þínum.



FRÉTTIR

Innlend matvæli í allar skólamáltíðir

– Kröfur um gæði, hreinleika og umhverfisvernd

Nýverið skoruðu Bændasamtök Íslands á sveitarfélög landsins til að nýta innlend matvæli í skólamáltíðir eins og kostur sé, sérstaklega grænmeti, kjöt og fisk.

Nú þegar hafa nokkur sveitarfélög svarað áskorun Bændasamtakanna þar sem málefninu er fagnað og ítrekað að sveitarfélögin starfi eftir mannelismarkmiðum Landlæknisembættisins. Þar séu góðar og hollar skólamáltíðir með áherslu á íslensk matvæli höfð í hávegum. Sveitarfélögin reyna einnig eftir fremsta megni að nýta hráefni úr eigin héraði til að koma til móts við kröfur um gæði, hreinleika og umhverfisvernd.

Það er að mörgu að huga við framleiðslu á skólamáltíðum til okkar yngstu þjóðfélagsþegna. Skólamáltíðir snúast ekki eingöngu um félagsskapinn, skilgreindan matartíma og það hvernig maturinn er framreiddur. Það sem mestu máli skiptir er hvaða matur er í boði, þar sem mörg börn eiga oftast en ekki jafn langan vinnudag og fullorðnir. Því skiptir máli að skólamáltíðin veiti barni að minnsta kosti þriðjung af orku- og próteinþörf dagsins.

„Stærsta áskorunin sem sveitarfélögin standa frammi fyrir er að þau þurfa að fara eftir lögum um opinber innkaup. Á grundvelli laganna og EES-samningsins geta sveitarfélög ekki mismunað út frá t.d. uppruna matvæla. Það er þó heimilt að setja ákveðnar kröfur eða hygla á grundvelli málefnaþgra ástæðna eins og kolefnisspor, umhverfisvernd og annarra jákvæðra þátta fyrir samfélagið. Það er til dæmis hægt að setja inn í útboðsgögn að matvæli verði að vera af ákveðnum ferskleika eða að kolefnisspor matvæla skuli vera sem minnst en í raun vantar betri gagnagrunn fyrir sveitarfélög til að leita til við að útbúa útboðsgögn svo slíkir samningsskilmálar haldi,“ segir Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og bætir við:

„Ríkið setti sér matvælastefnu fyrir nokkru síðan og erum við að bíða eftir að sjá hvernig ríkið útfærir þetta í sínum útboðsskilmálum sem getur verið fordæmisgefandi fyrir sveitarfélög. Í matvælastefnunni



Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, segir að stærsta áskorun sem sveitarfélög standa frammi fyrir þegar kemur að því að velja matvæli í skólamáltíðir að þau þurfa að fara eftir lögum um opinber innkaup.

er fjallað um hvernig ætti að auka innkaup á íslensku hráefni og verður einnig áhugavert að sjá hvernig það verði útfært. Síðan er líka annað í þessu að sum sveitarfélög hugsa um þægindi og umhverfisáhrif í víðara samhengi. Þau vilja ef til vill frekar skipta við einn aðila sem kemur með allt í einni ferð, kannski einu sinni í viku, einmitt til að lækka kolefnissporið, og eru þá í þeirri aðstöðu að þau geta ekki gert allar þær kröfur sem þau helst myndu vilja gagnvart einstaka vörum.“

Mikilvægi fjölbreyttrar fæðu

Í leiðbeiningum frá embætti Landlæknis um mataræði til grunnskóla kemur fram að alltaf eigi að bjóða upp á grænmeti með hádegismatnum og ávexti ef það passar. Til drykkjar á alltaf að vera í boði kalt vatn en að öllu jöfnu er einnig mælt með D-vítamínþættri léttmjólk með orkuminni máltíðum og jurtamjólk fyrir nemendur sem ekki drekka mjólk. Lykilatriðið er að börn neyti fjölbreyttrar fæðu. Sé næringarrík fæðutegund á borð við kjöt tekin út úr fæðinu er mikilvægt að inn komi önnur næringarrík fæðutegund í staðinn, til dæmis fiskur eða egg. /ehg



Dr. Jónas Jónasson, framkvæmdastjóri Benchmark Genetics Iceland í Sveitarfélaginu Vogum.

Sveitarfélagið Vogar á Reykjanesi:

Benchmark Genetics byggir nýtt og stærra hrognahús með 10 þúsund eldiskerjum

Fyrirtækið Benchmark Genetics Iceland, sem áður hét Stofnfiskur, mun auka framleiðslugetu sína á laxahrognum umtalsvert með byggingu á nýju og stærra hrognahúsi við laxeldisstöð sína í Sveitarfélaginu Vogunum á Reykjanesi.

Nýja hrognahúsið verður formlega tekið í notkun í haust en fyrstu hrognin verða lögð inn um miðjan júní næstkomandi. Gert er ráð fyrir að framleiðslugeta nýja hússins verði yfir 300 milljónir laxahrognna á ári. Húsið hefur risið hratt þar sem fyrsta skóflustungan var tekin í nóvember síðastliðinn. Búið er að



Séð inn í nýja hrognahúsið á tölvugerðri mynd eins og það verður fullbúið í júní næstkomandi.



Tölvugerð mynd af hrognahúsinu innandyra en 10 þúsund eldisker verða í nýja húsinu.

steypa sökkjana og næst rísa veggirnir. Nýja hrognahúsið mun vera með 10.000 fimm lítra eldisker sem hver fyrir sig þroskar hrogn undan einni hrygnu. Þetta kerfi mun tryggja góð hrognagæði.

„Nýja húsið tryggir að hin vinsælu kynbættu laxahrogn fyrirtækisins verði að bestu gæðum svo og ein heilbrigðustu hrogn í heiminum í dag sem hægt er að afhenda allar vikur ársins úti um allan heim. Undanfarnin misseri hefur áhugi á laxeldi á landi aukist gífurlega og erum við að búa okkur undir að geta annað eftirspurn á þeim markaði úti um allan heim,“ segir dr. Jónas Jónasson, framkvæmdastjóri „Benchmark Genetics Iceland.“

/MHH

NÝ LÍNA FRÁ JOBMAN!



Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.

Við erum með réttu fötin fyrir þig!



KHVINNUFÖT Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

JOBMAN

Bændablaðið

Kemur næst út 10. júní

Lely Center Ísland

Landbúnaðarleikföng



Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Starfshópur um umbætur og hagræðingu vegna girðinga í eigu opinberra aðila:

Heildarkostnaður við girðingar að minnsta kosti um 360 milljónir

Heildarkostnaður opinberra aðila við girðingar er talinn vera að minnsta kosti um 360 milljónir króna á hverju ári, en að líkindum er sá kostnaður vanáætlaður því ekki bærust gögn frá öllum þeim sem til var leitað. Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps um umbætur og hagræðingu vegna girðinga í eigu hins opinbera, en hópurinn hefur skilað umhverfis- og auðlindaráðherra skýrslunni að því er fram kemur í frétt á vef stjórnnarráðsins.

Í skýrslunni eru m.a. birtar tölur um umfang girðinga á vegum opinberra aðila, stofnana og sveitarfélaga. Heildarkostnaður opinberra aðila við girðingar á árabílinu 2015 til 2020 er 2.149 milljónir, eða um 358 milljónir á ári.

Auk talna um heildarkostnað birtir hópurinn þar greiningu á helstu hagsmunum, áskorunum og tækifærum til úrbóta við núverandi aðstæður s.s. með tilliti til

kostnaðar, gróðurverndar, ræktunar, dýraverndar og umferðaröryggis.

Í skýrslunni kemur fram að starfshópurinn telji mikilvægt að tengja saman ólíka hagsmuni, t.d. sauðfjárbúskap, landvernd, ferðaþjónustu, umferðaröryggi og skógrækt. Á vissum stöðum geti falist tækifæri í því að sameinast um að girða ákveðin landsvæði af til beitar. Annars staðar geti tækifæri falist í því að banna lausagöngu búfjár en styrkja eigendur búfjár jafnframt til þess að girða búfé sitt af.

Vilja kann ávinning af afgirtum hólum

Starfshópurinn leggur fram ýmsar tillögur í skýrslu sinni, svo sem að tekið verði saman eignasafn girðinga opinberra aðila, unninn verði sameiginlegur gagnagrunnur opinberra aðila um girðingar og honum deilt í vefsíðu og að lög og

reglugerðir sem gilda um girðingar og ábyrgð á þeim verði samræmd og endurskoðuð. Þá er einnig lagt til að unnin verði þarfagreining á girðingum eftir landshlutum, lög sem gildi um búfjárhald verði samræmd og endurskoðuð og samspil búvörusamninga og girðinga verði kortlagt. Loks er lagt til að ávinningur þess að vera með afgirt hól eða landsvæði verði kannaður, en til þess þurfi að tengja saman ólíka hagsmunaaðila og finna sameiginlegar lausnir með bætta landnýtingu að leiðarljósi.

Starfshópurinn starfar áfram og vinnur að gerð tillagna að verkefnum sem leitt geta til ávinnings og byggjast á samráði við þá sem best þekkja til aðstæðna á hverju svæði. Gert er ráð fyrir að slíkar tillögur verði kynntar ráðuneytum umhverfis- og auðlindamála, landbúnaðar- og samgöngumála ásamt sveitarstjórnunum eigi síðar en 1. október. /MPP

ÁRSFUNDUR

28.5.2021 KL 8:15 - 10:00

Ársfundur Lbhí verður haldinn í Ásgarði á Hvanneyri. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Fundinum verður einnig streymt.

Dagskrá:

Ávarp ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra – Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir

Ávarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra – Kristján Þór Júlíusson

Orkídea – samstarfsverkefni – Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri og Helga Gunnlaugsdóttir rannsókn- og þróunarstjóri.

Stiklað á stóru frá árinu 2020 – Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor

Fjármál ársins 2020 – Theodóra Ragnarsdóttir, rekstrarstjóri

Framtíðin er björt – Daði Már Kristófersson, aðstoðarrektor

Kynningarmyndbönd frá fagdeildunum verða spilð milli erinda.

Nánar á heimasíðu Lbhí.is

WWW.LBHI.IS






VANTAR ÞIG HEYRNARTÆKI?

Nýju **MORE** heyrnartækin eru þjálfuð til að þekkja hljóð. Innbyggt djúptauganet skilar einstaklega nákvæmri hljóðvinnslu og skýrum hljómgæðum.

Í júní bjóðum við upp á heyrnarmælingar og ráðgjöf á: **Akureyri, Borgarnesi, Egilsstöðum, Húsavík, Reykjanesbæ og Selfossi**




Tímabókanir í síma **568 6880**

Heyrnartækni

Glæsibæ | Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Heyrnartaekni.is | 568 6880

FERÐAHÓPAR - HESTAFÓLK

Tökum hross í beit fyrir ferðahópa. Góð aðstaða og reiðleiðir í allar áttir. Verð 500 kr. á hross pr. nótt.



Reiðleiðakort

ÚRVAL REIÐLEIÐA Í ALLAR ÁTTIR

- Frá Grenjum í Borgarnes, c.a. 20 KM
- Frá Grenjum að Löngufjörum (múlaleið), 40 KM
- Frá Grenjum að Seljalandi, c.a. 40 KM

DAGSTÚRAR

- Grenjar, Valbjarnarhringur c.a. 25 KM (að Glúfurá með Langá)
- Grenjar, Hraundalshringur c.a. 28 KM (Grenjadalur – Hraundalur)
- Grenjar, Hvítsstaðhringur c.a. 25 KM (Stangarholt – Hvítsstaðir)

Frekari upplýsingar hjá Jóa og Þóru á Grenjum.
GSM 893-4144/862-4210



ALLT TIL STÆÐUGERÐAR

Framtíðarkostur í geymslu gróffóðurs

Stæðuveggir | Yfirbreiðslubúnaður
Stæðuplast | Stæðuborði | Stæðugrúspokar
Undirplast | Stæðunet | Íblöndunarefni



LANDSTÓLPI | Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi | Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum | www.landstolpi.is
480 5600 | 480 5610 | landstolpi@landstolpi.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

BYLTING Í PALLBÍLUM ISUZU D-MAX



Nýr og fullkominn Isuzu D-Max sameinar byltingarkennda hönnun, ótrúlegan vinnukraft með 3,5 tonna dráttargetu og framúrskarandi öryggi. Skoðaðu þennan frábæra kraftajötun á bl.is eða í sýningarsalnum okkar við Sævarhöfða.

3.500 kg dráttargeta
Fimm stjörnu öryggi
Fimm ára ábyrgð

ISUZU D-MAX


BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
825 8000 / www.bl.is



NYTJAR HAFSINS

Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum: Stofnvísitala þorsks hefur lækkað

Í nýrri skýrslu Hafrannsóknastofnunar er gerð grein fyrir framkvæmd og helstu niðurstöðum stofnmælingar botnfiska á Íslandsmiðum sem fram fór dagana 1.–23. mars 2021. Niðurstöður eru bornar saman við fyrri ár, en verkefnið hefur verið framkvæmt með sambærilegum hætti ár hvert frá 1985.



Stofnvísitala þorsks hefur lækkað frá hámarki árána 2015–2017 og er nú svipuð og árin 2018–2019. Vísitala ýsu hefur farið hækkandi frá árinu 2016 en vísitala ufsa hefur lækkað frá 2018 og er nú nálægt meðaltali rannsóknatímans. Vísitölur gullkarfa, lítilla karfa og löngu eru háar miðað við síðustu þrjú áratugi, en vísitala löngu er þó lækandi líkt og vísitala skötusels. Vísitölur steinbits og lýsu eru hækkandi og eru nú nálægt meðaltali tímabilsins. Stofnar hlýra og tindaskötu eru nálægt sögulegu lágmarki. Vísitala grásleppu mældist í ár sú hæsta frá 1985.

2020 árgangur þorsks yfir meðalstærð

Fyrsta mæling á 2020 árgangi þorsks bendir til að hann sé yfir meðalstærð. Sama má segja um árgang 2019, en árgangur þorsks frá 2017 og 2018 mælast hins vegar undir eða nálægt meðallagi í fjölda. Árgangur ýsu frá 2019 og 2020 mælast mjög stórir; stærstu árgangar ýsu frá árinu 2004 ef miðað er við mælingar á 1 og 2 ára fiski. Árgangur ýsu frá 2018 er lélegur en árgangurinn frá 2017 mælist yfir meðallagi.

Meðalþyngd 1, 2 og 4 ára þorsks mældist undir meðaltali árána 1985–2021, en meðalþyngd annarra aldurs hópa var um eða yfir meðaltali. Undanfarinn áratug hefur meðalþyngd þorsks yngri en 5 ára oftast verið undir meðaltali tímabilsins, en meðalþyngd þorsks eldri en 5 ára hefur verið yfir meðaltali. Meðalþyngd ýsu eftir aldri hefur verið há undanfarin ár og mældist

nú yfir meðaltali hjá öllum aldurshópum nema 1 og 2 ára.

Mikið af loðnu á grunnslóð

Loðna var helsta fæða þorsks, ýsu og ufsa eins og ávallt á þessum árstíma. Mikið var af loðnu í mögum flestra lengdarflokka þessara tegunda á grunnslóð allt í kringum landið. Þorskur er yfirleitt innan við 1% af fæðu 40–110 sentímetra þorsks í marsmánuði, í ár 0,3%.

Útbreiðsla ýmissa nytjafiska hefur breyst á tímabilinu, til dæmis ýsu og skötusels þar sem þungamiðja útbreiðslunnar færðist vestur og norður fyrir land upp úr aldamótum. Ýsa fékkst nú í svipuðu magni allt í kringum landið. Stofnmælingar síðustu ára benda til að útbreiðsla skötusels sé aftur farin að líkjast því sem var fyrir aldamót þegar stofninn var lítill og bundinn við sunnanvert landið.

Magn suðlægra tegunda aukist

Magn ýmissa suðlægra tegunda sem lítið eru nýttar, svo sem svartgómu, loðháfs, litlu brosmu og trjónuhala hefur aukist, en á sama tíma hafa ýmsar kaldsjárvartegundir gefið eftir á landgrunninu fyrir norðan. Hitastig sjávar við botn mældist að meðaltali hátt líkt og undanfarin ár.

Í ár fékkst tegundin brislingur í fyrsta skipti í marsralli en tegundin fannst fyrst á Íslandsmiðum árið 2017. Alls fengust rúmlega 300 brislingar á 13 stöðvum á grunnslóð við sunnan- og vestanvert landið frá Meðallandsbug til Patreksfjarðarflóa. *NH*



YAMAHA

ÁREIDANLEIKI
KRAFTUR GÆÐI



Kraftur & Öryggi fleytir þér langt

YAMAHA utanborðsmótorar hafa reynst afar vel við íslenskar aðstæður bæði á sjó og vötnum.

2
ÁRA
ÁBYRÐ

Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími: 540 4900 • yamaha.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300



RAFVER

- Háþrýstidælur
- Ryksuger blautt & þurr
- Sópar
- Aukahlutir
- Verkstæði
- Þjónusta



Lely Center Ísland



Baggaspjót

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

K7000 Ring 27cm
Sögundardýpt 27cm



DM400 kjarnaborvél
Hámark: 350mm



Husqvarna

FS400 LV
Sögundardýpt 16,5cm



LF75 LAT
Jarðvegsþjappa
Þjöppuþyngd 97 kg
Plata 50x57cm



Steinsagarblöð
og kjarnaborar



Husqvarna K770
Sögundardýpt 12,5cm



MHG
VERSLUN

Allt fyrir atvinnumanninn

Steinsagir - Kjarnaborvélar - Gólf sagir

MHG Verslun ehf / Vikurharfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is

Engin bankapjónusta á Blönduósi

Arion banki lokaði útibúi sínu á Blönduósi um síðustu mánaðamót. Engin bankapjónusta er nú veitt á Blönduósi og er það í fyrsta sinn í 130 ár að því er fram kemur á vefnum huni.is. Arion banki ákvað fyrir í vetur að sameina útibú bankans þar við útibúið á Sauðárkróki.

Hörð mótmæli komu fram í kjölfarið, meðal annars frá sveitarstjórnnum í Austur-Húnavatnssýslu og Félagi eldri borgara í Húnaþingi sem lýstu miklum vonbrigðum með skerta fjármálþjónustu við íbúa, fyrirtæki og ferðamenn.

Sameinað útibúi á Sauðárkróki

Fram kom í tilkynningu sem bankinn sendi viðskiptavinum sínum á Blönduósi í febrúar síðastliðnum að undanfarin ár hafi verið gerðar breytingar á útibúaneti bankans til að aðlaga það nýrri nálgun í bankapjónustu þar sem lögð sé áhersla á gott aðgengi að stafrænum þjónustuleiðum. Liður í þeim breytingum var að sameina útibúið

á Blönduósi útibúinu á Sauðárkróki.

Hraðbanki verður áfram á Blönduósi þar sem m.a. verður hægt að taka út sedla og leggja þá inn, greiða reikninga, millifæra og enduropana PIN númer.

Boðið upp á samstarf við Póstinn

Eftir að Arion banki tilkynnti um lokun útibúsins á Blönduósi bauð Íslandspóstur bankanum upp á samstarf um samnýtingu afgreiðsluhúsnæðis Póstsins. Haft er eftir Bjarna Jónssyni, stjórnarformanni Íslandspósts, í Húnahorninu að Pósturinn væri þegar í góðu samstarfi við fjármálastofnanir um samnýtingu húsnæðis og starfsfólks víða um land. Þar mætti nefna Landsbankann á Skagaströnd, Sparisjóð Strandamanna á Hólmavík og Arion banka í Búðardal og í Bændahöllinni í Reykjavík. Arion banki hafi hins vegar ekki haft áhuga fyrir slíku samstarfi og stóð fast við þá ákvörðun sína að loka útibúinu.

/MPÞ

NÝ MASSEY FERGUSON DRÁTTARVÉL EINFALDLEIKI. ÁREIÐANLEIKI. 100% SKÝTENGING.



red dot winner 2021



TRACTOR OF THE YEAR 2021

MASSEY FERGUSON 8S | 205-265 HP

MASSEY FERGUSON
EXPERIENCE



BÚVÉLAR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími 480 0080
buvelar.is

MASSEY FERGUSON® is a global brand of AGCO Corporation.

Lely Center Ísland



KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f - Sími 414 0000 - www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út **10. júní**

Matvælasjóður auglýsir eftir styrkumsóknum



Matvælasjóður auglýsir eftir styrkumsóknum

Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum.

Áhersla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskra matvæla og hliðarafurða þeirra um land allt.

Markmið sjóðsins er að ná til verkefna á öllum stigum, allt frá hugmyndum til markaðssetningar og hagnýtra rannsókna. Úthlutunarfé sjóðsins eru 630 milljónir á árinu 2021.

Matvælasjóður hefur fjóra flokka:

- + **BÁRA** styrkir verkefni á hugmyndastigi. Styrkur úr Báru fleytir hugmynd yfir í verkefni.
- + **KELDA** styrkir rannsóknaverkefni sem miða að því að skapa nýja þekkingu.
- + **AFURÐ** styrkir verkefni sem komin eru af hugmyndastigi en eru þó ekki tilbúin til markaðssetningar, en leiða af sér afurð.
- + **FJÁRSJÓÐUR** styrkir sókn á markað. Fjársjóður er samansafn verðmætra hluta og styrkir fyrirtæki til að koma sínum verðmætum á framfæri.



Matvælasjóður

OPNAÐ ER FYRIR UMSÓKNIR 14. MAÍ OG ER FRESTUR TIL OG MEÐ 6. JÚNÍ 2021
SJÓÐURINN STARFAR SAMKVÆMT LÖGUM UM MATVÆLASJÓÐ, LÖG NR. 31

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á VEFSÍÐUNNI WWW.MATVÆLASJÓÐUR.IS

Innan við fimm prósent af notuðum bílarafhlöðum eru nú endurunnar:

Endurvinnslumálum sópað undir teppið

— segir í úttekt sem birt var í National Observer í Kanada og spurt hvort umhverfisleg skelfing sé þar í uppsiglingu

Innleiðing orkuskipta í samgöngum er nú keyrð áfram af miklum krafti víða um heim á viðskiptalegum forsendum, en mikið skortir á að umhverfislegar afleiðingar hafi verið skoðaðar til hlítar. Einn þáttur þeirra orkuskipta er innleiðing rafbíla sem geyma orkuna í líþíumjónarafhlöðum (Lithium-Ion) sem innihald margvísleg umhverfislega hættuleg efni. Innan við 5% af slíkum rafhlöðum sem teknar eru úr umferð eru nú endurunnar.

Í mikilli ákefð við að vinna gegn loftslagshlýnun reyna flestir bílaframleiðendur nú að skora stig í vinsældasókninni með framleiðslu á rafbílum. Í blaðinu National Observer í Kanada segir að stjórnmöld í fjölda landa hafi stökkið á þann vagn og umfæðma tæknina sem felur í sér innleiðingu á rafhlöðum gerðum úr líþíum, kóbalti, mangani og fleiri hættulegum efnum. Áhugavert sé að þessi tækni er nú innleidd af svipuðum hraða og þegar plastiðnaðurinn hóf innreið sína af alvöru upp úr miðri síðustu öld, en ekki sé þar allt sem sýnist.

Orkuskipti og breyting á bílaflota yfir í rafknúin ökutæki er sagt stórt og nauðsynlegt skref til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, svo koma megi í veg fyrir verstu áhrifin af loftslagsbreytingum. Einnig er þessum umskiptum ætlað að draga verulega úr heilsufarsáhrættu í tengslum við losun ökutækja á koltvísyfningu. Stóru bílaframleiðendurnir eru því farnir að bjóða upp á að minnsta kosti einn rafknúinn bíl í framleiðslu, og sumir – þar á meðal Daimler, Volkswagen og General Motors – hafa heitið því að hætta framleiðslu bensín- og dísilvéla alfarið. Meira en tugur landa, þar á meðal mörg í Evrópu, hafa sagst ætla að banna sölu á bensíni og dísilbílum árið 2040 eða fyrr. Kalifornía tilkynnti einnig nýlega áætlun um að hætta notkun bensín- og dísilbíla fyrir árið 2035.

Rafbílur hafa líka sitt skítuga litla leyndarmál

National Observer birtir grein þar sem Perry Gottesfeld fjallaði um þessi mál í síðasta janúarmánuði en greinin birtist upphaflega í óhagnaðardrifna vefmiðlinum Undark í Bandaríkjunum. Gottesfeld er framkvæmdastjóri Occupational Knowledge International og meðlimur í ráðgjafarhópi um endurvinnslu á líþíumjónarafhlöðum í Kaliforníu sem heitir; California Environmental Protection Agency's Lithium-ion Car Battery Recycling Advisory Group. Þar segir hann m.a.:

„Rafbílur hafa líka sitt skítuga litla leyndarmál. Sérhver rafbíll og flestir tvinnbílar reiða sig á stórar líþíumjónarafhlöður sem vega hundruð kílóa. Ein sú stærsta, er rafhlaðan fyrir Mercedes-Benz EQC, sem vegur um 700 kg. Venjulega eru slíkar rafhlöður gerðar úr kóbalti, nikkeli og mangani, meðal annarra efna. Þessar rafhlöður kosta þúsundir dollara og þeim fylgja mikil umhverfisáhrif. Í þær þarf efni sem eru fengin úr mengandi námum og málmbræðslum víða um heim og



Hundruð þúsunda rafknúinna ökutækja streyma nú úr verksmiðjum bílaframleiðenda sem búnar eru rafhlöðum sem innihalda margvísleg efni sem geta verið skaðleg mönnum dýrum og náttúru. Lítil eftirfylgni virðist vera með að endurvinnsla á slíkum rafhlöðum sé framkvæmd með ábyrgum hætti. Þá virðist í vaxandi mæli vera farið að senda þær til förgunar til fátækra ríkja með veika umhverfis- og lýðheilsulöggjöf.

þau geta að lokum mengað jarðveg og vatnsveitur ef þeim er ekki fargað á réttan hátt.“

Í greininni í National Observer er vísað til þess að rafbílaframleiðandinn Tesla hafi tilkynnt það í september síðastliðnum að fyrirtækið hygðist hætta notkun á kóbalti á næstu þrem árum. Kemur það í kjölfar mikillar gagnrýni á notkun þessa þungmálms og þann skaða sem vinnsla á honum veldur bæði á umhverfi og fólki sem við það vinnur. Bent er á að ef Tesla hætti að nota kóbalt í sína rafgeyma þá muni það líka leiða til þess að ávinningurinn af því að endurvinna notaðar bílarafhlöður hverfi. Síðan segir greinarhöfundur:

Endurvinnslumálum sópað undir teppið

„Þeir halda því fram að notaðar rafhlöður verði endurunnar. Sannleikurinn er þó sá að þeim er sópað undir teppið. Engar af líþíumjónarafhlöðum í rafknúnum ökutækjum er hægt að endurvinna í sama skilningi og pappír, gler og blýrafhlöður. Þó að viðleitni til að bæta endurvinnsluaðferðir sé í gangi, er almennt aðeins um það bil helmingur efna í þessum rafhlöðum tekinn og endurnýttur. Án dýrmætustu innihaldsefna verður lítill efnahagslegur hvati til að fjárfesta í endurvinnslutækni. Niðurstaðan er, að ef ekkert er gert til að auka hvatann til endurvinnslu, gæti þróunin leitt til umhverfislegrar skelfingar.“

Innan við 5% af bílarafhlöðum eru endurunnar

„Þrátt fyrir áframhaldandi rannsóknir á endurvinnslutækni er ólíklegt að þetta ástand lagist. Framleiðendur lítum-rafhlöðu eiga enn eftir að þróa tæknina svo hægt sé að endurnýta efnin til að búa til nýjar líþíum-rafhlöður. Þess í stað er helst reynt að ná dýrmætu kóbalti og nokkrum öðrum dýrum málum úr rafhlöðunum, en stór hluti efnanna verður afgang. Við endurvinnslu á þeim efnum sem helst er sóst eftir myndast mikil loftmengun og úrgangsefni sem þá verða eftir eru gjarnan nýtt sem fylliefni í steypu eða aðrar byggingarvörur. Þetta er ein ástæðan fyrir því að innan við fimm

þessari viðleitni takist að þróa tækni til að endurnýta rafhlöður á öruggan og hagkvæman hátt, þá gerir það ekki annað en að tefja endanleg örlög bílarafhlöðunnar um nokkur ár.“

Ábyrgðin af eyðingu á bílarafhlöðum flutt til lágtekjulanda

Greinarhöfundur National Observer bendir á að það þurfi bæði að vera fjárhagslegur hvati til staðar að endurvinna bílarafhlöðurnar og til að safna þeim saman til endurvinnslu. Það þurfi að vera arðbært að endurvinna þær. Án þessara hvata verði rafhlöðunum einfaldlega hent, þær brenndar eða fluttar til landa þar sem löggjöfin er veikari gagnvart mengun umhverfis og ógn við lýðheilsu.

„Sýnt hefur verið fram á að nikkeli veldur krabbameini í lungum og nefi, dregur úr lungnastarfsemi og veldur berkjubólgu. Kóbalt getur valdið alvarlegum heilsufarslegum sjúkdómum eins og astma og lungnabólgu og það er hugsanlega krabbameinsvaldandi. Útsetning fyrir mangani getur valdið öndunarferðileikum, truflað samhæfingu og valdið öðrum taugasjúkdómum.“

Við erum þegar byrjuð að flytja ábyrgðina af eyðingu á líþíumjónarafhlöðum til lág- og meðaltekjulanda, sem mörg skortir stranga umhverfisvernd og aðstöðu til að endurvinna þessi efni með öruggum hætti. Sum lönd hafa jafnvel komið á hvata í sína löggjöf til að hvetja til innflutninga á notuðum raf- og tvinnbifreiðum. Það er m.a. í gegnum skattaafslætti.

Í nýlegri skýrslu Sameinuðu þjóðanna kom fram að árlega eru flutt út hundruð þúsunda raf- og tvinnbifreiða frá Japan, Evrópusambandinu og Bandaríkjunum til landa eins og Sri Lanka og Míritús. Til að flytja fyrir fyrir rafbílavæðingunni verð-

ur regluverk í þessum löndum að vera í takti við þróunina.

Kína og Evrópusambandið krefjast þess að framleiðendur rafknúinna ökutækja taki aftur rafhlöður frá neytendum til endurvinnslu eða eyðingar. Engin sambærileg reglugerð eða löggjöf hefur verið tekin upp í Bandaríkjunum (BNA). Aðeins þrjú ríki í BNA hafa framlengt lög um framleiðendaábyrgð sem gera það að verkum að framleiðendur taka til baka líþíumjónarafhlöður sem notaðar eru í rafeindatekni, en engin gera slíkar kröfur varðandi ökutæki. Engin skýr bönn eru svo á að flytja út notaðar lítumjónarafhlöður eða selja notaðar bifreiðar með lélegar rafhlöður til lágtekjulanda á útsöluverði.“

Enn er möguleiki á að snúa við blaðinu

Greinarhöfundurinn Perry Gottesfeld segir þó að enn sé möguleiki á að snúa blaðinu við og tími til að hrinda í framkvæmd löggjöf sem getur hjálpað til við að afstýra yfirvofandi „úrgangskreppu“ eins og hann orðar það.

„Í því skyni hefur umhverfisverndarstofnun Kaliforníu stofnað nefnd með mörgum hagsmunaaðilum, sem ég er aðili að, sem mun ráðleggja löggjafarvaldinu um að búa til hagnýtar lausnir. Í dag niðurgreiða yfirvöld flest rafknúin ökutæki í lúxusenda markaðarins. Er það gert til að hvetja til innleiðingar rafbíla í stað hefðbundinna bíla með brunahreyflum. Um leið og framleiðslukostnaður og verð á rafhlöðum lækkar verður ekki lengur þörf á slíkum niðurgreiðslum. Í aðdraganda væntanlegrar söluaukningar verðum við líka að skipuleggja framtíðina þegar þungi rafhlöðunotkunarinnar færast úr smá rafhlöðum eins og í farsímanum yfir í tækin í bílskúrnum þínum.“

/HKr.

SPENNANDI RAFGIRÐINGAR- EFNI!

20% afsláttur





GERUM PETTA SAMAN

Bændablaðið

Kemur næst út **10. júní**

Áform hjá Félagi ferðapjónustubænda um að hætta að starfa sem búgrein innan BÍ:

„Eigum í dag miklu meiri samleið með Samtökum ferðapjónustunnar“

– segir formaðurinn, en áform eru uppi um hliðaraðild að nýju félagskerfi bænda

Félag ferðapjónustubænda (FFB) stefnir á að hætta að skilgreina sig sem búgreinafélag innan Bændasamtaka Íslands og ganga til samstarfs við Samtök ferðapjónustunnar (SAF). Hyggst stjórnin leggja fram tillögu þess efnis á aðalfundi félagsins 9. júní.

Sölvi Arnarsson, formaður FFB, segir þessar hugmyndir hafa verið til umræðu hjá stjórn á undanföllum mánuðum auk þess sem hún hafi átt í viðræðum við stjórn Bændasamtaka Íslands (BÍ) um þessa þróun mála.

Meiri samleið nú með SAF

„Það að FFB sé skráð sem búgreinafélag er kannski ekki lengur í takt við tímann. Við munum því færa okkur til hliðar með öðruvísi aðild en hin búgreinafélögin sem munu sameinast Bændasamtökunum. Okkar hagsmunagæsla, eins og hún er í dag, á miklu meiri samleið með SAF. Margir af okkar félögum eru þar innanborðs nú þegar. Eitt af mikilvægum verkefnum sem bændur hafa unnið að í gegnum tíðina er að koma ferðapjónustu í dreifbýli á framfæri og það var gert á sínum tíma með því að hafa FFB sem búgreinafélag.“

Nú er verið að breyta félagskerfinu hjá BÍ og settar áherslur á nýja þætti í starfinu. Auðvitað verður ferðapjónusta bænda alltaf hluti af BÍ og ferðapjónustubændur verða áfram til, en nú til dags er það orðið miklu algengara að þetta séu sveitahótel, kannski með lítinn frístundabúskap, frekar en að um bændur séu að ræða með ferðapjónustuna aukalega,“ segir Sölvi.



Sölvi Arnarsson, formaður Félags ferðapjónustubænda.

Ferðapjónustan vaknar til lífsins

Að sögn Sölva hefur mikið líf færst í ferðapjónustuna á landsbyggðinni að undanförmu. „Það er nú strax byrjað

að koma ferðafólk. Við höfum fengið talsvert af Bandaríkjamönnum og Bretum. Ég er svo heppinn að vera staðsettur nánast við hliðina á Geysi á Gullna hringnum og við finnum að það er mjög mikill ferðahugur, sérstaklega hjá Bandaríkjamönnum, að koma til Íslands.“

Við erum bjartsýn og tilbúin. Það er auðvitað heilmikið átak fyrir marga að dusta rykið af öllu eftir rúmt ár og margir að glíma við þann draug að innviðirnir úr fyrirtækjunum eru farnir. Margir hafa þurft að segja upp starfsfólki og hjá einhverjum verður þetta áskorun þegar allt fer á fullt. Þetta reddast nú allt saman samt,“ segir Sölvi. Hann nefnir dæmi um hvernig þróunin var hjá þeim í Efsta-Dal, að staðan fyrir faraldurinn var sú að venjulega fóru



Ferðapjónusta í Efsta-Dal.

kannski tvö til þrjú þúsund bílar á hverjum degi Gullna hringinn, sem allt í einu hrapaði niður í þrjú til fjóra bíla á hverjum degi.

„En það sem ég hef heyrt almennt hjá mínum félagsmönnum þá eru þeir bara spennir og tilbúnir að bretta upp ermar, með öllum þeim verkefnum sem þeir fá í fangið,“ bætir hann við.

Sölvi segir að einhverjir ferðapjónustuaðilar hafi ekki þolað mögru mánuðina og þurft að hætta rekstri, en í raun urðu þeir miklu færri en óttast var að gæti orðið. Hann segir að því sé að miklu leyti að þakka sá stuðningur sem greinin fékk með úrræðum stjórnvalda og sveitar-

stjórna; hlutabótaleiðin, tekjufallsstyrkir og viðspyrnustyrkir. „Þetta hefur verið lífæð og bankarnir sómuleiðis verið að mestu leyti samvinnuþýðir.“

Svo verð ég að nefna að það hefur verið ótrúleg samstaða meðal bænda á þessum tímum. Ég starfaði í viðbragðsteymi Bændasamtakanna þegar faraldurinn fór af stað og það var afar ánægjulegt að sjá þann fjölda fólks úti um allt land sem var tilbúð að vera í viðbragðsstöðu – og þar með talin Bændasamtökin sjálf. Við hér í Efsta-Dal erum með meðal kúabú þannig að við gerðum okkur vel grein fyrir hagsmunum bænda á þessum óvissutímum.“ /smh

Lely Center Ísland

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



RAFGEYMAR
GÓÐ ÞJÓNUSTA, GÆDI OG GOTT VERÐ

HÁGÆÐA START- OG NEYSLUGEYMAR
Í VINNUVÉLAR OG TÆKI

Á VERÐI SEM KEMUR ÞÉR Í STUÐ!



VERTU Í BANDI!

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

Dalshrauni 17 - 220 Hafnarfirði - Sími og fax: 5654060 - Netfang: sala@rafgeymar.is

Ályktun bæjarráðs Árborgar um Garðyrkjuskólann á Reykjum:

Framtíð starfsmenntanáms garðyrkjunnar á Íslandi er að Reykjum

Sveitarfélagið Árborg leggur hart að menntamálaráðherra og ríkisstjórn Íslands að starfrækja Garðyrkjuskóla á Reykjum sem sérstaka menntastofnun með sjálfstæðan fjárhag og stjórn. Með því myndu stjórnvöld sýna myndugleik og framsýni í málefnum garðyrkju á Íslandi.

Sérstaða garðyrkjunnar og tækifæri henni tengd krefjast þess. Krafa samtímans um styrkingu iðn- og starfsnáms hlýtur að vera ráðamönnum leiðarljós á þessari ögurstundu Garðyrkjuskólans á Reykjum. Hvergi er betri jarðvegur en hjá fagfólki skólans á Reykjum til þess að byggja upp og efla starfsnám á sviði garðyrkju.

Suðurland á mikið undir garðyrkju sem er mikilvæg atvinnugrein á svæðinu og skapar fjölda starfa. Það er hins vegar ekki bara Sunnlendingum, heldur þjóðinni allri, kappsmál að vel takist til að nýta tækifærin sem bjóðast til sjálfbærrar og vistvænnar matvælaframleiðslu á sviði garðyrkju. Garðyrkjuskólinn á Reykjum á aldarlanga sögu að baki



Garðyrkjuskólinn á Reykjum.

Mynd / HKR.

og hefur alla burði til að vera áfram hornsteinn íslenskrar garðyrkju. Þar er eðlilegur og raunhæfur vettvangur starfsnáms sem leiðir saman bóklegt nám og áþreifanleg raundæmi á staðnum, eins og verið hefur síðustu áttatíu árin.

Ríkar ástæður liggja til þess að auka við aðstöðuna á Reykjum og hættuspil að draga úr henni. Kraftmikil starfsmenntastofnun á Reykjum verður mikilvægur aðili í þróun starfstengds náms á háskólastigi, í samstarfi við háskóla og atvinnuvegi á Íslandi, líkt og

kallað hefur verið eftir. Svo vitnað sé í skýrslu verkefnishóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins um fagháskólanám, frá árinu 2016: „Hér á landi hefur krafan um aukid samstarf atvinnulífs, stofnana á framhaldsskólastigi og háskóla um starfstengt nám á háskólastigi farið vaxandi á undanföllum árum.“

Það er mikilvægt að garðyrkjan eigi vettvang til ofangreindrar þróunar í sterkum Garðyrkjuskóla á Reykjum og yrði til framdráttar starfstengdu námi á framhalds- og háskólastigi. Sú tilraun að

fella starfsnámið á Reykjum inn í almennan fjölbrautaskóla er áhættusöm og miklar líkur eru á vöndri niðurstöðu með óásætlanlegri afturför. Engar líkur eru á að FSU geti lagt þá ofuráherslu á garðyrkjunámið sem nauðsynlegt er að gera, nú þegar garðyrkja og tengdar greinar eiga að vera í forgrunni þjóðmálaumræðu vegna sjálfbærnimarkmiða og loftslagsmála.

Á grunni sterkrar menntastofnunar í formi Garðyrkjuskólans á Reykjum mætti auðveldlega sjá fyrir sér í náninni framtíð, samhliða styrkingu garðyrkjunámsins, þróun námsbrauta á háskólastigi samhliða starfsnáminu. Slíkar námsbrautir má byggja upp og reka undir verndarvæng sterkra háskóla, líkt og gert hefur verið með frábærum árangri í samstarfi Háskólaseturs Vestfjarða og Háskólans á Akureyri um meistaranám á Ísafirði.

Með kraftmikilli stofnun á Reykjum eru góðar líkur á að sinna megi nýsköpunarverkefnum á sviði garðyrkju betur en áður hefur verið gert. Til þess þarf þó nauðsynlega

að halda úti fullnægjandi aðstöðu. Góður vettvangur í þessa veru gæti t.d. orðið til brautargengis Orkídeu, nýstofnaðs samstarfsverkefnis Landsvirkjunar, ríkisins og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um nýsköpun.

Fjölgun háskóla á Íslandi hefur orðið undirstaða aukinnar fjölbreytni í háskólanámi á Íslandi síðustu 30 árin. Háskóli Íslands fékk verðuga keppinauta og heilbrigða samkeppni sem bætti árangur allra aðila. Fábreytni menntastofnana á Íslandi er ekki vegurinn til framþróunar og samdráttur í starfsnámi á sviði garðyrkju á Íslandi er alger tímaskekkja.

Bæjarráð Svf. Árborgar hvetur því mennta- og menningarmálaráðherra til að endurskoða hug sinn varðandi framtíð Garðyrkjuskólans á Reykjum og verja sérstöðu íslenskrar garðyrkju með því að aftur verði sérstök menntastofnun í garðyrkjunámi á Reykjum. Þá eru þingmenn kjördæmisins hvattir til að fylgja málinu til farsællar niðurstöðu. /TB

Á FAGLEGUM NÓTUM

NordGen:

Norræn búfjáarkyn búa yfir erfðafjölbreytni, hreysti og markaðstækifærum

Eftirfarandi grein er rituð af Mervi Honkatukia, forstöðumanni húsdýræildar NordGen. Umfjöllunin miðast við gömul kúakyn á Norðurlöndum. Íslenska kúakynið fellur einnig í þennan flokk en er jafnframt virkt framleiðslukyn sem er ekki raunin um önnur gömul landkyn.

Á Norðurlöndunum eru um 140 mismunandi búfjáarkyn, svokölluð landkyn. Þessi kyn hafa í gegnum aldirnar aðlagast umhverfisaðstæðum á hverju svæði og verið mikilvægur hluti af menningarsögu okkar og líffræðilegri fjölbreytni. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að þessi búfjáarkyn búa yfir eiginleikum sem hafa góð áhrif á heilsu okkar, umhverfi og bjóða upp á nýbreytni í fæðu. Því má spyrja, af hverju eru þessi búfjáarkyn í viðkvæmri stöðu eða í útrýmingarhættu? Ættu Norðurlöndin ekki að nýta betur þá eiginleika sem þessi búfjáarkyn búa yfir áður en það er of seint og þau hverfa?

Nýlega birtist vísindagrein sem sýndi fram á að mjólk úr mörgum gömlum kúakynjum inniheldur fásykrur (oligosaccharides) sem eru vel til þess fallnar að nýta í fæðubótarefni sem t.d. styrkja ónæmiskerfið, hafa góð áhrif á meltinguna og draga úr líkum á offitu. Fram kom í rannsókninni að í mjólk finnskra kúa (Western Finncattle) var styrkur fásykra tvisvar sinnum hærra en í mjólk stóru framleiðslukynjanna. Eldri rannsóknir hafa einnig sýnt að mjólk frá gömlum landkynjum er meðal besta hráefni í heiminum til ostaframleiðslu. Það er einnig þekkt að landkynin eru umhverfisvænni grasbitar samanborið við framleiðslukynin og hægt er að beita þeim á land sem ekki hentar til ræktunar. Kjöt af þessum gripum er eftirsótt af vinsælum veitingastöðum fyrir sérstök gæði. Þó að afurðir stóru framleiðslukynjanna séu mun meiri



Á Norðurlöndunum eru um 140 mismunandi búfjáarkyn, svokölluð landkyn. Þessi kyn hafa í gegnum aldirnar aðlagast umhverfisaðstæðum á hverju svæði og verið mikilvægur hluti af menningarsögu okkar og líffræðilegri fjölbreytni.

þá eru fódurþarfir þeirra líka meiri og þau þurfa innflutt fódur í meira magni.

Þrátt fyrir þessa þekkingu og þá vitneskju að erfðabreytileiki búfjáarkynja á heimsvísu hefur minnkað mikið á undanföllum áratugum hafa Norðurlöndin verið hikandi við að grípa til ráðstafana til að varðveita og nýta gömul landkyn í auknum mæli. Nokkur Norðurlandanna hafa veitt stuðning til þeirra sem halda þessi gömlu kyn og nýta þau. Það er skref í rétta átt en betur má ef duga skal og meira þarf til að viðhalda og varðveita þessi kyn til framtíðar.

Flest norræn landkyn eru ræktuð af áhugasömu fólki sem leggur mikið af mörkum til að viðhalda þeim og nýta. En ábyrgðin er hjá stjórnvöldum að gera varðveisluaætlanir og veita stuðning til búfjáarkynja sem eru í útrýmingarhættu. Erfiðara er fyrir ræktendur að vinna að varðveislufelldum ef ekki eru sett metnaðarfull markmið af stjórnvöldum til að nýta þessi gömlu kyn til framleiðslu. Höfum við efni á því að varðveita ekki þessi gömlu landkyn?

Getum við haldið áfram að treysta

á áhugasömu fólki til að bjarga þessum kynjum? Eða er komin tími til að grípa til aðgerða og finna varanlega lausn til að hægt sé að varðveita norræn landkyn sem enn er hægt að bjarga. Af hverju ekki að gera það með opinberum stuðningi við rannsóknaraðila og áhugasömu fólki?

Góðar landsáætlanir um varðveislufelldum erfðauðlinda búfjár ættu að fela í sér nauðsynlegar aðgerðir um nýtingu sem undirstrika sérstöðu afurða þessara búfjáarkynja. Hægt væri að læra af mjög góðu samstarfi Norðurlandanna varðandi norrænar plöntukynbætur PPP (Nordic public private partnership for plant breeding). Stofna mætti til hliðstæðs samstarfs um varðveislufelldum erfðauðlinda búfjár

þar sem varðveisluaætlanir, niðurstöður rannsókna og markaðssetning afurða væri allt nýtt til að gera búfjáarkynin sjálfbær til lengri tíma.

Auk þess er mikilvægt að stofna sameiginlegan norrænan genbanka fyrir langtíma varðveislufelldum erfðafnis búfjár. Genbanki er stuðningur við virka varðveislufelldum erfðafnisráðstöfun, t.d. ef sjúkdómar valda tjóni á lifandi stofnum. Við þurfum að bregðast við núna. Við þurfum metnaðarfulla áætlun til að varðveita og nýta gömlu búfjáarkynin. Norræn búfjáarkyn búa yfir erfðafjölbreytni, hreysti og markaðstækifærum. Eftir hverju erum við að bíða?

Þýðing: Birna Kristín Baldursdóttir.

Traktor TC238T
Hestöfl: 18hp



550 XP MKII
Hestöfl: 4,2hp



LC353AWD
Hestöfl: 4,8hp



Slátturóbot 315X
Slær allt að 1500m2



545RX
Hestöfl: 3hp



Fatnaður
og aukahlutir



Husqvarna

MHG
VERSLUN

Allt fyrir garðsláttinn

Sláttutraktorar, sláttuvélar,
slátturóbotar og margt fleira

BAF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA



Veltutengd félagsgjöld í BÍ: Félagsmenn skrái veltu í gegnum Bændatorgið

Á aðalfundum aðildarféлага Bændasamtakanna, sem haldnir hafa verið að undaförnu, hafa tillögur að nýju félagskerfi landbúnaðarins verið til umfjöllunar. Tillögurnar byggja á samþykkt Búnaðarþings 2021 sem haldið var í mars. Samkvæmt þeim liggur fyrir að félagsmenn verði með beina aðild að Bændasamtökunum með eitt félagsgjald til hagsmunagæslunnar.

Á aukabúnaðarþingi, sem haldið verður 10. júní er stefnt á að stíga skrefið til fulls og samþykkja nýtt fyrirkomulag félagskerfis bænda sem tekur gildi 1. júlí. Kerfið byggir á tvennu:

1. Fjöldi félagsmanna í hverri búgrein.
2. Veltu hverrar búgreinar.

Þann 1. júlí næstkomandi verður innheimt félagsgjald samkvæmt breyttu veltutengdu, þrepaskiptu gjaldi fyrir mánuðina júlí-desember gangi áform sameiningar eftir. Nú er komið að því að bændur geta skráð umfang og eðli síns rekstrar inni á Bændatorginu þar sem búið er að opna sérstakt skráningareyðublað. Félagsmenn eru hvattir til að ganga frá skráningunni sem fyrst.

Allir greiðendur félagsgjaldsins þurfa að skrá veltutölur í sinni búgrein samkvæmt framtali síðasta árs af landbúnaðarstarfsemi. Í þeim tilfellum þar sem félagsmenn stunda fleiri en eina búgrein er farið fram á að þeir skipti veltunni hlutfallslega á viðkomandi greinar.

Þær upplýsingar sem félagsmenn gefa upp um veltuna eru nýttar til að finna út það veltuprep sem að reksturinn fellur undir og er félagsgjaldið innheimt samkvæmt því.

Dæmi: Blandað bú með kúr og sauðfé með 60 m.kr. veltu af landbúnaði án vsk. Skiptingin er 50/10, viðkomandi fellur undir veltuprep í gjaldskránni 60- 64,9 m.kr. þar sem árgjaldið er 375 þ.kr. eða 187 þ.kr. fyrir seinni hluta ársins 2021.

Hvaða veltu á að skrá?

Upplýsingar um veltu eru samkvæmt framtali 2020, sem er



Guðbjörg Jónsdóttir.

velta ársins 2019. Miðað er við það rekstrarár, m.a. vegna þess að þeir sem eru með rekstur í félögum eru með framtalsskil í september.

Bent er á að gefa skal upp veltu af allri landbúnaðarstarfsemi, þar með talið beingreiðslur og styrki, án virðisaukaskatts. Undanskildir eru styrkir vegna landbótaverkefna, þar sem styrkir eru ætlaðir til að mæta útlögðum kostnaði.

Hlunnindi þarf að meta í hverju tilfalli og hefur t.d. æðarrækt verið flokkuð sem landbúnaðarstarfsemi, en ekki rekaviður.

Ef miklar sveiflur eru á tekjum búsin milli ára, þá er heimilt að miða við meðaltal þriggja síðustu rekstrarára.

Tekjur, sem eru ekki af beinni landbúnaðarstarfsemi, eru ekki teknar með, sem dæmi um það er:

- Söluhagnaður af seldum vélum.
- Þjónustutekjur, s.s. vegna verktöku, námskeiðshalds og annars sem má skilgreina sem þjónustu.
- Leigutekjur af landi, veiði, húsnæði o.fl.
- Tryggingabætur og styrkir vegna tjóna, s.s. frá Bjargráðasjóði og vegna riðuniðurskurðar.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Bændasamtakanna bondi.is eða í síma 563-0300.

Guðbjörg Jónsdóttir
verkefnastjóri

LÍF & STARF



Aron Máni Arnarsson og Arnar Máni Jörgensson, nemendur í Glerárskóla á Akureyri, unnu við verkefnið, en á milli þeirra er Birna Guðrún Baldursdóttir, iðjubjálfi Glerárskóla.

Mynd / Rögnvaldur Bragi Rögnvaldsson

Saumastofan Hálfmáninn stofnuð í Glerárskóla á Akureyri:

Saumuðu tuskur úr ónýtum handklæðum fyrir þvottahús

„Þetta var mjög skemmtilegt og gefandi. Það er alltaf gaman þegar hægt er að finna verkefni fyrir nemendur þar sem þeir geta notað styrkleika sína og blómstrað.“ segir Birna Guðrún Baldursdóttir, iðjubjálfi í Glerárskóla. Skólinn átti í vetur samstarf við þvottahús dvalarheimilanna á Akureyri, sem fólst í því að búa til tuskur úr ónýtum handklæðum.

Hugmyndin að verkefninu kviknaði á liðnu hausti þegar starfsfólk þvottahússins fékk þá hugdettu að fá einhvern til liðs við sig að útbúa tuskur úr handklæðum sem lokið hefðu hlutverki sínu sem slík. Haft var samband við Birnu iðjubjálfa og greinast fyrir um hvort hennar krakkar væru klár í slaginn.

Það voru þau vissulega en kórónuveiran setti strik í reikninginn um skeið í vetur. Rykinu var dustað af hugmyndinni á vordögum og tveir hæfir drengir úr hópnum, þeir Aron Máni Arnarsson og Arnar Máni Jörgensson, fengnir til verksins.



Strákarnir Aron Máni og Arnar Máni kynna sér starfsemi þvottahússins, Birna fylgist með en Rögnvaldur Bragi, starfsmaður þvottahússins, segir frá.

Mynd / Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir

40 tuskur afhentar

Þeir komu sér upp aðstöðu í skólanum, settu þar upp saumastofu sem hlaut hið skemmtilega nafn Hálfmáninn. Þar unnu þeir baki brotnu og afraksturinn, um 40 tuskur, var afhentur við hátíðlega athöfn á þvottahúsinu.

Birna segist ekki sjá þetta endi-

lega sem stakt verkefni heldur eitthvað sem hægt verði að vinna áfram með á næsta skólaári.

„Það eru stundum einhver verkefni í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir í bænum innan skólans en við mætum örugglega vera duglegri að sjá tækifæri í því og grípa þau.“ segir hún.

/MPÞ



Drengjunum var boðið upp á veitingar á Hlíð að lokinni afhendingu á tuskunum. Þarna sitja þeir til borðs með Birnu, Friðnýju Sigurðardóttur, forstöðumanni stoðþjónustu á Hlíð, og Rögnvaldi en standandi eru Sigurborg Hreinsdóttir og Nedeljka Ostojic, starfsmenn þvottahússins.

Mynd / Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir

Lely Center Ísland

ZETOR VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

YLEININGAR

Vandaðar samlokueiningar í miklu úrvali. Fást bæði með PIR og steinullar einangrun.



GRÓÐURHÚS

Tryggðu þér vandað gróðurhús fyrir sumarið!



Margar gerðir gróðurhúsa - fást í ál lit, svörtu og grænu. 4 mm hert gler eða 10 mm ylplast

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

TÖLVUPÓSTUR
sala@bkhonnun.is
SÍMI
571-3535
VEFFANG
www.bkhonnun.is

EYJALIND

Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

SIL-ALL
4x4+

MEIRA FÓÐUR, LYSTUGRA FÓÐUR

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson
S: 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is

GRÆNU VELFERÐARGÓLFIN



Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson
Sími 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is

Kerrur

frá Ifor Williams í öllum stærðum og útfærslum



Mikið úrval varahluta í Ifor Williams og allar aðrar gerðir af kerrum, ásamt úrvals viðgerðarþjónustu

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300 - Næsta blað kemur út **10. júní**



REKSTRARLAND ER BAKHJARL BÆNDA

Í Rekstrarlandi fást allar almennar rekstrarvörur fyrir landbúnað. Nilfisk háprýstidælur, Exide rafgeymar, gæðasmurefni og oliur á vélarnar, Ecolab lágþrýstipvottatæki ásamt hreinsiefnum, sóttthreinsandi og græðandi vökvar fyrir spena og júgur.



Hestaíþróttin TREC nýtur vaxandi vinsælda norðan heiða:

Reynir bæði á knapann og hestinn og styrkir tengingu þeirra á milli

— Anna Sonja Ágústsdóttir leiðbeinandi segist brenna fyrir að breiða TREC íþróttina út hér á landi

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



„Það er virkilega ánægjulegt að finna hvað áhuginn fyrir þessari íþrótt hefur aukist. Það er mikil vakning og nokkur hestamannafélög eru að hugsa sér til hreyfings með að koma sér upp brautum á sínum svæðum. Þetta er íþrótt sem bæði reynir á knapann og hrossið og hefur líka í för með sér mikla tengingu þeirra á milli þegar vel tekst til,“ segir Anna Sonja Ágústsdóttir, tanningakona og leiðbeinandi.

Hún hefur undanfarið haldið námskeið hjá hestamannafélaginu Létti á Akureyri í hestaíþrótt sem kallast TREC.

„Það er ekki neitt íslenskt nafn komið fram enn þá,“ segir hún en stafirnir mynda franska skammstöfun. Um er að ræða viðurkennda hestaíþrótt sem stunduð er hér og hvar í heiminum.

Anna Sonja býr á Hólum í Eyjafjarðarsveit en hún er fædd og uppalin í þeirri sveit. Hestamannafélagið Funi í Eyjafjarðarsveit er brautryðjandi í TREC hér á landi og þar er vagma íþróttarinnar. Fulltrúar Funa kynntust TREC þegar kynning á íþróttinni var haldin á landsþingi LH árið 2012. Í byrjun árs 2014 var svo slegið til og haldið TREC námskeið á Melgerðismelum fyrir börn og fullorðna.

Anna Sonja og Ásdís Helga voru fengnar til að halda námskeiðið og lásu sig hreinlega í gegnum alþjóðlega regluverkið til að geta haldið námskeiði. Anna Sonja hefur verið óþreytandi á milli barneigna að kynna og þróa íþróttina. Börn og unglingar sem sóttu fyrsta námskeiðið mynda enn nokkuð harðan kjarna þeirra sem stunda íþróttina og er ævinlega haldið eitt mót hvert sumar á Melgerðismelum.

TREC braut á Melgerðismelum en fleiri bætast við

Á melunum er til staðar TREC braut, enn sem komið er hin eina á landinu. Anna Sonja segir að allt bendi til að fleiri bætist við innan tíðar. Þannig hafi Létti á Akureyri



Þessar ungu dómur voru áhugasamar um hestaíþróttina TREC, frá vinstri er Aldís og Þrándur, þá Anna Sonja Ágústsdóttir, leiðbeinandi á námskeiðinu, Þórný og Fjörður, Viktoría og Æsa og Laufey og Blakkur.

Myndir / Margrét Þóra Þórsdóttir



Félagarnir Sölvi og Brynjar með hrossin Spuna og Alvar.

TREC keppnin á uppruna sinn að rekja til áttunda áratugs síðustu aldar í Frakklandi sem nokkurs konar próf fyrir leiðsögumenn í hestaferðum og hesta þeirra. TREC er skammstöfun fyrir franska heitið „Technique De Randonnée Equestre De Compétition“ en á ensku heitir keppnin „Equestrian Trail Riding Techniques Competition“.

TREC keppnin, regluverkið sjálft, heyrir undir heimssambandið FITE sem heldur úti heimasíðunni <https://fite-net.org/>.

FITE heldur einnig utan um ýmsar aðrar greinar, nautasmalapróf m.a. og íþróttgreinar þar sem hestar koma við sögu, kerru Trec sem dæmi og einnig íþrótt þar sem hestar draga skíðamenn.



Sölvi og Spuni komnir upp á pallinn.

tekið frá land undir braut fyrir sitt fólk og hyggist koma henni upp hið fyrsta. Eins hafi Sprettur í Kópavogi hug á að setja upp TREC braut við sinn heimavöll og þá segir hún að áhugi sé fyrir að setja upp TREC braut á Skógarhólum á Þingvöllum.

„Þetta fer örugglega að breiðast út, enda óskaplega skemmtilegt og þeir sem prófa vilja ólmir halda áfram að æfa sig og taka þátt í keppnum,“ segir Anna Sonja.

Brautbraut með 16 þrautum

TREC skiptist upp í þrjá þætti, þrautabraut, hraðastjórnun á gangtegundum og víðavangsrátleik. Þrautabrautin fer fram á afmörkuðu svæði og þegar haldin er keppni eru valdar 16 þrautir sem fara þarf í gegnum í réttri röð og innan ákveðins tíma. Anna Sonja segir að þessi hluti reyni á hlýðni, öryggi, hugrekki og jafnvægi hestsins og eins því hvernig knapinn beiti ábendingum sínum. Þrautirnar geta verið af margvíslegu tagi, hindrunarstökk, skurðir, tröppur, hlið sem þarf að opna og loka og slár sem þarf að fara undir, svo einhver dæmi séu tekin.

Hraðastjórnun gangtegunda

Hraðastjórnun á feti og stökk er einn



Brynja og Álmur spreya sig á þrautbrautinni.

hluti íþróttarinnar og snýst að sögn Önnu Sonju um hversu góða stjórn knapinn hafi á hesti sínum á hægum og hröðum gangtegundum. Braut sem notuð er í alþjóðlegri keppni er 2 metrar á breidd og 150 metra löng. Fyrst er ríðið á eins hægu stökki og mögulegt er, snúið við og ríðið á eins hröðu feti og hægt er til baka. Hún segir að gæði gangtegunda séu ekki metin heldur aðeins hvort hesturinn sé á ætlaðri gangtegund.

Víðavangsrátleikur reynir á

Síðasti hlutinn í TREC er víðavangsrátleikur og segir Anna Sonja að í alþjóðlegri keppni sé leiðin allt að 45 kílómetra löng. Hér heima hafi



Mæðurnar Guðrún og Brynja sögðu að þátttaka í námskeiðinu með sonum sínum, Sölva og Brynjari, væri liður í fjölskylduþerapiu af betri sortinni. Frá vinstri eru Guðrún og Gloría, Sölvi og Spuni, þá Brynjar og Alvar og Brynja og Álmur.



Brynja og Guðrún kampakátar á fjölskylduþerapiunámskeiðinu.



Viktória og Æsa áttu ekki í vandræðum með að fara upp á þriggja hæða vörubrettapall.

reynslan kennt sér að 20 og upp í 25 kílómetra löng leið sé passleg fyrir íslensk ungmenni sem eru vanir knapar.

Keppendur fara af stað með ákveðnu millibili, en 10 mínútum áður en þeir eru ræstir af stað fá þeir afhent kort með leiðinni sem þeir eiga að fylgja. Leiðin skiptist upp í nokkra kafla og hver og einn hefur ákveðinn meðalhraða og eiga knapar að skila sér á leiðaenda hvers kafla fyrir sig á réttum tíma, ekki of snemma og ekki of seint. Hún segir að í þeim keppnum sem Funi hefur staðið fyrir séu úr með GPS-tækjum og símar leyfilegir þannig að keppendur geti fylgst með tímanum, hraða sínum og meðalhraða.

„Erfiðleikastig ratleiksins er mismunandi með tilliti til hraða, vegalengdar og landslags. Við fylgjumst vel með okkar keppendum, t.d. þegar farið er yfir á eða um afrétt, þá er einhver alltaf



Brynjar og Alvar á leið í gegnum brautina og Anna Sonja fylgir fast á eftir.

innan seilingar til að veita aðstoð ef á þarf að halda,” segir Anna Sonja.

Keppnin snýst um að halda í þau stig sem hægt er að fá út úr hverri grein. Í heild eru 460 stig í pottinum, þar af 240 í ratleikum, 30 stig fyrir hvora gangtegund fyrir sig í þeim hluta keppinnar og þrautabrautin gefur í heild 160 stig.



Það tókst ágætlega hjá Guðrúnu og Glóriu að fara undir slárnar.



Laufey á Blakki.

Betri knapi og samvinnufúsari hestur

„Það besta við TREC er að það geta allir meðalvanir hestamenn verið með, áhugafólk og atvinnumenn. Þetta er að mínu mati frábær keppnisgrein fyrir alla og sérlega góð þjálfun fyrir hestana. Hún skilar knapanum betri og samvinnufúsari hesti og það hefur sýnt sig að samband milli manns og hests styrkist umtalsvert eftir að hafa farið í gegnum TREC þjálfun,” segir Anna Sonja. Hún bætir við að flestar gerðir hesta henti í íþróttina, hægt sé að mæta með hvort heldur sem er keppnishestinn eða útreiðarhestinn á mót, enda sé ekki gerð krafa í þessari íþrótt um reisingu eða fótburð.

Sami hestur notaður í allar greinar

„Til að ná sem bestum árangri er gott að hesturinn sé yfirvegaður og spennulaus, spennir hestar eiga erfitt með að læra. Það er líka kostur að hann sé samvinnuþýður og forvitinn, kargir hestar fara hægt í gegnum þrautirnar,” segir hún og bætir við að hestar sem komist hratt yfir á feti og hafi gott jafnvægi á hægu stökku henti vel í gangtegundahlutann. Hvað viðavangsrátleikinn varðar þurfi hesturinn að vera í þökkalegu formi og rólegur án samreiðar. Sami hestur er alltaf notaður í allar þrjár keppnisgreinarnar.

Þetta er samspil og gerist ekki með látum

„Ég brenn fyrir að breiða út TREC íþróttina. Ég trúi því að það séu



Anna Sonja gefur Laufeyju góð ráð.

margir frístundahestamenn sem gætu fengið meira út úr sinni hestamennsku með því að byggja upp á þennan hátt samband milli manns og hests sem byggist á trausti og gagnkvæmri virðingu. Til þess að vel takist til þarf að gefa hestinum nægan tíma og byggja smám saman ofan á traustan grunn. Þetta snýst allt

um næmar ábendingar, umbun og að hesturinn hafi jafn gaman og knapinn af því að fara í gegnum verkefnið. Þetta er samspil og á ekki að gerast með neinum látum. Íslenski hesturinn er fjölhæfur, samvinnuþýður, hugrakkur og sterkur og hentar fullkomlega í þetta hlutverk,” segir Anna Sonja Ágústsdóttir.

Sérniðin þjónusta að þínum þörfum



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

KAFFIVAGNINN

st. 1935

Kaffivagninn óskar eftir fólki í hlutastörf/aukavinnu á morgnana, hádeginu og um helgar.

Íslenskukunnátta og lipurð er skilyrði.

Áhugasamir hafið samband í gegnum netfangið kaffivagninnehf@gmail.com eða í síma 824-5066.

airflo

Nýtt uppfært Flugveiðiset
fyrir byrjendur á öllum aldri



Innihald:

Carbon stöng 4 parts - Diskabremsuhjól með Airflo flotlinu og undirlínu - Hólkur fyrir stöng,taumur veiðigleraugu og flugbox og 3 flugur Fyrir línu 5/6 og 6/7

Kr. 19.900



Vöðlur
Kr. 27.900

Skór
Kr. 15.900


Fladen Maximus vöðlusett Vöðluskór - Léttar og sterkar 3ja laga öndunarvöðlur 2 vasar að framan og 2 D hringir Tilboð á settinu

Kr. 36.900

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is


Lely Center Ísland



6,500 - 9,500
11,000 - 13,500 lítra

HAUGSUGU-DÆLUR

HAUGSUGUHLUTIR VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5f - Sími 414 0000 - www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Kolefnisjöfnun sauðfjárbænda:

Þar sem glyttir í gróna meli morgundagsins

– Taka þarf tillit til raunhæfra forsendna þegar kemur að landsvæði og stærð búa

Erla Jónsdóttir, rekstrarfræðingur og bóndi með meiru, býr ásamt fjölskyldu sinni á samliggjandi jörðum, Kambakoti og Hafursstöðum í Skagabyggð, en auk þess að framleiða afurðir úr folalda-, lamba- og ærkjöti eru þau skógræktarbændur, kolefnisjafna þannig alla sína framleiðslu og selja að hluta, beint undir nafninu Grilllausnir. Enn fremur rekur Erla bókhalds- og ráðgjafar fyrirtækið Lausnamið á Skagaströnd. Við lögðum land undir fót og tókum Erlu tali.

Aðspurð segir Erla að meðfram skógræktinni séu þau náttúrlega í landgræðslu líka.

„Við eigum gífurlega mikið land, báðar jarðirnar Hafursstaði og Kambakot. Upphaflega var ákveðið að fara í skógræktina með það fyrir augum að fá börnin okkar í „unglingavinnu“ þegar þar að kæmi – því þegar maður býr í svona litlu sveitarfélagi er í raun engin unglíngavinnu. Þá var fínt að fara í þetta, gera ljótu melana fallegri og búa til verkefni þar sem þau gætu farið í vinnu niður á mel. Þessi hugsjón klúðraðist þó því miður, þar sem dóttir okkar greindist með frjókornaofnæmi.

En þá kom þessi mikla umræða um að nú vildu allir kolefnisjafna allt, kolefnisjafnað lambakjöt var það sem „allir myndu vilja“ og með það í huga ákváðum við bara að grípa tækifærið. Skógræktin var til staðar, við vorum að græða upp mela og í kjölfarið fékk ég Stefán Gíslason, stofnanda og eiganda UMÍS ehf., til að staðfesta kolefnisjöfnun framleiðslunnar með það fyrir augum að athuga hvernig neytendur tækju við,“ segir Erla. „Framleiðsluna okkar, sem má finna undir merkinu Grilllausnir – Kambakoti, er því merkt kolefnisjöfnuð beint frá bónda.“

Undir merki Grilllausna

- Finnst þér almenningur taka vel við kolefnisjöfnuðu kjöti?

„Nei, ekki beint. Fólki er í raun alveg sama því það er frekar buðan sem ræður, það velur kannski frekar kjötið mitt af því það treystir þeim gæðum. En ég hef ekki gefist upp. Ég fékk smá styrk frá Markaðssjóði sauðfjárafurða í fyrra til þess að vinna með veitingastöðum, búa til steikur sem yrðu seldar sem kolefnisjafnaðar steikur fyrir þá betur borgandi markað. Það er

nefnilega mun dýrara fyrir mig að vinna mitt kjöt ein, í heimavinnslu hérna í Vörusmiðju BioPol – heldur en kjötvinnslurnar ná að gera. En þetta eru stuttar leiðir hjá mér. Með því að vera svona rétt hjá vinnslunni getur fólk verið visst um að fá gott kjöt. Við t.d. smölum alltaf annaðhvort kvöldið eða morguninn áður, en féð fer í sláturhús og erum því ekki að svelta það fyrir slátrun sem ég tel mikilvægt upp á gæði kjötsins að gera.

Það er gaman að geta þess, þegar ég var að afhenda vörur í smáframleiðendabílinn um daginn, þá komu tveir og vildu fá kótilettur. Þeir lýstu því yfir að það væru bara ekkert sömu kótiletturnar frá smáframleiðanda og það sem keypt væri úti í búð, það væri bara svart og hvítt! Matgæðingar vita að það er munur. Þú getur betur treyst því að þú fái alltaf gott kjöt hjá smáframleiðanda á meðan hinir, þessir stóru, bara geta ekki tryggt sömu gæði.“

Eiginlega enginn kvóti

„Eins og staðan er þá erum við hjónin með rúmlega 300 kindur segir Erla, og aðeins rúmlega 100 ærgildi sem við keyptum nýlega – sem er bara kostnaður eins og er – þannig að við erum að auki í annarri vinnu. Ef við ætlum að þróa kjötvinnsluna eitthvað meira þá verðum við annaðhvort að taka okkur frí eða gera það í okkar frítíma því búið stendur engan veginn undir okkar framfærslu. Þannig að það er svolítið erfitt að vinna þetta upp. En ég fékk sem sagt styrkinn til að vinna þetta kolefnisjöfnunarverkefni mitt, fá staðfestinguna og í kjölfarið vinna með einhverjum veitingastöðum. En svo kom Covid og þá lokuðu allir veitingastaðir. Þeir hafa þó sýnt þessari hugmynd áhuga í kjölfar aukins fjölda erlendra ferðamanna og þegar hægt væri þá að hafa veitingahúsin meira opin. Eins og er eru því ekki komið á fullan skrið enn þá. Að auki hef ég ekkert haft tíma aflögu fyrir verkefnið en það breytist þó vonandi í sumar. Við eigum kjöt inni á sláturhúsi síðan sl. haust sem ég myndi vilja vinna, og ef það næst núna í sumar væri hægt að koma því til veitingahúsa. Þeir gætu prófað að setja það á matseðilinn hjá sér og þá gætum við mögulega séð hver markaðurinn væri fyrir haustið – einna helst með komu ferðamanna



Erla Jónsdóttir við plöntun trjáa á góðum degi.

sem eru vel borgandi allt árið og vilja oft bæta kolefnissporið sitt. Það ætti ekki að vera vandamál upp á að kanna hvort sé markaður fyrir kolefnisjafnað kjöt eða ekki. En það var líka þælingin – að fá borgað fyrir vinnuna og selja það því dýrara.

En ég finn þó að það er það sem fólki er efst í huga í dag – bara buðan þegar á hólminn er komið. Frá mínum bæjardrym séð er samt heilmikill kostnaður við vinnuna

sem liggur að baki. Við erum með 300 kindu bú, 35 hektara af skógi sem er verið að koma upp og erum með því að festa það land til næstu 40 ára. Auk þess er hellings land sem er fríðað vegna uppgræðslu. Þannig að það er ekkert sjálfgefið að allir bændur, til dæmis þeir sem eru með 800 kindu bú, geti kolefnisjafnað sína framleiðslu! Þeir ættu þá að vera með um 80 hektara ætlaða skógrækt. Vinna við slíkt er ekki raunhæf held ég og landrymi sjaldnast til staðar.“

- Nú kom fram á aðalfundi 2017 að áætlað sé að kolefnisjafna allt sauðfé sem fyrst. Telur þú það raunhæft? Fær fólk styrki almennt – til skógræktunar til dæmis?

„Ekki ef hver og einn bóndi á að gera þetta sjálfur. Í okkar tilfelli gerðum við samning við Norðurlandsskóga, þannig að við fáum plönturnar og eitthvað smávegis upp í vinnuna. En við fáum ekkert fyrir landið nema að sjálfsögðu kolefnisbindingu sem við ættum að geta ráðstafað og fallelgra land. En þetta landsvæði er þinglýst undir skógrækt í 40 ár.

- Hvað telur þú bændur helst vila fyrir sér þegar kemur að kolefnisjöfnun?

„Enn og aftur bara landsvæðið. Að „fórna“ landinu í skógrækt, geta ekki notað það til annars, þurfa að



Smáframleiðendur á ferðinni

Smáframleiðendur á Norðurlandi vestra og Vörusmiðja BioPol reka sölubíl smáframleiðenda sem býður upp á fjölbreyttar gæðavörur frá framleiðendum af Norðurlandi vestra. Vörusmiðja BioPol er staðsett í gamla frystihúsinu á Skagaströnd, hefur vinnsluleyfi frá Matvælastofnun og þar eru framleiðendur og frumkvöðlar velkomnir til að þróa og framleiða sínar vörur.

viðhalda girðingum til að fríða ræktunina ágangi og hafa samt beitoland fyrir sauðféð. Auðvitað væri ágætt ef allir bændur í sveitinni væru opnir fyrir samstarfi sín á milli. Að bóndinn sem vill ekki vera með kindur myndi þá kannski vera til í að kolefnisjafna granna sinn með því að vera með skóg eða landrækt.

Ég var einmitt að lesa nýju landbúnaðarstefnuna og þar er svolítið verið að tala um að ef þú vilt búa á jörðinni – að þá sé þér gert það kleift, ekki bara til þess að vera með sauðfé eða mjólkurframleiðslu. Ríkisvaldið



Grónir melar Hafursstaða í vorlitunum.



Guðrún með einn af köttunum sínum með smekk eins og hún notar á alla kettina sína. Hægt er að panta smekkina í gegnum síðuna <https://www.pet-bliss.is/> sem er dreifingaraðili í Evrópu. Þeir koma þá bara í umslagi í gegnum lúgunu. Smekkurinn er settur á venjulega ól og er með frönskum rennilás.

Smekkir á ketti til að þeir veiði ekki fugla

Guðrún Gauksdóttir, sem býr í Kaldadarnesi í Árborg, á þrjá ketti, sem heita Kúri, sem er tvítugur, Vigdís, sem er 12 ára og svo Kíró, sem er 10 ára. Hún er alltaf með smekki á þeim á vorin og sumrin þegar þeir fara út.

„Já, ég hafði leitað ýmissa leiða til að koma í veg fyrir að kisurnar veiddu fugla, ól með bjöllum og þess háttar. Auðvitað er eina örugga leiðin að halda þeim inni vor og sumur en það gengur nú misjafnlega ef þeir eru á annað borð útikettir. Elsti kötturinn okkar var orðinn mjög fær í að opna glugga. Hann er reyndar kominn á eftirlaun, orðinn tvítugur, og lætur sér nægja að njóta þess að horfa á fuglana út um gluggann. Svo rakst ég á umfjöllun um svokallaðan „catbib“ eða kattarsmekk á vefnum. Trúði fullyrðingunum um ágæti hans

svona máttulega en ákvað að prófa,“ segir Guðrún.

– Og hvernig gekk? – „Mjög vel en nú er komin sjö ára reynsla og satt að segja man ekki hvenær þær færðu mér fugl síðast. Ég get ekki séð að smekkirir há þeim að ráði, nema í veiðum. Smekkurinn er úr léttu efni og þeir geta stokkið upp á borð í þvottahúsinu og fengið sér að borða. Það tók auðvitað smá tíma fyrir þá að venjast því að hreyfa sig með smekkin en ekki langan. Einn af köttunum flutti til okkar í fyrra en hann er 10 ára og þetta er því annað sumarið hans með smekkin. Gengur mjög vel. Smekkurinn virkar þannig að þegar þeir setja sig í veiðistellingar þá flækist hann fyrir og gerir þeim erfitt fyrir að læsa klóm og kjafti í fuglana,“ segir Guðrún Gauksdóttir. /MHH

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Lely Center Ísland

**GRAFAGRINDUR
GOTT ÚRVAL**



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

EYJALIND

Gúmmíbelti
– Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Samstarfsaðilar Fab Lab smiðju Vesturlands við undirritun samningsins.

Fab Lab smiðja Vesturlands á Akranesi hefur tekið til starfa

Á dögunum var opnuð Fab Lab smiðja á Akranesi að Þórdísi Kolbrúnu Reyk fjörð Gylfadóttur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra viðstaddir. Stöðin verður nokkurs konar móðurstöð fyrir aðrar Fab Lab smiðjur á Vesturlandi og víðtækur samstarfsvettvangur skóla og fyrirtækja á svæðinu.

Hátíðleg stund var við undirskrift samningsins um smiðjuna í nýjum húsakynnum smiðjunnar hjá Breið þróunarfélagi við Bárugötu á Akranesi. Samstarfsaðilar nýrrar smiðju og þeir sem skrifuðu undir samninginn eru Akraneskaupstaður, ArtTré, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Breið þróunarfélag, Brim, ELKEM Ísland, Félag eldri borgara á Akranesi, Fjölbautaskóli Vesturlands, Fjöliðjan, Grunnskólar á Akranesi, Icewind, Landssamtök Karla í skúrum, Leikskólar á Akranesi, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Muninn Film, Norðurál, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Skaginn 3X, Starfsendurhæfing Vesturlands og Símenntunarmiðstöð Vesturlands.

Góður fjárhagslegur stuðningur

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun styðja verkefnið næstu þrjú árin með 4 milljóna króna framlagi árlega.

„Stafrænu smiðjurnar eru vettvangur þar sem hugmyndir verða að veruleika og ný verðmæti verða til. Hugmyndaauði fólks er stærsta auðlindin og eru engin takmörk sett.



Valdís Fjölnisdóttir framkvæmdastjóri Breið þróunarfélags, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Þórdís Kolbrún Reyk fjörð Gylfadóttir ráðherra undirrita samning milli Breið, Akraneskaupstaðar og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins varðandi smiðjuna.

Í Fab Lab búum við til vettvanga fyrir nýsköpun og þjálfun fyrir störf framtíðarinnar. Ég er sérstaklega glöð með að svona smiðja verði á Akranesi sem er í takti við áherslur mínar um að efla nýsköpun um land allt,“ sagði Þórdís Kolbrún Reyk fjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra þegar hún ávarpaði gesti. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun einnig til að byrja með styðja verkefnið um 4 milljónir króna árið 2022.

Sérstaða Fab Lab smiðju Vesturlands

Fab Lab smiðja Vesturlands er frábrugðin öðrum smiðjum á þann veg að hægt er að þróa, skapa

og framleiða afurðir, allt á sama staðnum. Þessi möguleiki er fyrir hendi þar sem starfandi samhliða smiðjunnar er fjölskyldufyrirtækið ArtTré sem er í margþættri starfsemi á sviði merkinga og framleiðslu á smávörum, hönnunar- og heimilismunum sem unnið er úr ýmiss konar hráefni svo sem tímberi, plexí, plasti, gleri og áli. Fyrirtækið hefur yfir að ráða hágæða 100w laser og CNC tölvufæræsa ásamt stórprentunar Mutho pringer og Jaguar plotter, tæki sem nýtast starfsemi Fab Lab smiðju einstaklega vel. Fyrirtækið Icewind mun einnig vera með starfsemi sína í sama húsi og Fab Lab smiðjan og leggja til búnað fyrir smiðjuna ásamt því að taka þátt í þróun verkefna. /MHH

Bætt aðgengi háskólanáms á Austurlandi

Frá og með næsta hausti mun Háskólinn í Reykjavík bjóða upp á undirbúningsnám fyrir háskólanám á Austurlandi, í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Námið verður sveigjanlegt, blanda hefðbundins og stafræns náms, með kennslu og aðstöðu í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði.

„Ég fagna samstarfinu og þakka fyrir þá góðu vinnu sem unnin var í stýrihópnum sem settur var á fót á grunni samningsins sem undirritaður var í haust. Það er von mín að þetta skref greiði götu íbúa Austurlands sem áhuga hafa á að hefja háskólanám, en skortir grunninn. Þetta markar ný spor í aðgengi að háskólanámi á Austurlandi,“ segir Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.

Rektorar háskólanna, þeir Ari Kristinn Jónsson og Eyjólfur Guðmundsson, fagna þessu mikilvæga skrefi til að bæta aðgengi að háskólanámi og efla tengsl við atvinnulíf á Austurlandi. Þeir



Austurland: Frá undirritun samstarfssamningsins: Einar Már Sigurðarson, formaður Austurbrúar, Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, og Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra. Mynd/Gunnar Gunnarsson.

segja að skólarnir bjóði upp á fjölbreytt nám sem geti stutt við þróun þekkingarsamfélags og atvinnulíf í landshlutanum. Það sé einkar ánægjulegt að taka þátt í samhentun áttaki samfélagsins, fyrirtækja, sveitarfélaga sem og ráðuneytis menntamála við að bæta aðgengi

ad tækninámi utan höfuðborgarsvæðisins.

Fram undan er kynning á námsframboði Háskólagrunns HR á Austurlandi og á næstu dögum verður auglýst eftir verkefnistjóra í útibú háskólanna á Reyðarfirði.

/MHH

Landssamtök skógareigenda: Samþykkja sameiningu við Bændasamtök Íslands

— og starfa sem deild innan nýrra samtaka

Landssamtök skógareigenda (LSE) samþykktu á aðalfundi sínum 15. maí að sameinast Bændasamtökum Íslands í nýju félagskerfi bænda, sem fyrirhugað er að stofnsetja á miðju sumri. LSE verður þó ekki slitið og starfar sem deild innan nýrra samtaka.

Fundurinn samþykkti að fjármagni LSE verði skipt í tvo jafna liði; annars vegar í tengslum við Kolefnisbrúna og hins vegar að efla búgreinadeild skógarbænda innan BÍ til frekari kynningar fyrir núverandi félagsmönnum LSE.

Meðal samþykktra tillagna frá fundinum var hvatning til Skógræktarinnar að gefa upp kolefnisbindingu samningsbundinna jarða í skógrækt – óski skógarbóndi eftir því.

Bændaskógrækt verði færð undir landbúnaðarráðuneytið

Samþykkt var að leita til umhverfisráðuneytisins varðandi þann möguleika að heimila skógar-

bændum að framselja kolefnis-einingar úr sínum skógum. Í greinargerð með tillögunni er þess farið á leit við ráðuneytið að það gefi skógarbændum leyfi til að selja kolefnisbindingu úr sínum skógum, óháð aldri skóganna, óski þeir þess. „Kolefnisbinding sem fellur til innan bændaskógræktar verður fyrst og fremst nýtt til að kolefnisjafna búrekstur bænda eða til sölu. Enda kemur skýrt fram í skógræktarsamningum að skógurinn sé eign bóndans. Þannig aukast tekjur þeirra sem vinna að skógræktinni, sem ætti að efla búsetu í dreifbýli jafnframt því að mynda skattstofn fyrir ríkið,“ segir í greinargerðinni.

Þá var samþykkt sú tillaga að lögð verði þung áhersla á það að bændaskógrækt verði færð frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Í greinargerð kemur fram að bændaskógrækt sé eins og hver önnur grein landbúnaðar og því eðlilegt að hún sé undir landbúnaðarráðuneytinu, enda

verði skógarbændur væntanlega hluti af Bændasamtökum Íslands fljótlega. „Þannig skapast forsendur til þess að bændaskógrækt verði fjármögnuð í gegnum búvörusamning sem ætti að þýða öruggari fjármögnun til greinarinnar. Það er mjög mikilvægt að við uppbyggingu skógarauðlindar sé trygg fjármögnun til lengri tíma,“ segir í greinargerðinni. /smh

Samtök smáframleiðenda matvæla: Gera tímamótasamning við Eimskip

Í maí tók gildi nýr viðskiptasamningur milli Samtaka smáframleiðenda matvæla (SSFM) og Eimskips sem eykur verulega hagkvæmni í innanlandsflutningum félagsmanna.

Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri SSFM, segir að samtökin hafi farið þess á leit við Eimskip að gera viðskiptasamning um innanlandsflutning sem myndi auka fyrirsjáanleika og tæki sérstaklega til þess að sendingar þeirra væru að jafnaði smáar:

„Við lögðum áherslu á að flutningskostnaður mætti ekki vera hindrun í vegi smáframleiðenda matvæla til að koma vörum sínum í verslanir eða beint til neytenda.“

Hún segir að flutningur sé óumflýjanlegur hluti af viðskiptum félagsmanna sem séu staðsettir um land allt og því mikilvægt að hann dragi ekki úr samkeppnishæfni þeirra.

Pálmar Viggósson, sölustjóri á innanlandssviði Eimskips, segir að hann hafi tekið vel í umleitanir samtakanna.

„Við hjá Eimskip teljum mikilvægt að styðja við grasrót matvælaframleiðenda á Íslandi, enda eru vöruflutningar mikilvægur partur af starfsemi þessara fyrirtækja.



Við undirskrift samninga.

Nýr samningur var kynntur félagsmönnum SSFM í lok apríl, bæði skriflega og á rafrænum kynningarfundum og var honum vel tekið.

Pálmar segir Eimskip vera sérfræðinga í kæli- og frystivöru og því hafa matvæli alltaf verið stór hluti af flutningum fyrirtækisins. „Við tryggjum að matvæli séu flutt á réttan hátt frá móttöku til afhendingar og stöndumst ströng skilyrði um matvælaöryggi,“ segir Pálmar.

„Eimskip er með stærsta dreifinet landsins, um áttatíu viðkomustaði, sem þýðir að við keyrum hvert á land sem er, sem skiptir fyrirtæki innan samtakanna miklu máli þar sem þau eru staðsett víðs vegar um landið og viðskiptavinahópur þeirra einnig.“

„Við hlökkum til að eiga í góðum samskiptum og árangursríku samstarfi við þau og fylgjast með þeim vaxa og dafna í framhaldinu,“ segir Pálmar að lokum.

TUDOR RAFGEYMAR

Rafgeymirinn í dráttarvélinni orðinn gamall og lúinn ?



Extra hróð endurhlésla Nýjar blýgrindur 3DX tækni Mikló Bólur, mikinn aukar rafbúnað Fyrir megið kalt loftslag

Vertu tilbúin í vorverkin með TUDOR

SKORRI TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

RÉTTUR



- Bílaréttingar
- Sprautun
- Tjónaviðgerðir

Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



WPL
Diamond



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

ROTÞRÆR



CE
vottaðar

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðurstæðingu á rotþró

sæplast®

SÆPLAST | Gunnarsbraut 12 | 620 Dalvík | Sími: 460 5000 | www.saeplast.com



Til liðs við náttúruna

Náttúran kallar

á bestu lausnirnar í umhverfismálum

Þriggja hófa rotþræ fyrir sumarhús og heimili.

CE-vottaðar samkvæmt staðli:

ÍST EN 12566-1:2000/A1:2003.

Fylgja einnig séríslenskum kröfum um uppbyggingu rotþróa.

Fást í byggingavöruslunum um land allt.

Grýtubakkahreppur átelur seinagang og sinnuleysi heilbrigðisráðuneytis:

Um 19 milljónir í rekstur hjúkrunarheimilis vegna vanfjármögnunar ríkisins

— Hreppurinn hefur greitt á annað hundrað milljónir með rekstrinum frá því heimilið var tekið í notkun árið 1998

Grýtubakkahreppur lagði tæplega 19 milljónir króna á árinu 2020 með rekstri hjúkrunarheimilisins Grenilundar vegna vanfjármögnunar af hendi ríkisins. Rekstrarframlag Grýtubakkahrepps vegna Grenilundar hefur aldrei verið hærra en á liðnu ári. Gera má ráð fyrir að sveitarfélagið leggi út álíka háa upphæð með rekstrinum í ár að óbreyttu.

Grenilundur var tekinn í notkun árið 1998 og hefur hreppurinn greitt á annað hundrað milljónir með rekstrinum yfir þann tíma.

„Það er há upphæð fyrir lítið sveitarfélag, en við gerum ekki ráð fyrir að fá nokkurn tíma krónu til baka,“ segir Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps hefur átalíð seinagang og sinnuleysi heilbrigðisráðuneytis varðandi rekstur hjúkrunarheimila á vegum sveitarfélaga og krefst tafarlausa úrbóta. Tap á rekstri Grenilundar hafði afgerandi áhrif á rekstrarmiðurstöðu sveitarfélagsins sem var fyrir vikið rekið með tapi á liðnu ári. Ríkinu ber að fjármagna rekstur hjúkrunarheimila að fullu lögum samkvæmt og telur sveitarstjórn þetta óviðunandi stöðu fyrir sveitarfélagið.

Ógagnsætt og ósanngjarnt kerfi

„Rekstur þessa málaflokks er alfarið á könnu ríkisins og það rekur dvalar- og hjúkrunarheimili sums staðar á landinu en víða hafa verið gerðir samningar við sveitarfélög



Þröstur Friðfinnsson.

um reksturinn. Sveitarfélögum eru skömmtuð daggjöld sem reynslan sýnir að duga hvergi nærri til að halda uppi þeirri þjónustu sem á að veita samkvæmt rammamanningi við ríkið um reksturinn. Hvernig þetta er á þeim stöðum sem ríkið er sjálft með reksturinn vitum við ekki, en kerfið er ógagnsætt og ósanngjarnt. Svo mikið vitum við,“ segir Þröstur.

Hann nefnir að skýrsla sem gerð var um um vanda heimilanna og leit dagsins ljós í fyrra hafi einungis leitt í ljós það sem allir vissu: Að kerfið væri vanfjármagnað. „Heilbrigðisráðuneytið hefur ýtt vandanum á undan sér og það hefur síðustu misserin verið að sigla hraðbyri í það strand sem kerfið er í núna. Viðbrögð eru m.a. þau að



Grenilundur á Grenivík í Grýtubakkahreppi. Þar er pláss fyrir 10 íbúa en daggjöld fást einungis með 9. Eitt herbergi stendur autt þótt þörfin sé mikil og biðlisti eftir pláss á heimilinu. Grýtubakkahreppur borgaði um 19 milljónir króna með rekstri heimilisins í fyrra og útlit fyrir að upphæðin verði ekki lægri í ár að óbreyttu.

fjögur sveitarfélög hafa sagt upp samningi við ríkið og hann kominn í hendur annarra,“ segir Þröstur.

Einkafélag borgar ekki milljónir með rekstrinum

„Sú góða þjónusta sem veitt er á Grenilundi er íbúum Grýtubakkahrepps og nærsveita afar mikilvæg. Metnaður sveitarstjórnar stendur til þess að svo megi áfram verða,“ segir í bókun sveitarstjórnar. Hún hafnar einkavæðingu hjúkrunarheimila sem byggist á kjaraskerðingu starfsfólks og skerðingu á þjónustu við íbúa. „Okkur hugnast ekki að fara þá leið, það fylgir henni mikil óvissa sem

við erum ekki tilbúin að fara út í. En það hlýtur að segja sig sjálft að einkahlutafélag er ekki að taka við rekstri hjúkrunar- og dvalarheimila til að borga með þeim milljónir á ári, jafnvel tugi eða hundruð milljóna á stærri heimilum,“ segir Þröstur.

Blóðugt að horfa á autt herbergi þegar þörfin er mikil

Hann segir þá stefnu heilbrigðisráðuneytis fráleita að á sama tíma og samið er um byggingu nýrra hjúkrunarheimila, séu fyrsta flokks hjúkrunarrými látin standa auð og ónotuð þegar þörfin æpir. Á Grenilundi er rými fyrir 10 íbúa en einungis eru greidd daggjöld með 9

rýmum. Fengist heimild til að nýta tíunda rýmið á heimilinu myndi það gerbreyta rekstri þess til hins betra og gæti í leiðinni losað um dýrari pláss á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Á Grenilund komi iðulega fólk til hvíldarinnlagnar frá Akureyri og víðar.

„Það er blóðugt að horfa upp á tíunda herbergi heimilisins standa autt þegar þörfin er brýn og biðlisti eftir plássum. Það þarf ekki að kosta miklum fjármunum til, mönnum er svo dæmi sé tekið hin sama hvort heldur íbúar eru 9 eða 10 talsins. En fyrir okkur skiptir það sköpum að nýta öll plássin og hafa úr meira fé að spila til að reka heimilið,“ segir Þröstur. /MPÞ

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

BIRCHMEIER®

SMART UND SWISS SEIT 1876

Granomax 5

Kornadreifari með skammtara - Hróð og jöfn dreifing

- Fyrir áburð, fræ, steinsalt og sand
- Kornað efni allt að 4 mm að stærð
- Hentar fyrir lítill og meðalstór svæði
- Heldur höndunum hreinum



STREYMI
heildiverslun

Streymi heildiverslun ehf. | Sími: 588 2544 | streymi@streymi.is | www.streymi.is



Fyrsta skóflustugan var tekin að nýju fimm íbúða raðhúsi á Djúpavogi í liðinni viku. Forseti sveitarstjórnar Múlaþings, fulltrúi sveitarstjóra á Djúpavogi og heimastjórn Djúpavogs tóku þátt í þeirri athöfn. Myndir / Múlaþing

Djúpivogur í Múlaþingi:

Framkvæmdir að hefjast við byggingu fimm íbúða raðhúss

Fyrsta skóflustunga að nýju fimm íbúða raðhúsi við Markarland á Djúpavogi var tekin fyrir skömmu. Þróunarfélagið Hrafnshóll ehf. byggir íbúðirnar fyrir leigufélagið Nýjatún ehf. Íbúðirnar verða 2 og 3 herberga, 56 fermetrar og 76 fermetrar að stærð.

Framkvæmdir fara nú í fullan gang, að því er fram kemur á vefsíðu Múlaþings, og verða tilbúnar til afhendingar snemma í haust. Um er að ræða vandaðar íbúðir sem skilað er fullbúnum með helstu tækjum í eldhúsi og öllum gólfefnum. Lóðin er tyrfð að utan og timburvernd fyrir utan stofu.

Hrafnshóll er viðurkenndur byggingaraðili hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og því hægt að bjóða íbúðirnar til sölu með



Íbúðirnar verða 2 og 3 herbergja, 56 og 76 fermetrar að stærð.

hlutdeildarlánun þar sem HMS leggur fram 20% af kaupverði og kaupendur þurfa einungis að leggja fram 5% kaupverðs.

Byggja 150 íbúðir um landið

Hrafnshóll er með áætlanir um byggingu á um 150 íbúðum í

sveitarfélögum víðs vegar um landið. Í Múlaþingi mun félagið reisa átta íbúðir á Seyðisfirði fyrir húsnæðissjálfeignarstofnunina Bæjartún hses. Bæjartún hyggst einnig byggja tíu íbúðir á Egilsstöðum/Fellabæ með stofnframlögum frá HMS og sveitarfélaginu. /MPÞ

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Horft til Spákonufells. Þegar hefur verið gróðursett í um 25 hektara lands af þeim 140 sem skógræktarsvæðið allt mun ná yfir. Félagið On Tree Planted leggur fram um 19 milljónir króna vegna verkefnisins.

Um 180 þúsund trjáplöntur verða gróðursettar í hlíðum Spákonufells

Alls verða gróðursettar 180 þúsund trjáplöntur í hlíðum Spákonufells ofan við þéttbýlið á Skagaströnd samkvæmt samningi á milli Skógræktarinnar og One Tree Planted. Hafist verður handa næsta vor, 2022, en verkefnið lýkur haustið 2024. Í kjölfarið mun vaxa upp skógur sem nýttist m.a. íbúum Skagastrandar, nágroönum þeirra og gestum til útivistar.

Unnið verður við gróðursetninguna næstu þrjú árin en plantað verður í um 140 hektara lands í neðanverðum hlíðum Spákonufells. Sveitarfélagið Skagaströnd á landið og þegar hefur verið gróðursett í um það bil 25 hektara lands. Þetta kemur fram á vef Skógræktarinnar.

Blandskógur með birki, greni og ösp

Í samningnum við One Tree Planted er gert ráð fyrir að skógurinn verði blandskógur með birki, sitkagreni og alaskaösp en aðrar tegundir koma síður til greina í upphafi, enda eru sumrin svöl og vetrarveður geta orðið hörð. Hluta svæðisins þarf að jarðvinna fyrir gróðursetningu. Þegar fram líða stundir og skógurinn fer að mynda skjól má auka fjölbreytnina með fleiri trjátegundum sem gera meiri kröfur en stuðla að aukinni líffjölbreytni á svæðinu.

Framlag upp á 19 milljónir króna

Framlag One Tree Planted til verkefnisins nemur um 150.000 Bandaríkjadollurum sem er hátt

í nítján milljónir íslenskra króna. Samningurinn er án skuldbindinga annarra en þeirra að skóginum verði komið upp og honum viðhaldið til framtíðar, að því er fram kemur á vef Skógræktarinnar.

One Tree Planted hefur áður gert samning við Skógræktina um samþættingu verkefni að Ormsstöðum í Breiðdal, en félagið býður almenningsi, félögum og fyrirtækjum um heim allan að kaupa tré til gróðursetningar á samningssvæðum þess víða um lönd. Markmið félagsins er að auka skóglendi á jörðinni og er áhersla lögð á samfélagslegan ávinning á viðkomandi svæði, auk jákvæðra áhrifa á umhverfi og loftslag.

11 kílómetrar af miserfíðum stígum

Forsaga þessa verkefnis er að á líðnu ári var undirritaður samstarfs-samningur milli Sveitarfélagsins Skagastrandar og Skógræktarinnar um skógrækt á svæðinu en heima-fólk óskaði eftir samstarfinu til að efla samfélagið og umhverfi þess. Stígakerfi verður lagt um skógræktarsvæðið sem bæði auðveldar vinnu við framkvæmd skógræktarinnar og fjölga útivistarmöguleikum. Alls er gert ráð fyrir að leggja yfir 11 kílómetra af stígum. Gönguleiðum fjölga verulega og verða þær miserfíðar og mislangar þannig að þær henti mismunandi hópum. Þegar skógurinn vex úr grasi skapast skjól sem eykur veðursæld í og við skógræktarsvæðið auk kolefnisbindingar, framtíðarnyttja og annarra verðmæta sem fylgja skógrækt. /MPÞ

Lifraæn hreinsun skólps

ANAEROBIX HREINSIVIRKI
með síu yfir 90% hreinsun



- Verð frá: 250.000 m/vsk.
- Stærðir 3-600 persónueiningar
- Ekkert rafmagn
- Meira en 2ja þrepa hreinsun

ONE2CLEAN HREINSISTÖÐ
allt að 99% hreinsun



- Verð frá 510.000 m/vsk.
- Stærðir 3-1500 persónueiningar
- Rafræn vöktun (valkvæmt)
- Getur hreinsað eColi allt að 99,9%

- Þægilegar í uppsetningu og lítið viðhald
- Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótél o.fl.
- Engar siturlagnir – fyrirferðarlítill
- Mikil pláss fyrir seyru
- CE vottað
- Uppfylla kröfur til hreinsunar á viðkvæmum svæðum t.d við Þingvallavatn

INNIFALID Í VERÐI

- Athending á verkstað innan 100km frá Reykjavík
- Drengöng með gátlúgu sem tryggja að vökvi komist óhindrað út í jarðveg



HVAMMSHÓLAR



SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAEMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Lely Center Ísland

HAUGHRÆRUR



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Flugnabani

-flugnaljós-



Tvær stærðir:
fyrir 70 m² rými á 5.865 kr. +vsk
fyrir 100 m² rými á 11.800 kr. +vsk

Hafrún ehf
Sími: 844-5288
hafrunehf@gmail.com

RANDEX

RANDEX - VAGNAR AF VÖNDUÐUSTU GERÐ

- Við bjóðum margar stærðir og útfærslur af **RANDEX** vögnum
- **Hardox 450** stál með allt að **80% meiri endingu**
- **Hagstætt verð**



Gerðu kröfur - hafðu samband við Snorra Árnason í síma **590 5130** og kynntu þér þína möguleika

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is



SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Landgræðslan:

Landgræðsluverðlaunin 2021

Árni Bragason landgræðslustjóri afhenti nýlega Landgræðsluverðlaunin 2021. Verðlaunin eru afhent einstaklingum, félagsamtökum og sveitarfélögum sem hafa þótt sýna góðan árangur við landgræðslu og landbætur og voru fyrst afhent 1990.

Verðlaunahafar að þessu sinni eru Skútustaðahreppur, Bláskógaskóli og Menntaskólinn á Laugarvatni og fedginin Ásgeir Árnason og Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir, bændur á Stóru-Mörk III. Í umsögn vegna verðlaunanna segir meðal annars:

Skútustaðahreppur – Sveitarfélag með virka umhverfisstefnu

Íbúar í Skútustaðahreppi eru upp til hópa miklir áhugamenn um umhverfismál og landvernd. Framsæknar sveitarstjórnir liðinna ára og áratuga beittu sér í umhverfismálum og hafa nú íbúar í Skútustaðahreppi tekið forystuhlutverk á ýmsum sviðum umhverfismála. Sveitarfélagið hefur sett sér metnaðarfulla og virka umhverfisstefnu.

Ferðaþjónustan hefur vaxið gríðarlega í Skútustaðahreppi á liðnum árum. Sveitarstjórnarmenn gerðu sér fljótt grein fyrir því að álag á vistkerfi Mývatns væri of mikið og fráveitumálum þyrfti að koma í betra horf. Ákveðið var að fara svonefnda „svartvatnsleið“ og byggður tankur fyrir svartvatn á Hólasandi.



Árni Bragason landgræðslustjóri afhendir Bláskógaskóla og Menntaskólanum á Laugarvatni landgræðsluverðlaunin 2021. Myndir / Landgræðslan

Verkefninu má lýsa á þann hátt að ákveðið hafi verið taka á brott vandamál og breyta yfir í tækifæri.

Bláskógaskóli og Menntaskólinn á Laugarvatni – Langimelur

Verkefnið við Langamel hófst árið 2016. Umhverfisnefnd ML frétti

af verkefni Landverndar um vistheimt með skólum og vildi vera með í því. Nefndin ákvað að taka fyrir uppblásið svæði sem næst skólanum og fékk leyfi til að hefja uppgræðslu á Langamel. Langimelur er í um tveggja kílómetra fjarlægð frá Laugarvatni, við gamla Lyngdalsheiðarveginn og vegarslóði er upp að honum. Svæðið er að hálfu innan skógræktargirðingar og því ákjósanlegt til að rannsaka samfimis áhrif beitar á friðað og ófriðað land-

græðslusvæði. Nemendur í jarðfræði settu upp tilraunareiti með hjálp Landverndar og nemendur unnu með þá í nokkur ár.

Bændur Stóru-Mörk III, sannir landgræðslubændur

Bændur í Stóru-Mörk III undir Vestur-Eyjafjöllum og bændur á Merkurhæjunum voru afar afkastamiklir á árunum eftir Þjóðargjöfina við að græða upp víðfeðm rofabörð á jörðum sínum í



samstarfi við Landgræðsluna og Merkurhæundur þar jafnan fremstir í flokki. Þeir beittu sér einnig fyrir gerð varnargarða við Markarfljót en það hafði um margra áratuga skeið brotið land jarðanna í Mörk.

Þeir tóku virkan þátt í samningaferlinu um beitarfriðun Almenninga, sem hófst 1985 og lauk 1990 með samningi við Landgræðsluna. Þar með var allt Þórsmerkursvæðið beitarfriðað.

Bændur í Stóru-Mörk III voru einnig í framvarðasveit Merkurhæunda sem í kjölfar öskufalls úr Eyjafjallajökli árið 2010 hófu uppgræðslu í samstarfi við Landgræðsluna á jökulárumum í Merkurnesi og allt inn að Gígjökli. Uppgræðslan batt gjóskuna og kom þar með í veg fyrir að askan bærist yfir byggðirnar beggja megin við Markarfljótið. /VH

Lely Center Ísland



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR FRÁBÆR VERÐ

John Deere Ford
Zetor Fiat
Case IH New Holland
McCormick Deutz-Fahr
Steyr Massey Ferguson
Claas

Bændablaðið
Kemur næst út
10. júní

LÍF & STARF

Vel látið af raunfærni-
mati í búfræði

Símenntunarmiðstöð Vesturlands hefur undanfarin ár boðið upp á raunfærni- og búfræði í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands sem hefur gengið framfarar vonum og góð aðsókn er í raunfærni- og búfræðimati. Raunfærni- og búfræðimati er leið til að meta þá þekkingu og færni sem einstaklingar hafa aflað sér á vinnumarkaði. Matið getur mögulega stýtt nám og verið hvatning til að ljúka því.

„Hérna erum við að taka þekkingu og reynslu bænda sem hafa þriggja ára reynslu og metum inn í námið. Þetta getur bæði stýtt þeim námstímann eða er kjörið fyrir þá sem eru að hefja nám að nýju og hafa ekki áður lokið sinni menntun, það er framhaldsskólaláprofi,“ segir Sólveig Indriáadóttir náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands.

Allir geta verið með

Matið er ætlað þeim sem hafa náð 23 ára aldri og starfað í greininni í a.m.k. þrjú ár. Fræðslusjóður framhaldsfræðslunnar greiðir fyrir þátttakendur sem hafa ekki lokið formlegri menntun.

„Raunfærni- og búfræði var fyrst unnið sem tilraunaverkefni og var unnið frá grunni með Landbúnaðarháskólanum. Það tekur tíma að markaðssetja ný verkefni en það hefur gengið vel.



Sólveig Indriáadóttir.

Við höfum tekið inn 15 manns á ári og þetta er mjög sjálfsefandi og styrkjandi fyrir einstaklinginn,“ segir Sólveig og bætir við:

„Það eru allir velkomnir í raunfærni- og búfræðimati, hvort sem þeir hafa byrjað búskap nýlega eða tekið við búi. Kosturinn við þetta er að matið fer allt í gegnum fjarfundi, sem einfaldar okkur að ná til fólks um allt land. Þó raunfærni- og búfræðimatið sé greitt niður fyrir þá sem hafa ekki lokið formlegu námi þá eru allir, sem uppfylla skilyrði, velkomnir að koma í raunfærni- og búfræðimatið en verða þá að greiða fyrir það sjálfir. Það var því vert að vekja athygli á að skoða niðurgreiðslu hjá sínu stéttarfélagi og starfsmenntasjóði.“

Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, námsbrautarstjóri búfræðibrautar, er ánægður með samstarfið og segir þetta góða viðbót fyrir þá sem vilja ljúka námi í búfræði.

„Þetta kemur vel út og er að ryðja sér til rúms um allt land. Þetta hefur verið mislengi í ólíkum greinum en það er gott fyrir fólk að geta fengið staðfestingu á þekkingu og að þurfa ekki alltaf að ganga í gegnum skóla með allt án þess þó að gjaldfella nokkurt nám. Annað í þessu er að mikilvægt er að einhverjir geta fengið hækkun um launaflokk í vinnu með raunfærni- og búfræðimatið í vasanum, hér er komin viðbótarkerfing sem margir vinnuveitendur taka tillit til.“ /ehg



FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN er með til sölu jarðirnar Ytra-Fell (landeignanúmer 152828) og Möðrufell (landeignanúmer 152730) í Eyjafjarðarsveit.

Jörðin Ytra-Fell er staðsett innarlega í Eyjafirði. Bærinn stendur í lítilli brekku rétt austan Finnastaðavegar. Túnið er samfellt en hallandi og nokkuð mishæðt niður frá bænum. Þá tekur við flatlendi að svo kölluðu Nedrahrauni. Skriðjökulsurð er meðfram Skjöldalsánni frá Gilsbakka að Eyjafjarðarbraut og svo norður með henni. Beitiland er í Möðrufellssjalli, á Hraungerðisdal og Skjöldal norðanverðum sem er afrétt. Jörðin er um 25 hektarar og eru um 20 hektarar ræktaðir. Byggingar eru sem hér segir: Íbúðarhús byggt 1955 alls 173 m² á tveimur hæðum, fjós byggt 1952, hlaða byggt 1977 2412 m². Fjósi og hlöðu hefur verið breytt í lausagöngufjós og settur var upp mjaltarbás árið 2000. Umfalsverður framleiðsluréttur í mjólk eða um 420 þúsund lítrar. Land jarðarinnar Möðrufell er samliggjandi og seljast jarðirnar saman.

Á Möðrufelli er nokkuð gott ræktunarland. Jörðin er samliggjandi landi jarðarinnar Ytra-Fells og seljast jarðirnar sem ein rekstrareining eins og áður hefur komið fram. Jörðin er talin vera um 1.800 hektarar. Hluti af jörðinni er fjallandi í svokölluðum Skjöldal og hefur hún því nægilegt afréttarland. Ræktað land er um 40 hektarar.

Þröngt er um ræktunarland á þessum slóðum, en möguleiki er að auka eitthvað ræktun á Möðrufelli. Mikið nautgripaelði er á jörðinni. Jörðin er samrekin með kúabúinu á Ytra-Felli. Ungneyti eru í lausagöngufjósi, sem er með haughúsi undir. Skjöldalur er grösugur dalur uppaf bænum og fylgir jörðinni, um hann rennur Skjöldalsá.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson, sími 550 3000 eða 892 6000 eða sendið tölvupóst á netfangið magnus@fasteignamidstodin.is.



SAMFÉLAGSRÝNI

Hvenær verður hlustað á sérfræðingana?

Þann 20. febrúar var stofnaður umræðuhópur á samfélagsmiðlinum „Facebook“ undir nafninu „Aðför að heilsu kvenna“. Í sjónvarpsfréttum það kvöld var lýst því slysi (eins og það var síðar kallað) í heilbrigðisþjónustu við íslenskar konur við breytingar á fyrirkomulagi við skimun fyrir leghálskrabbameini.

Margir lækningar hafa fyrr og síðar harðlega gagnrýnt þann farveg sem verkefnið var sett í, í ársbyrjun 2021. Fram hefur komið að það „...að færa þessar greiningar til útlanda stangast á við álit skimunarráðs, embættis landlæknis, meirihluta fagráðs um leghálskimanir og verkefnastjórnar um framkvæmd breytinga á krabbameinsskimunum. Allir hafa ráðlagt að HPV-veirupróf og frumurannsóknir á leghálssýnum verði gerð á rannsóknarstofum innanlands.“ (sjá frétt á vef Læknafélags Íslands: <https://www.lis.is/is/um-li/fretta-kerfi/laeknar-segja-ad-slys-hafi-ordid-i-stjornsyslunni-1>)

En ráðherra með sína nafnlausu sérfræðinga hefur setið föst við sinn keip. Þær eru ófáar sögurnar sem konur hafa sagt af samskiptum sínum við Samhæfingarmiðstöð krabbameinsskimana og þrautagöngu við að fá niðurstöður úr rannsóknum sem gerðar eru m.a. vegna eftirfylgni og fyrri sögu. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins samdi í ársbyrjun við danska rannsóknastofu um að vinna rannsóknahlutann. Hún virðist hins vegar ekki hafa fullan skilning á þessu verkefni. Nýjasta fréttin á vefsvæði hennar um þetta mál er frá 28. apríl sl. en þar segir m.a. „Leghálskrabbamein þróa yfirleitt 10-30 árum eftir að kona smitast af HPV. Því hefur töf á skimun eða svörum við henni um vikur, mánuði eða jafnvel ár þannig sjaldan áhrif á heilsu heilbrigðra einkennalausra kvenna.“ Veit Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins ekki að hún samdi ekki aðeins við dönsku rannsóknastof-



Erna Bjarnadóttir.

una um greiningu á sýnum sem tekin eru vegna skimunar heldur líka sýnum sem tekin eru hjá konum sem eru í eftirliti og bráðasýnum sem tekin eru þegar einkenni eru um krabbamein? Tekur það 10-30 ár hjá þessum konum að þróa með sér krabbamein þegar þær eru jafnvel þegar með það og tími skiptir vissulega máli að fá niðurstöðu úr greiningum?

Daginn eftir, þann 29. apríl, sendir Samhæfingarmiðstöðin svo kvensjúkdómalæknum bréf þar sem þeim er sagt að flokka bráðasýni í sérstakan plastpoka frá öðrum sýnum og merkja með rauðum doppum. eru tússpennar nú lykilverkfæri í flokkun og skráningu lífsýna íslenskra kvenna sem þurfa að bráðþjónustu að halda?

Í framhaldi af því beindi ég m.a. eftirfarandi spurningum til Svandísar Svavarsdóttur þegar Vinstri hreyfingin – grænt framboð auglýsti opinn fund með henni nú 21. maí sl.

Er það mat ráðherra að bið eftir niðurstöðum úr rannsóknum sýna sem tekin eru vegna eftirfylgni eða einkennum leghálskrabbameini, 8-12 vikur, tryggi öryggi og gæði í þjónustu við íslenskar konur?

Telur heilbrigðisráðherra þetta vera viðunandi bráðþjónustu við

konur sem kunna að vera með lífsögnandi sjúkdóm? Getur ráðherra bent á annan lífsögnandi sjúkdóm á Íslandi þar sem er sambærileg bið eftir niðurstöðum?

Hver tók ákvörðun um og ber ábyrgð á að ekki var hægt að auðkenna sérstaklega slík sýni til dönsku rannsóknastofunnar fyrir en lækningar fengu um það leiðbeiningar 29. apríl sl. Hver er reynslan af því fyrirkomulagi sem þá var kynnt?

Eina svarið sem kom við þessu er nafnlaus og orðrétt afrit af fréttatilkynningu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins frá 28. apríl. Heldur var það nú þunnur þrettándi.

Það er ekki að ástæðulausu að tími er kominn til að spyrja hvers vegna boðið er upp á nafnlaus og gangslaus svör við málefnalegum spurningum. Hvaða viðhorf felur þetta í sér gagnvart sérfræðingum

sem hafa gagnrýnt skipulagið og heilsu kvenna? Konurnar eru núna búnar að hrópa á hjálp í marga mánuði en er svarað með því að tími skipti bara engu máli því að það taki lágmark 10 ár að þróa með sér leghálskrabbamein. Til ykkar sem berið á þessu ábyrgð: Takið nú til við að vinna ofan af þessu. Núverandi staða er með öllu ólíðandi.

Erna Bjarnadóttir

VALTRA DRÁTTARVÉLAR ÞÆGINDI Í FYRIRRÚMI

VALTRA YOUR WORKING MACHINE

JÖTUNN
LANDBÚNAÐARDEILD AFLVÉLA

Austurvegur 69 | 800 Selfoss | Sími 480 0400 | jotunn.is

Gróðrarstöðin Storð flytur í Laugarásinn

Gróðrarstöðin Storð flytur nú starfsemi sína, eftir 25 ár í Kópavoginum, austur í Laugarás í Bláskógabyggð.

Gróðrarstöðin Storð framleiðir og selur allar gerðir garðplantna, tré, runna, rósur, fjölarar plöntur, sumarblóm og matjurtir.

Sérstök áhersla er lögð á að framleiða heilbrigðar og hraustar plöntur sem standast álag íslenskrar veðráttu.

Þjóðum núverandi og nýja viðskiptavini velkomna í Laugarásinn í vor og sumar.

Komdu í Gróðrarstöðina Storð og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.

GRÓÐRARSTÖÐIN STORÐ
Íslenskar plöntur

Ferjavegi 1 - Laugarás - 806 Bláskógabyggð - Sími 564 4383 - stord@stord.is - www.stord.is

ALLT FYRIR UMFERÐAR ÖRYGGIÐ!

HRADAHINDRANIR, GRINDUR, KEILUR, LJÓS, MÆLIHJÓL....

Við erum flutt á Dalveg 10-14 Kópavogi

...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA

ÍSMAR

DALVEGI 10-14 | KÓPAVOGI | SÍMI 510 5100 | ISMAR.IS



Þorsteinn Þórhallsson kjötiðnaðarmeistari að skera heilgrillað lamb.

Mynd / HKr.

... og grilla á kvöldin

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Grillmatur er ef til vill ekki hollasti matur sem hægt er að láta ofan í sig en flestum þykir hann góður og góð grillveisla er ómissandi hluti af sumrinu. Matur hefur verið eldaður yfir opnum eldi frá grárrí fornaskju og í dag er framboðið á útigrillum svo fjölbreytt að allir geta fundið sér grill við hæfi.

Ómögulegt er að segja hvenær menn fóru fyrst að steikja kjöt yfir opnum eldi en líklega hefur það gerst fljótlega eftir að upprétti maðurinn, Homo erectus, og Neandersdalsmaðurinn lærðu að kveikja og beisla eld. Einnig er mögulegt að þessir forfeður okkar hafi borðað leifar brenndra dýra sem drápu í gresju- eða skógareldum.

Franski mannfræðingurinn Claude Lévi-Strauss sagði í bók sinni *The Raw and the Cooked* í lauslegri þýðingu: „Matreiðsla markar ekki aðeins umskipti frá náttúru til menningar heldur er með henni hægt að skilgreina manninn og alla eiginleika hans.“

Í samfélögum sem byggðu á veiðum voru það karlmenn sem eltu uppi bráðina en konur sem sáu um eldamennskuna og því óhætt að draga þá ályktun að konur hafi verið fyrstu grillmeistararnir þótt það hlutverk hafi að miklu leyti fært á karlmenn í dag.

Elstu grillminjar

Fornleifarannsóknir við fjallið Carmel, sem er skammt frá borginni Haifa í norðurhluta Ísrael, benda til að íbúar þar fyrir um 200 þúsund árum hafi verið miklir grillarar.



Fátt er betra en íslenskt lambakjöt á grillið.

Mynd / Icelandic Lamb

Fornminjar, bæði stórgripabein og áhöld, benda til að frumbyggjar hafi kosið nautgripi, svín og dádýr og eldað kjötið af þeim yfir opnum eldi og nagað það af beininum. Auk þess benda leifar af eldstæðum til þess að notaður hafi verið víður í eldinn.

Talið er að í fyrstu hafi kjötinu verið kastað á eldinn en að smám saman hafi mönnum lært að betra væri að halda því ofan við eldinn eða kolaðan við og matreiða kjötið þannig.

Grillað í Kviðum Hómer

Í Kviðum Hómers er í tvígang sagt frá því að kjöt sé eldað yfir opnum eldi. Í niúnda þætti í bók *Ilíonskviðu* segir í þýðingu Sveinbjörns Egilssonar sem kom fyrst út 1855: „...en Akkilles setti fram stórt kjötbörð nálægt eldsbirtunni, og lagði þar á krof af saudi og feitri geit, og hrygg af alisvíni; var hann



Grillhlaupahundur í krá í Newcastle árið 1799.

allfeitur og stirndi á hann af spiki; hélt Átómedon í hrygginn, en hinn ágæti Akkilles skar hann í stykki, brytjaði síðan vandlega og stakk

á teina. Hinn guðum líki kappi, Menöytsson, kveikti upp eld mikinn, skaraði hann sundur glóðinni og hélt teinunum þar uppi yfir; hann dreifði

helgu salti á stykkinn, og lét teinana liggja á undirlagssteinunum. En er hann hafði steikt, lét hann kjötið kvað ofan á annað á fjöl.“

Í *Odysseifskviðu* er lýsing á því þegar Prásýmedes slátrar kvígu með exi og hvernig hún er hlutuð í sundur samkvæmt blótsiðum, kjötið steikt yfir eldi og sest til veislu.

Grill í Mósebókunum

Í Annarri Mósebók 27: 1-8 segir frá gerð fornaraltaris sem líkist einna helst grilli: „Þú skalt gera altari úr akasíuviði, fimm álnir á lengd og fimm álnir á breidd. Altarið á að vera ferhyrnt. Hæð þess skal vera þrjár álnir. Þú skalt gera horn á það upp af á fjórum hornum þess. Hornin skulu vera föst við það. Þú skalt leggja altarið eir. Þú skalt gera ker undir fornaröskuna, skóflur, skálar fyrir dreypifórnir, gaffla og eldpönnur. Öll áhöld altarisins skaltu gera úr eir. Þú skalt gera grind úr eir um altarið eins og riðið net, setja fjóra hringi úr eir á netið, á fjögur horn altarisins. Grindina skaltu festa og koma fyrir neðan við umgjörð altarisins þannig að netið nái upp á mitt altarið. Þú skalt einnig gera stengur fyrir altarið, stengur úr akasíuviði og þú skalt leggja þær eir. Stöngum altarisins skal smeygt í hringina þannig að þær séu á báðum hliðum altarisins þegar það er borið. Þú skalt gera altarið úr borðum, holt að innan. Þeir skulu gera það eins og þér var sýnt á fjallinu.“

Í 29. kafla sömu Mósebókar segir meðal annars frá vígslu presta: „Síðan skaltu sækja annan hrútinn. Aron og synir hans skulu leggja hendur sínar á höfuð hrútsins. Þú skalt slátra hrútnum, taka blóð hans og stökkva því allt um kring á altarið. En hrútinn skaltu hluta í sundur, þvo innflyli hans og fætur og leggja ofan

á hin stykkin ásamt höfðinu. Síðan skaltu láta allan hrútinn líða upp í reyk af altarinu. Þetta er brennifórn til Drottins, þekkur ilmur, eldfórn Drottni til handa.“

Upphaf Þriðju Mósebókar er nánast eins og slátrunarhandbók fyrir grillveislu en þar segir meðal annars um brennifórnir þegar drottinn kallaði á Móse, talaði við hann úr samfundatjaldinu og sagði:

„Ávarpaðu Ísraelsmenn og segðu við þá: Þegar einhver ykkar ætlar að fara Drottni gjöf skuluð þið fara honum búfenað að gjöf, af nautgripum eða sauðfé.“

Sé gjöf hans brennifórn af nautgripum skal það sem hann fórnar vera lýtalaust karldýr. Hann skal fara það að dyrum samfundatjaldsins til þess að hann hljóti velþóknun frammi fyrir augliti Drottins og leggja síðan hönd sína á höfuð brennifórnardýrsins svo að hann hljóti velþóknun og friðþægt verði fyrir sekt hans. Hann skal slátra nautinu frammi fyrir augliti Drottins en synir Arons, prestarnir, skulu síðan bera fram blóðið og dreypa því á allar hliðar altarisins sem stendur við inngang samfundatjaldsins. Því næst skal hann flá brennifórnardýrið og hluta það niður.

Synir Arons, prestarnir, skulu setja eld á altarið og raða viði á eldinn. Þá skulu synir Arons, prestarnir, raða stykkjunum, höfði og mör, ofan á viðinn sem er á eldinum á altarinu. Innyfli og fætur skal hann því í vatni. Presturinn skal því næst láta það allt líða upp í reyk af altarinu.

Þetta er brennifórn, eldfórn, Drottni þekkur ilmur.“

Í framhaldinu fylgja svo leiðbeiningar um slátrun og matreiðslu sauð-, geitfjár og turtill- og annarra dúfna. Auk korns og annarra fórna.

Fyrirkomulagið gat ekki verið betra. Guð naut reyksins en prestarnir borðuðu kjötið.

Grillað í Asíu

Til eru þeir sem telja að upphaf nútímagrills sé að finna í Asíu. Í einni sögu segir að fátækur bóndasonur, Bo-bo, hafi óviljandi brennt til grunna svínahús föður síns og í kjölfarið lært að meta brennt svínakjöt. Bo-bo þótti kjötið reyndar svo bragðgott að hann gerðist hinn mesti brennuvargur og kveikti í fjölda svínahúsa í sveitinni til að seðja hungur sitt.

Í reynd hafa Kínverjar, Indverjar og Japanir eldað mat yfir kolum í leirkerum í margar aldir. Á Indlandi kallast slíkt matreiðsla tantori og í Japan kamados og svipar til matreiðslu í grilllofnum sem hafa fengist hér á landi undir heitinu Græna eggid.

Grill sem pyntingartól

Evrópsk málverk frá því snemma á sextándu öld sýna fólk að grilla kjöt og einnig eru til myndir eftir evrópska teiknara sem sýna innfædda í Suður-Ameríku vera að grilla mannakjöt eftir landafundi Evrópumanna handan Atlantshafsála. Síðar áttu evrópskir landsherrar í Suður-Ameríku og líklega víðar eftir að beita refsingu sem fólst í því að setja fólk lifandi á grill og steikja það lifandi.

Árið 1528 var herflokkur Spánverja á ferð á Kúbu. Einn þeirra, Juan Ortiz, villtist frá félögum sínum og var tekin til fanga af innfæddum af ættflokki Ozita. Öldungum ættflokksins leist ekki betur en svo á Spánverja að þeir sammæltust um að fórna honum á grillinu. Ortiz sagði seinna að dóttir höfðingjans hafi vorkennt honum þar sem hann lá snarkandi á grillinu og fengið föður sinn til að sýna honum miskunn. Það varð Spánverjanum til happs og líklega lífs að innfæddir höfðu ekki snúið honum á grillinu og brann hann því bara á bakhlíðinni og bar þess merki alla ævi. Ortiz lifði í mörg ár meðal innfæddra eftir það og var meðal annars túlkur í samskiptum þeirra og Spánverja.



Heilgrilluð svín njóta mikilla vinsælda í suðurríkjum Bandaríkja Norður-Ameríku.



Fórnaraltari Nóa.

Í annarri lýsingu af svipuðu tagi segir Þjóðverjinn Hans Stande frá því þegar hann varð fyrir því óláni að vera tekinn til fanga af ættflokki indíána í Brasilíu árið 1547. Sjó árum síðar losnaði hann úr þrúundinni og komst heim til Evrópu. Í bók sinni um árin sem fangi segir hann að indíánarnir hafi þurrkað nánast allan fisk og kjöt, bæði manna og dýra, yfir eldi og í reyk til að auka geymsluþol matarins. Fyrir neyslu var maturinn soðinn til að mýkja hann.

Krydd, bragð og áhöld

Með tímanum lærðist kokkum að krydda kjötið á grillinu svo að það bragðaðist sem best og hversu lengi átti að steikja það þannig að kjötið héldist safarík og meyr. Einnig hvaða viður gaf besta bragðið og hvaða tæki og tól hentugu best við matreiðsluna.

Matreiðsla yfir opnum eldi var snemma algengt á Bretlandseyjum og kjötið eða heill skrokkur settur á tein og snúið yfir eldinn. Lengi vel var kjötinu snúið með handafla eða þar til á sextándu öld þegar einhverjum hugvitssömum datt í hug að setja fótstuttan og hlaupaviljugan hund í hringekju og tengja hringekjuna við grillteinin og láta hana snúa kjötinu á honum yfir eldinn.

Grill til hátíðarbragða

Talið er að hefðin að grilla kjöt hafi smám saman borist frá Suður-Afríku um Mexíkó til Texas og þaðan norður eftir Bandaríkjum Norður-



Bauja var fyrirmyndin af fyrsta Weber kolagrillinu.

Ameríku. Auk þess sem í matarhefð Þjóðverja og Tékkra er löng hefð fyrir reykum og grilluðum mat og sú hefð fluttist með landnemum til Suðurríkja Bandaríkja Norður-Ameríku, einkum Karólínu og Texas.

Sagt er að fyrsta stóra grillpartíð hafi verið haldið við bakka árinna Rio Granda í Texas 30. apríl 1598. Þar voru komnir saman innfæddir og aðkomnir, háir og lágir og fólk sem tilheyrði mörgum ólíkum trúarbrögðum án teljandi vandamála.

Lengi voru grillveislur fremur sjaldgæfar og nánast eingöngu haldnar við sértök tilefni en eftir því sem grillmat varð útbreiddari og algengari urðu grillaðferðirnar fjölbreyttari og matreiðslan betri.



Gott á grillið.



Eitt með öllu.



Nauðsynlegt er að þrifa grillið vel annað slagið.



Vegan-grill.

Grillsósusur

Grillsósusur er fyrst getið í tímaritsgrein í blaði sem var gefið út í Tennessee-ríki Bandaríkja Norður-Ameríku árið 1871. Sósusur á grillrétti hafa þó án vafa verið til lengi. Fyrirtæki sem kallaðist Georgia Barbecue Sauce Company í Atlanta-borg í Georgíu-ríki var fyrst til að setja á markað grillsósusur árið 1909.

Færanleg grill

Fyrstu grillin voru fremur stór og illfæranleg og því faststaðsett og kynt með viði. Árið 1920 hófu Thomas Edison, Henry Ford og EB Kingsford framleiðslu á litlum og handhægum kolagrillum sem hægt var að setja upp í garðinum eða hafa með sér í sumarhúsið eða lautarferð.

Sagan segir að 1951 hafi George Stephens yngri fengið sig fullsaddan á því að reyna að halda jöfnum hita á grillinu sínu. Hann tók því til þess ráðs að skera gamla bauju í tvennt og nota neðri

hluta hennar sem grill en efri hluta hennar sem lok. George starfaði sem suðumaður hjá járnvinnslu Weber-bræðra og var baujan fyrirmyndin af fyrsta Weber kolagrillinu.

Næsta stóra stökkið í þróun grilla var þegar einhver skar í sundur tunnu eftir endilöngu og setti á hana lamir. Helmingur tunnunnar var grill og hinn helmingurinn lokið.

Árið 1960 voru sett á markað fyrstu gasgrillin fyrir heimilisgarða og voru þau í fyrstu tengd við gasleiðslur íbúðarhúsa. Fyrstu gaskútarnir fyrir heimilisgrill voru settir á markað af Char-Broil árið 1970.

Grill á Íslandi

Lítið fer fyrir frásögnum af grilluðum eða glóðarsteiktum mat á Íslandi fyrir á tímum og ekki fyrir en eftir miðja síðustu öld sem á hann er minnst í fjölmiðlum. Í Fálkanum 1937 er auglýsing þar sem Raftækjaeinkasala ríkisins kynnr verðlækkun á „rafmagnseldavjelum“. Í auglýsingunni kemur meðal annars fram að fyrir „eldavjalar með glóðarist („grill“) er verðið kr. 55 herra en fyrir tilsvareandi eldavjalar án gróðaristar.“ Eftir 1960 fer að bera á auglýsingum um grilllofna af ýmsum stærðum og gerðum og í framhaldi af því grillmat.

Svokölluð útilegugrill nutu talsverðra vinsælda hér eftir 1970 en um 1980 fer að bera á fyrstu útilegugrillunum fyrir garðinn. Í umfjöllun í Vísi snemma í júní 1979 segir að nú geti menn grillað úti í garði. „Á fögnum sumardegum má stundum sjá stíga upp af svölum fjölbýlishúsa og úr gördum einbýlishúsa reyk mikinn og fylgir því gjarnan ilmur ágætur. Hvorki mun hér vera um að ræða reykelsisfórnir eða íkveikjur heldur eru menn að matreiða sér kjötbíta á svokölluðum útilegugrillum.“

Í dag njóta útilegugrill gríðarlegra vinsælda enda úrvalið í boði slíkt að allir geta fundið sér grill við hæfi, hvort sem það er stórt eða lítið eða hitað með gasi eða kolum. Það að grilla á góðum sumardegum er orðið að hálfgerðri þjóðarþrótt íslenskra karlmanna og ekki er verra að grillið sé þökkalega stórt.

MENNING & SAGA

Búsáhalðasýningin 1921:

Upphaf verkfæraprófana

Sérstaða Búsáhalðasýningarinnar 1921 – Landbúnaðarsýningarinnar – var meðal annars sú að menn létu sér ekki nægja að sýna og kynna nýjar vélar og verkfæri heldur vildu þeir einnig prófa og rannsaka notagildi þeirra við íslenskar aðstæður. Skipuð var sérstök nefnd kunnáttumanna sem þetta hlutverk fékk.

Hún starfaði undir stjórn Antons Christensen, dósentis við danska Landbúnaðarháskólann, eins og áður hefur verið nefnt í þessum pistlum. Verkfæri voru reynd við raunverulegar aðstæður og ýmsar mælingar gerðar á þeim eftir því sem við átti. Öld síðar má rifja upp fáein dæmi um það sem þá bar hátt og taldist til nýbreytni. Annars vegar var þar um að ræða handverkfæri en hins vegar verkfæri knúin afli hesta því vélafl til búverka var þá enn aðeins fjarlægur draumur.

Handverkfærin voru bæði erlend og innlend, að því er segir í skýrslu um sýninguna (Búnaðarrit 1921, bls. 305-357.). Fyrirtæki sýndu fjölbreytt söfn handverkfæra, svo sem heykvíslar, mykjukvíslar, stungukvíslar og stunguspaða, en um einn slíkan frá danska fyrirtækinu „Brødrene Brincker“ sagði í áliti nefndarinnar:

Spaðar þessir eru ljettir og liðlegir ... Efni í sköftunum er misjafnt, beyki í sumum þeirra, en það er ótraustara en ask, og dregur meira í sig vatn. – Járnsþangir í handföngum eru ótraustar, bogna við ljett átak. – Hersla á blöðunum er fremur góð. [Sömu viðmið mætti nota við verkfæra kaup í Bauhaus eða Húsasmíðjunni í dag]

Líka var reynt nýtt verkfæri



Hugmynd af ræsagreftri með skurðpáli.

Eggerts V. Briem „sem hann hefir fundið upp og látið smíða, og nefnir skurðpál. Er hann sjerstaklega ætlaður til lokræsagerðar í

mómýrum.“ Skurðpállinn fékk þá umsögn að hann væri „gott og þarflegt áhald sem líklegt er til að koma mjög víða að notum, og



Skurðpáll, trúlega sömu gerðar og Eggert V. Briem hafði hannað, í Byggðasafninu á Reykjum í Hrutáfirði.

má hiklaust telja hann hina bestu og merkilegustu nýjung í innlendri verkfæragerð, sem sást á sýningunni, innan þeirra deilda sem nefndin hefir haft til umsagnar.“

Árið 1921 dengdu flestir hin ensku ljáblöð ljáa sinna; einjárnungarnir, t.d. norsku Brusletto-ljáirnir, síðar kenndir við Árna G. Eylands, voru rétt ókomnir. Tæki til dengingar ljáblaðanna nutu því athygli á sýningunni. Sýnd var hin fótstigna dengingarvél Guttorms Jónssonar



Dengingarvél Guttorms Jónssonar: „Vjelin er all-traust, vel smíðuð, vinnur fljótt og fremur vel, er ljett að stíga og ekki vandnotuð, en er all-stór og þung í vöfum,“ sagði í áliti prófunarnefndar.

frá Hjarðarholti: „hún er þegar talsvert kunn fyrir nokkrum árum síðan“, skrifðu nefndarmenn. „hafa slíkar vélar verið notaðar á nokkrum stöðum og gefist vel.“ Einnig sýndi Kristinn Kristjánsson í Leirhöfn sína vél: „Hún er mjög lítil fyrirferðar og virðist fremur handhæg... líklegt til þess að geta komið að gagni, með smá umbótum, sem vel má treysta hinum hugvitsama smið til að gera“, sagði þar.

Og mörg fleiri áhöld og handverkfæri tók nefndin til athugunar. Starf hennar má með fullum rétti kalla upphaf skipulegra prófana og rannsókna á verkfærum héraðs. Að því verður nánar vikið í næsta pistli.

Bjarni Guðmundsson
Hvanneyri

SAMFÉLAGSRÝNI

Upplýsingar um matvæli til neytenda

Í mars sl. voru inni á Samráðsgátt stjórnvalda birt drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Umsagnarfrestur er liðinn og Bændasamtökin, ásamt fleiri aðilum, sendu inn umsögn og í síðustu viku var boðað til fundar í atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu.

Umrædd breyting lýtur að merkingu matvæla sem eru forþökkuð þannig að heimilt verði að veita lög- bundnar matvælaupplýsingar með tæknilausnum. Hjólmar ágætlega og í samræmi við þær tæknilausnir sem eru að ryðja sér til rúms þegar við siglum inn í 4. iðnbýltinguna, en þar með er ekki öll sagan sögð.

Breytingin er rökstudd með vísan til þess að við innflutning matvæla frá ríkjum utan EES þarf að endurmerkja matvæli með tilheyrandi kostnaði fyrir neytendur og innflytjendur auk þess sem slíkt er talið geta skapað viðskiptahindrun við nánustu viðskiptalönd Íslands. Því er lagt til að heimilt verði að veita lög- bundnar matvælaupplýsingar með tæknilausnum, stríka- merki eða QR-kóða sem unnt er að lesa af með smáforriti. Þó er gerð sú krafa að við sölu matvæla sem merkt eru



Vigdís Häsler.

með þessum hætti verði skylt að tryggja að fyrir hendi sé nauðsynlegur tækjabúnaður sem neytendur hafa aðgengi að á hverjum sölustað í því skyni að nálgast lögboðnar upplýsingar matvæla.

Í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar?

Almenn markmið reglugerðarinnar eins og hún stendur núna er

að miðlun matvælaupplýsinga skuli miðast við að ná fram háu verndarstigi fyrir heilbrigði og hagsmuni neytenda með því að vera grunnur að upplýstri ákvarðanatöku og öruggri notkun neytenda á matvælum. Þannig skulu matvælaupplýsingar vera nákvæmar, skýrar og auðskiljanlegar fyrir neytendur, tiltækar og auðveldlega aðgengilegar.

Sautján umsagnir bárust um frumvarpið og er skemmst að segja frá því að viðtökurnar voru dræmar. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Samtök smáframleiðenda, MAST, Samband garðyrkjubænda, Neytendastofa, SI og Bændasamtökin bentu á í umsögnum sínum að umrædd breyting kynni að ganga lengra en heimilt er samkvæmt reglugerð ESB nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda þar sem ekki er heimilt skv. reglugerð ESB að allar lögboðnar matvælaupplýsingar komi fram með öðrum hætti en beint á umbúðum eða á merkimiða sem festur er við þær. Þá er vandséð að heimild sé fyrir því að gera jafn veigamiklar breytingar á framangreindri reglugerð er tekur til lögboðinna matvælaupplýsinga án þess að fram hafi farið lög- bundið ferli innan Evrópusambandsins á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um að ef slíkar lausnir verða heimilar af framkvæmdastjórn ESB, þá þurfi rannsóknarmálsmeðferð að fara fram til sönnunar á því að neytendur hafi sama skilning á aðferðunum og að notkun aðferðanna sé víðtæk ásamt

því að slík heimild fengist einungis fyrir tiltekna vörur en ekki allar. Það er því ljóst að áður en lengra er haldið þurfi að ganga úr skugga um að leiðin sem verður farin samræmist alþjóðlegum skuldbindingum.

Veingamiklar upplýsingar fyrir neytendur

Eitt helsta umkvörtunarefni íslenskra neytenda eru lélegar merkingar og aðgengi að upplýsingum um matvæli. Lögboðnar upplýsingar á matvælum hafa veigamiklu hlutverki að gegna við að upplýsa neytendur um gerð, eðli, eiginleika og gæði vöru og eru grunnforsenda þess að neytendur geti tekið upplýsta ákvörðun um kaup á matvöru. Í umsögn ASÍ kemur fram að matarinnkaup eru þess eðlis að neytendur staldra ekki lengi við hverja vöru og hafa ekki tíma né svigrúm til að fletta upp upplýsingum um þær. Tæknilausnir eins og þær sem eru lagðar fram í drögnum eru því ekki auðveldlega aðgengilegar eins og fram kemur í drögnum heldur eru þær beinlínis til þess fallnar að skerða aðgengi neytenda að upplýsingum um matvæli í verslunum. Þá ber jafnframt að hafa í huga að innihaldslýsingar á matvöru þurfa að fylgja vörunni alveg inn í eldhús, hvort sem er inni á heimilum landsmanna, í skólumötuneytum eða á veitingahúsum.

Í umsögn Landssamtaka kúabænda kemur fram að sú leið sem

lögð er til mun auðsjáanlega fela í sér aukna fyrirhöfn fyrir neytendur við að afla sér upplýsinga um matvælin. Þá er það álit Matvælastofnunar að með þessari breytingu sé verið að draga úr aðgengi neytenda að lögboðnum upplýsingum og minnka þannig neytendavernd, þvert á það sem gildandi reglugerð hefur að markmiði.

Því jafnvel þó tæknilausnir virki í verslunum myndi breytingin kalla á að neytendur þurfi öllum stundum að hafa aðgang að rafrænum lausnum til að nálgast upplýsingar sem gildandi lög- gjöf veitir þeim rétt á, einnig þegar heim er komið, þegar þeir fá matvæli afhent frá þriðja aðila. Það er því ekki hægt að tryggja að með slíkum lausnum séu upplýsingarnar öllum stundum auðveldlega aðgengilegar eins og reglugerðin gerir ráð fyrir. Þá skal það áreitt að í mörgum tilfellum getur verið um að ræða upplýsingar sem varða öryggi neytenda beint t.a.m. til að tryggja að einstaklingar með fæðuofnæmi og fæðuþöpl, sem þurfa nauðsynlega gott aðgengi að upplýsingum, veikist ekki eða lenda í lífshættulegum ofnæmisviðbrögðum eins og réttilega er bent á í umsögn Embættis landlæknis. Einnig, þá geti skortur á öllum upplýsingum, beint á umbúðum vöru eða merkimiða torvelað auðkenningu á vörum þegar gripa þarf til innköllunar vöru af markaði af einhverjum ástæðum.

Vigdís Häsler
framkvæmdastjóri

Bændablaðið
Kemur næst út 10. júní

SAMFÉLAGSRÝNI

Loftslagsvernd:

Tækifæri fyrir Ísland og Þýskaland?

– Þýskaland og Ísland – tveir ólíkir samstarfsaðilar

Ísland og Þýskaland eru landfræðilega mjög ólík lönd. Ísland er 103.000 ferkílómetrar og þar eru um 360.000 íbúar, veðurfarid er hráslagalegt og fjarlægðir miklar. Þýskaland er um 357.500 ferkílómetrar – aðeins um þrefalt stærra en Ísland – en þar eru 222 sinnum fleiri íbúar og í landinu er hjarta iðnaðar í Evrópu og orkunotkunin er í samræmi við það. Bæði lönd deila sameiginlegum markmiðum, byggðum á sameiginlegum gildum. Það á sérstaklega við um loftslagsverndina.

Askoranir í tengslum við hana eru mjög mismunandi í löndunum tveimur. Íslendingar þurfa að ná niður kolefnisútbæstri í vöruflutningum á landi og einkum og sér í lagi hjá flug- og skipaflotunum, að fiskveiðiflotanum meðtöldum. Samtímis vilja bæði Þjóðverjar og Íslendingar vernda náttúruna sem allra best.

Aðdúnarvert er hvernig íslensk fyrirtæki eru orðin leiðandi á heimsmarkaði á vissum sviðum. Þessir tæknileiðtogar, fiskveiðarnar og ferðaþjónustan tryggja mikil lífsgæði á Íslandi. Andspænis áskorunum loftslagsbreytinga er erfitt að finna réttu leiðina – á milli þess að viðhalda efnahaginum og verndunar loftslags og náttúru – og það kallar á umræður í okkar opnu samfélögum. Ísland og Þýskaland hafa þegar tekið risaskref í átt að verndun loftslagsins: Ísland með uppbyggingu hitaveitna sem reynst hefur hárrétt ákvörðun í sögulegu ljósi. Þessi hugrakka ákvörðun borgar sig núna. Þýskaland hefur drifið áfram uppbyggingu vind- og sólarorku og ákveðið að hætta að nota kolaorkuver í náinni framtíð. Þýskaland hefur náð miklum árangri í að byggja upp vind- og nýlega sólarorku. Þegar árið 2020 var meira en helmingur þýskrar raforkuframleiðslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum: 247 teravattstundir samtals (þar af vindorka 131 teravattstund, sólarorka 51 teravattstund, lífmassi 45 teravattstundir), vatnsorka 18 teravattstundir). Heildar raforkuframleiðsla Íslendinga nam 19 teravattstundum.

Nauðsynleg umskipti í iðnaði

Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika og litlar náttúruauðlindir er Þýskaland ein af leiðandi iðnaðarþjóðum heims. Ísland hefur einnig hag af því að flytja inn iðnaðarvörur þaðan. Miklar breytingar eiga sér nú stað í þýskum iðnaði vegna markmiðsins um að ná kolefnishlutleysi árið 2050 í síðasta lagi. Iðnaðurinn, stál- og málmíðnaður, sem og efnaiðnaðurinn þurfa að snúa sér að endurnýjanlegum orkugjöfum, burt frá kolum og olíu. Þessi umskipti eru einnig hagsmunamál fyrir Ísland sem finnur sérstaklega mikið fyrir loftslagsbreytingum.

Frá sjónarmiði þýskra stjórnvalda og þýskis iðnaðar er greiningin ótvíræð: Mikilvægasti þáttur umskipta í þýskum iðnaði verður



Dietrich Becker, sendiherra Þýskalands á Íslandi.

grænt vetni, vetni framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Rafmagnsþörfin mun aukast mjög mikið vegna vetnisframleiðslu og samgangna með rafmagni. Frekari uppbygging nálgast efnisleg og pólitísk endimörk. Þýskaland heldur áfram að byggja upp endurnýjanlegar orkulindir, en verður árið 2050 að treysta eftir sem áður á umtalsverðan innflutning á orku í formi rafmagns, vetnis og afleiðum þeirra.

Hverjir eru réttu samstarfsaðilarnir?

Hvorki Ísland né Þýskaland geta lagt niður iðnaðarframleiðslu sína. Þýskaland mun í framtíðinni þurfa að flytja inn vetni framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Þýskaland verður að spyrja sig hverjir séu réttu og traustustu samstarfsaðilarnir í þessu samhengi. Þegar er komið á samstarf við Marokkó, Ástralíu, Síle, en einnig Saudi-Arabíu og Rússland. Ég er þeirrar skoðunar Ísland sé betri samstarfsaðili. Ég sé Ísland fyrir mér sem samstarfsaðila í þróun tækni og sambygðra kerfa fyrir vetnisviðskipti. Ísland hefur sem háþróað land með sína eigin tækni tækifæri til að verða í fararbroddi þeirra landa sem skipta yfir í vetnisframleiðslu og -notkun, þar með talið á sjó og í lofti. En tíminn er naumur því annars verða önnur lönd fremst í flokki.

Til þess að gera ferðaþjónustuna sjálfbæra – stærsta áskorunin fyrir Ísland – þarf nýja tækni í flugsamgöngum. Vegna nálægðar sinnar við endurnýjanlegar orkulindir er Keflavík í kjörstöðu til að innleiða notkun vetnis í flugsamgöngum. Það gleddi mig til að mynda ef þýskir og íslenskir verkfræðingar myndu standa að fyrstu vetnisknúnu flugvélinni. Þetta er aðeins dæmi. Önnur eru: Skipavélar knúnar með ammóníum eða efnaröfolum, dreifð vetnisframleiðsla fyrir vöruflutninga á landi. Í þessum efnum gætu Ísland og Þýskaland einnig verið samstarfsaðilar.



Þýskaland hefur drifið áfram uppbyggingu vind- og sólarorku og ákveðið að hætta að nota kolaorkuver í náinni framtíð. Myndir / colourbox



Uppbygging vindorku verður ærifiðari í þéttbýlu Þýskalands. Hún á aðeins eftir að ganga ef sveitarfélög og íbúar fá hluta af arðinum af framleiðslunni. Ég sé einnig tækifæri í þessu fyrir Ísland að styðja við aukna framleiðslu á endurnýjanlegri orku með beinni þátttöku sveitarfélaga og íbúa þeirra. Því skyldi ekki tilheyra á íslenskum bóndabæ ein eða tvær vindrafstöðvar við hliðina á súrheysturni og útihúsum?

Erfiðar ákvarðanir til að vernda loftslagið

Uppbygging raforkuframleiðslu er lífsnauðsynleg ef stíga á skrefin til vetnisframleiðslu og tækni-

legrar forystu. Við verðum öll að nýta okkur tækniþekkingu og -möguleika til að gera eins vel og unnt er til að vernda loftslagið. Þetta er einnig spurning um samstöðu með löndum sem hafa ekki



Uppbygging raforkuframleiðslu er lífsnauðsynleg ef stíga á skrefin til vetnisframleiðslu og tækniþekkingar forystu.

lengur möguleika á að byggja upp endurnýjanlega orku frekar eða hafa ekki tækniþekkingu eða fé til þess að gera það.

Ég þekki umræðuna á Íslandi um áliðnaðinn. Já, það þarf að spyrja sig hvort ekki eigi að draga úr notkun áls um allan heim? En frá hnattrænu sjónarmiði finnst mér áliðnaðurinn á Íslandi, með sínum háu stöðlum, vera æskilegri en í öðrum löndum. Þetta gildir einnig um framleiðslu vetnis. Íslenskt vetni getur t.d. hjálpað til við að gera kolanotkun í stáliðnaði óþarfa. Það þarf ekki nýja Kárahnjúkavirkjun til að auka rafmagnsframleiðslu. Í Þýskalandi tókst að fá marga mismunandi aðila að rafmagnsframleiðslunni. Uppbygging vindorku verður ærifiðari í þéttbýlu Þýskalands. Hún á aðeins eftir að ganga ef sveitarfélög og íbúar fá hluta af arðinum af framleiðslunni. Ég sé einnig tækifæri í þessu fyrir Ísland að styðja við aukna framleiðslu á endurnýjanlegri orku með beinni þátttöku sveitarfélaga og íbúa þeirra. Því skyldi ekki tilheyra á íslenskum bóndabæ ein eða tvær vindrafstöðvar við hliðina á súrheysturni og útihúsum?

„Enginn er eyland“ eins og titill á vinsælli þýskri skáldsögu hljóðaði, eða í dag öllu heldur:

„Það er aðeins eitt andrúmsloft“. Jökklarnir á Íslandi bráðna ekki vegna útblásturs Íslendinga á gróðurhúsalofttegundum, heldur vegna útblásturs í Bandaríkjunum, Kína og Evrópu, iðnaðarins á heimsvísu. En þau lífsgæði sem Íslendingar njóta væru óhugsandi án iðnaðar í öðrum löndum. Við sitjum öll í einum báti og verðum að horfa til þeirra sem hafa getuna til að bjarga okkur frá því að sökkva. Er Þýskaland og Ísland ekki skuldbundin til þess að vinna að því saman? Ég vil segja: Já!

Dietrich Becker, sendiherra Þýskalands á Íslandi



UMSAGNIR UM DRÖG AÐ LANDGRÆÐSLUÁÆTLUN

Óskað er eftir umsögnum um drög að landgræðsluáætlun 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar.

(<https://landgraedsluaetlun.land.is/>)

Meginmarkmið landgræðsluáætlunar lúta að vernd og endurheimt vistkerfa, vernd kolefnisríks jarðvegs, samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landi og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri samhliða því að efla líffræðilega fjölbreytni. Áætlunin setur fram sýn um hvað leggja skal til grundvallar fyrir landgræðslustarfið.

Jafnframt er fjallað um hvernig má auka þanþol og viðnámsþrótt vistkerfa og nýta land á sjálfbæran hátt, í takt við vistgetu þess.

Frestur til að skila umsögnum er til 14. júní nk.

Landgræðslan Gunnarsholti | 851 Hella | Sími 488-3000 | Netfang land@land.is

Lely Center Ísland



STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Árangur skjólbeltaræktunar á Vestfjörðum

Skjólbelti eru tré og runnar sem nýtt eru til að draga úr vindhraða, skapa skjól og aðrar hagstæðar aðstæður. Þau geta verið mismunandi að lögun og stærð og geta innihaldið ýmsar tegundir og vaxtargerðir. Þekktir kostir skjólbelta eru til dæmis aukin uppskera í tún- og akurrækt, minni upphitunarkostnaður, aukin lifun og vöxtur skógarplantna og hindrað jarðvegsfok. Jafnframt gera skjólbelti matjurtaækt mögulega, stýra snjóalögun nærri vegum og draga úr hávaða.

En hvernig er reynsla Vestfirðinga af skjólbeltarækt? Lilja Magnúsdóttir, skógarbóndi á Kvígindisfelli í Tálknafirði, Sighvatur Jón Þórarinnsson, bóndi á Höfða í Dýrafirði og Arnfríður Ólafsdóttir, skógarbóndi á Bakka í Bjarnafirði, segja frá reynslu sinni af skjólbeltarækt.

Skjólbelti hjálpa skóginum að vaxa á Kvígindisfelli í Tálknafirði

Skjólskógar á Vestfjörðum voru eitt af landshlutaverkefnum í skógrækt og voru stofnaðir árið 2000. Strax var hafist handa við að fá bændur á Vestfjörðum til að taka þátt í verkefninu og voru bændurnir á Kvígindisfelli í Tálknafirði, þau Magnús Guðmundsson og Halldóra Bjarnadóttir, ein af þeim fyrstu sem hófu þátttöku í verkefninu. Þar sem hefðbundnum búskap var hætt á Kvígindisfelli var ákveðið að leggja sem mest land undir skóginum og var gerður samningur um skógrækt á rúmum 60 hekturum með margs konar notagildi að leiðarljósi.

Eitt af því sem starfsmenn Skjólskóga bentu okkur strax á var nauðsyn þess að búa til skjól fyrir skógræktina eins fljótt og hægt væri og til þess væri einfaldast að rækta upp skjólbelti þvert á ráðandi vindáttir til að brjóta vindinn sem mest upp. Annars vegar var ákveðið að leggja skjólbelti með um 50-60 m millibili þvert á austanáttina sem var ríkjandi vindátt mestan part ársins og hins vegar þvert á norðaustan áttina, sem gat verið erfið að vetri, til að fá meira skjól heima við bæ sem allra fyrst. Þannig var skipulagt skjólbeltakerfi sem náði yfir mest allt skógræktarsvæðið og mældist vegalengt beltanna á bilinu 4.000-5.000 metrar þegar allt var talið.

Þegar að gróðursetningu kom var ekki mikið um plöntuúrval þannig að alaskavíðir varð að mestu leyti fyrir valinu. Upphaflega var talið að grænn alaskavíðir, klóninn Ólína, væri hentugastur en seinna hefur komið í ljós að bestu klónarnir voru að öllum líkindum Gutti eða Laugi. Einnig var græðlingum af brúnum alaskavíði stungið niður, Gústu, gljávíði og ýmsum öðrum víðiklónum sem hægt var að nálgast á tveimur fyrstu árum skógræktar á Kvígindisfelli. Seinna var líka notuð víðja og hreggstaðavíðir þegar bætt var við fleiri beltum. Langflest beltin voru plöstuð og græðlingum stungið í gegnum plastið. Fylgst var með græðlingunum fyrsta sumarið og þeim hjálpað á legg auk þess sem öll beltin voru klippt í hnéhæð á öðrum vetri til að auka rötavöxt þeirra. Það virðist hafa tekist að mestu leyti þar sem beltin hafa vaxið jafnt og vel og lítið um rötavöxtu í þeim en það er þó misjafnt milli klóna. Í dag eru beltin um 5-6 metra há og veita ótrúlegt skjól bæði sumar og vetur auk þess sem þau safna snjó á milli beltanna og tryggja þannig jafnari raka í skóginum og betri aðstæður fyrir skógarplönturnar. Í raun og veru má segja að loftslagið á Kvígindisfelli hafi gjörbreyst á þessum 20 árum sem beltin hafa skýlt húsum, fólki og skógi.

Við skógarbændur á Kvígindisfelli í Tálknafirði mælum hiklaust



Mynd 1: Horft inn eftir Tálknafirði og yfir hluta af skjólbeltakerfinu á Kvígindisfelli haustið 2005.

Mynd / Lilja Magnúsdóttir



Mynd 2: Mynd af bænum á Kvígindisfelli sumarið 2020 og skjólbeltaraðirnar í baksýn og í kringum bæinn.

Mynd / Lilja Magnúsdóttir



Mynd 3: Einföld röð í plast. Alaskaösp (Súla) og alaskavíðir/gulvíðir gróðursett 2000. Haustið 2020 eru hæstu aspinnar að ná yfir 14 m hæð.

Mynd / Sighvatur Jón Þórarinnsson



Mynd 4: Ekki skjólbelti en kýrnar njóta sín vel í skóginum. Mynd / Sighvatur Þórarinnsson

lagt og var árangur þess það lélegur að ég ráðlegg að sleppa ekki plasti. Í fyrstu skjólbeltunum var víðirinn eingöngu stíkklingar sem stungið var í gegnum plastið og heppnaðist það mjög vel en það þurfti samt að bæta nokkuð í þar sem gæsin gat verið dugleg að kippa upp stíkklingunum. Fyrst ég er að minnast á blessaða gæsina, þá getur hún verið töluverður skaðvaldur þegar verið er að koma upp skjólbeltum og er þá spurningin um að vera nógu duglegur að bæta í jafnóðum og gæsin tekur stíkklingana eða plönturnar. Einnig má reyna fuglahræður eða eitthvað annað til að fæla hana frá, en okkar reynsla af fuglahræðum er að gæsin notar þær til að skýla sér!

Áður en lengra er haldið er rétt að spyrja sig: Hvers vegna skjólbelti? Einfalda svarið er: Til að fá skjól! En hvaða gagn hef ég af því í búrekstri? Byrjum á tünunum. Fyrripart sumars þarf túnið hita og raka til að spretta. Þegar skjólbeltið er orðið viðunandi hátt og þéttleiki þess hæfilegur, verður vindur mun minni í skjóli þess sem leiðir oftast til meiri hita og meiri raka við yfirborð. Almenna reglan er að skjóláhrif séu tíu sinnum hæð beltisins og það þarf sem sé að vera nokkuð hátt (≥ 10 m) svo skjóláhrifin nái að skýla að einhverju leyti eða öllu tüninu eða akrinum.

En öllu fylgja einhverjir ókostir. Það er meiri raki innan skjólbeltisins og næturdögginn hverfur seinna af grasinu (heyinu) þegar verið er að reyna að ná þurru heyi. Einnig er að þó að sprettan verði meiri í meiri hita og skjóli, getur sprettan orðið minni þar sem skjólbeltið varpar skugga um miðjan daginn (norðanmegin) og dregur þannig úr sólarljósinu. Aftur á móti sólarlæggin (sunnanmegin) við þetta belt má oftast sjá áberandi meiri sprettu. Einnig hafa skjólbeltin afgerandi áhrif á snjóalög.

Skjólbeltin geta safnað miklum snjó á tünin hlémeigin og að nokkru leyti líka áveðurs. Okostir þessarar snjósöfnunar eru kannski þeir helstir að túnið kemur seinna undan snjó og er blautara að vori og því þarf hugsanlega meiri aðgæslu með alla vélaumferð um túnið, en aftur á móti er jörðin að jafnaði þjót og tún tekur fljótt við sér og raki helst í jarðveginum lengur. Eg hef verið spurður um kal, en aðeins einu sinni hef ég séð vott af kali við skjólbeltin en það náði að gróa upp úr því um sumarið þannig að ég tel ekki áhættu atriði.

Túnbeltin þurfa líka sína umhirðu. Sé ekkert hirt um skjólbeltin verða þau með tímanum gísín að neðan og greinar teygja sig til allra átta út úr beltinu og inn á tünin. Því er mikil þörf á að klippa skjólbeltin til að fjarlægja greinarnar sem slúta inn á tünin og eru jafnvel að slást í vélarnar. Með klippingu hleypum við ljósi inn í skjólbeltin og þau þetta sig að neðan aftur og koma þannig í veg fyrir að vindurinn nái að blása „undir“. Einnig er meiri hætta á stormfalli séu skjólbeltin ekki klippt.

Þá erum við komin að tegunda- valinu. Víðirinn og öspinn eru nokkuð góð saman þar sem víðirinn getur séð um undir- eða milli-skjólið en öspinn getur tekið við þar fyrir ofan. Á þessum 20 árum eru hæstu aspinnar komnar í ríflega 14 metra og því farnar að skýla vel. En þar sem eingöngu er víðir er hann kominn mest í um 5 metra og fer væntanlega ekki hærra. Kosturinn er að þessar tegundir eru fljótvaxnar en gallinn er að þær eru skammlífir og víðirinn þarf mikla umhirðu ef hann á að „eldast“ vel. Vissulega getur víðirinn orðið „eiflur“ ef hann er sagaður niður reglulega, þar sem hann hefur góða eiginleika til að endurnýja sig frá rót. Birki, reynir, selja og önnur millihá tré geta hentað ágætlega en eru mun hægvaðari. Eg er með þessar tegundir en hef þá annað belt

með mikilli notkun skjólbelta eins víðar og hægt er að koma þeim við í skógræktinni þar sem þau auka skjól og auðvelda ungum skógarplöntum að komast á legg. Það sem ég hefði gert öðruvísi í dag væri að huga meira að aðstæðum við umhirðu beltanna svo sem klippingu með vélum, sem er nauðsynleg til að tryggja beinni vöxt beltanna og svo tegundaval. Í dag myndi ég nota mun meira af runnum til að auka notagildi beltanna svo sem berjarunnum og nota fjölbreyttari tegundir til að tryggja öryggi gagnvart sjúkdómum og auka álagsþol beltanna gagnvart þeim. Skjólbeltin okkar hafa gert mikið gagn í skógræktinni hjá okkur þar sem þau voru fljót að vaxa upp. Við fengum trú á að hér væri hægt að rækta skóg og við fórum fljótlega að njóta góðs af skjólinu.

Skjólbelti eru hluti af búskaparháttum í landbúnaði á Höfði í Dýrafirði

Fyrstu skjólbeltin á Höfði í Dýrafirði voru gróðursett fyrir 20 árum og samanstóðu af einfaldri röð þar sem sett var í gulvíðir, hreggstaðavíðir, alaskavíðir og ösp að hluta til. Síðan hafa verið reyndar fjölmargar tegundir og samsetningar í einföldum, tvöföldum og þreföldum skjólbeltum.

Öll skjólbeltin hafa verið unnin á sama hátt: Plægt, borinn skítur í plögförin, tætt vel og að endingu plastlagt. Smávegis var ekki plast-



Mynd 5. Matjurtarækt í skjóli á Bakka í Bjarnarfirði. Mynd / Arnlin Óladóttir

hliðina með ösp og/eða víði sem er þá möguleiki að fjarlægja þegar hin trén koma upp. Einnig er gaman að hafa berjarunna og ýmsa toppa sem lágskjól og geta þeir þá tekið við þegar hávaxnari tegundir fara að gisna að neðan. Þarna koma einnig önnur sjónarmið inn í: samspilið við dýralífið. Fuglar sækja mikið í skjólbeltin og berjarunnar eru klárlega kostur en einnig eru þau kjörin til hreiðurgerðar frá jörðu og uppúr.

Hinn þáttur skjólbeltanna sem snýr beint að búskapnum er skjól fyrir húsdýr, nautgripi og kindur. Nautin hjá mér hafa notið skjóls þeirra að sumri og hausti. Nautin halda sér betur og lengur á beit þar sem skjóls nýtur við í síðsumars- og haustríngingum heldur en á berangri. Þó ber að geta þess að ekki er heppilegt að nautin komist óhindrað í skjólbeltin, því þá eru skjólbeltin nánast étin upp til agna ef um víði og ösp er að ræða. Þannig þarf að gæta þess að girða skjólbeltin af svo gripirnir ná sem minnst til beltanna.

Skjólbelti, tel ég, ættu að vera hluti af búskaparháttum í hefðbundnum landbúnaði, þar sem hægt er að koma því við. Sama á við um skógrækt enda er ræktun skóga og skjólbelta landbúnaður en ekki eingöngu til kolefnisbindingar.

Matjurtarækt í skjóli skjólbelta á Bakka í Bjarnarfirði

Við á Bakka í Bjarnarfirði byrjuðum að rækta skjólbelti til að fá skjól fyrir matjurtaræktunina sem við vorum með á ca hálfum hektara. Við vorum búin að lenda í því að allt fáu um koll í roki og síðan fuku og gengu úr sér timburgrindur sem við settum upp. Ræktun skjólbeltanna hófst þegar við fengum senda græðlinga af víði og ösp frá Mógilsá. Skjólið hækkar meðalhita sumarsins um ca 2 gráður hér um slóðir, sem gerir matjurtarækt árangursmeiri. Við ræktum núna á ca 400 fm allskonar kál, kartöflur, rófur, gulrætur, næpur,

salat, rauðrófur, púrru og fleira fyrir heimilið, ásamt berjum eins og sólber, rifsber og jarðarber.

Við erum stödd úti á jafnléttu í miðjum firðinum þar sem oft verður mjög hvasst. Í þessum erfiðu aðstæðum hefur reynslan kennt okkur að skjólbeltin komast ekki almennilega upp nema mjög þétt (2 græðlingar á m). Það er of þétt þar sem skjólið verður ekki nógu gott; þó fullkomið skjól verður næst beltunum, ná áhrifin ekki nógu langt. Svóltið grisja þau sig sjálf – tré deyja innanúr, leggjast út af og/eða brotna. Það er allt í lagi úti í skógi þar sem það rotnar bara niður. En við þurfum að grisja skjólbelti til að skjólið verði jafnara yfir svæðið, bæði til að fá lengra skýlt svæði við hver belt og vegna þess að svona þétt belt safna snjósköflum sem aflaga trén og jafnvel brjóta þau. Að auki má samt nota þétt skjólbelti sem snjófangara til að gróðursetja skógarplöntur: gróðursetja ekki næst þeim en nýta snjóléttu svæðið við hliðina við því til að gróðursetja í.

Klárlega mikill ávinningur að vera með skjólbeltarækt

Reynslan á Kvígindisfelli, Höfða og Bakka sýnir að skjólbelti geta veitt skjól fyrir hús, fólk og dýr og geta haft jákvæð áhrif á tún-, skóg- og matjurtarækt. Eitt er víst: Það eru margir ávinningar við skjólbeltarækt á Vestfjörðum!

Lilja Magnúsdóttir, skógræðingur og skógarbóndi á Kvígindisfelli
Sighvatur Jón Þórarinnsson, skógræðingur, bóndi á Höfða og fyrrverandi formaður FsVfj
Arnlin Óladóttir, skógræðingur, skógarbóndi á Bakka og fyrrum starfsmaður Skógræktarinnar
Naomi Bos, búvísindafraeðingur, skógarbóndi, formaður FsVfj og stjórnarliði í LSE

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir styrki til orkuskipta 2021

Átak ríkisstjórnar, fjármagnað af ANR og UAR ráðuneytum ásamt Orkusjóði. Heildarfjárhæð til úthlutunar er **320 m.kr.**

Verkefnastyrkir. Styrkir geta að hámarki numið **33%** af áætluðum stofnkostnaði við kaup á tækjum og búnaði honum tengdum.

1. Verkefni sem minnka verulega eða skipta alveg út jarðefnaeldsneyti í framleiðslugreinum, matvælaíðnaði og sjávarútvegi, t.d. olíunotkun í þurrkurum, í dísilvélum eða við bræðslu.
2. Líf- eða rafeldsneytisframleiðsla (t.d. vetni) og/eða orkugeymsla.
3. Stuðningur við kaup á flutningabílum sem nota vistvænt eldsneyti eða til uppbyggingar innviða sem stuðla að notkun endurnýjanlegs eldsneytis fyrir slík farartæki.
4. Stuðningur við kaup á vinnuvélum sem nota vistvæna orku.

Innviðastyrkir. Styrkir geta að hámarki numið **50%** af áætluðum stofnkostnaði tækis og búnaðar honum tengdum.

1. Uppsetning hleðslustöðva (viðmið 22 kW) við gististaði og fjölsóttu ferðamannastaði.

Sjóðurinn áskilur sér rétt til að forgangsraða styrkjum í samræmi við áherslur stjórnvalda við orkuskipti, s.s. líta til þess hversu líklegt er að styrkhæft verkefni hraði orkuskiptum og hversu mikil áhrif það hefur til minnkunar á kolefnisfótspori. Einnig verður horft til dreifingu verkefna um landið og hversu hratt þau eru talin koma til framkvæmda. Styrkupphæð til hvers verkefnis ræðst af getu sjóðsins og fjölda umsókna.

Umsóknafrestur er til 30. júní 2021

Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar: gattin.os.is

Orkusjodur.is

 ORKUSTOFNUN

ORKUSJÓÐUR

ÁSCO

Sólarsellur og hleðslustýringar
Bakkmyndavélar og hljómtæki
Ísetningar á staðnum



Alternatorar og startar í miklu úrvali



Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is

BÍLARAFAVNAGN

Skoðun dagsins:

Það er betra að vera skjóttur en skjóttur



Nældu þér í óumdeildari skoðun, komdu með hestakerruna á næstu skoðunarstöð og hafðu hana klára fyrir vorið og sumarið.

Sími 570 9090 • www.frumherji.is


Frumherji

SAMFÉLAGSRÝNI

Auðlindanýting og framþróun í landbúnaði

Auðlindir þjóða eru ekki gefin stærð. Verðmæti þeirra hvíla fyrst og fremst á því hversu vel þær eru nýttar, hverju þarf að kosta til við nýtinguna og hvað fæst fyrir afurðirnar. Þekking og framtak, fjármagn og rannsóknir, allt þetta og meira þarf til svo að náttúruauðlindir verði að verðmætum og gagnist hverri þjóð.

Við Íslendingar búum við miklar náttúruauðlindir, til sjós og lands. Á þessum auðlindum hvílir velmegun okkar og án þeirra væru lífskjör miklum mun lakari hér en við eigum að venjast.

Verðmæti helstu auðlinda okkar hefur vaxið mjög á undanförunum árum og áratugum. Sjálfbær og skynsamleg nýting í takti við fjárfestingar og öflugt markaðsstarf er lykillinn að þeirri þróun og ef vel er á haldið eigum við Íslendingar gríðarleg tækifæri til að auka þannig að um munar velferð okkar.



Teitur Björn Einarsson.

Nýjar auðlindir hafa litlið dagsins ljós, s.s. fiskeldi, en sennilega skipta ekki minna

máli öll þau fyrirtæki og starfsemi sem á rætur sínar að rekja til auðlindanýtingar. Má í því sambandi nefna fyrirtæki eins og Marel sem á rætur í sjávarútvegi og þau fjölmörgu matvælafyrirtæki sem nú spretta upp m.a. í tengslum við aukna innanlandsneyslu í tengslum við ferðaþjónustu.

Landbúnaðurinn er ómissandi

Ég tel að ef við berum gæfu til að tryggja íslenskum landbúnaði hagstætt og gott rekstrarumhverfi sem bætir afkomu bænda munum við sjá þar sömu þróun og t.d. í sjávarútvegi. Líklegt er að fram komi fleiri framsækin og öflug fyrirtæki sem byggja útflutning sinn eða viðskipti á innlendum markaði á sérstöðu okkar í landbúnaði. Mikil tækifæri eru til nýsköpunar og betri nýtingar hráefna. Þá eru einnig

tækifæri til atvinnusköpunar byggð á þekkingu og reynslu af landbúnaðinum.

Í sjálfru sér er erfitt að spá fyrir um nákvæmlega hvernig fyrirtæki munu ná bestum árangri eða í hvaða greinum þau munu starfa. Í því sambandi má rifja upp að ein af helstu ástæðum þess að Svisslendingar urðu umsvifamiklir í lyfjaiðnaði má rekja til þess að mikil þekking í efnaiðnaði var til staðar í landinu á 19. öld þar sem Svisslendingar voru þá framfarlega í því að lita meðal annars ull og önnur klæði.

Á forsendum byggðanna

Tækifærin eru til staðar, svo lengi sem tryggt er að grundvöllurinn, þ.e. almennt rekstrarhæfi landbúnaðarins, sé rétt lagður. Í veröld þar sem möguleikinn á því að rekja uppruna vöru er mikilvægur, hreinleiki hennar og

öruggi mynda samkeppnisforsokt og ímynd lands og þjóðar gegnir lykilhlutverki, eigum við Íslendingar mikil tækifæri.

Byggðir landsins, þar sem bændur eru í framlínunni, geta nýtt sér þessa möguleika á sínum forsendum. Okkur vantar ekki dugandi og áráðið kunnáttufólk, sá hópur er stór. En til þess að hægt verði að nýta tækifærin þurfa nauðsynlegir innviðir að vera til staðar, það þarf aðgengi að fjármagni til nýsköpunar og framþróunar og síðast en ekki síst þarf að ríkja stöðugleiki og sátt um rekstrarumhverfi landbúnaðarins. Sé allt þetta til staðar munu sérkenni framleiðslunnar á hverjum stað verða að sóknarfærum, stórum og smáum, og byggðir landsins eflast og dafna.

*Teitur Björn Einarsson
Höfundur er 1. varaþingmaður
Sjálfstæðisflokksins í
Norðvesturkjördæmi*

Að snúa hnífnum í sárinu

Ég hef verið formaður Hagsmunasamtaka heimilanna frá 2017. Fram að þeim tíma höfðum við hjónin háð harðvítuga baráttu frá hrúni til að halda okkar eigin heimili en bankinn naut afslunnar og heimili okkar var að lokum boðið upp, vegna ólöglega lána, árið 2017. Okkur var refsað fyrir að vera fórnarlömb fjármála-glæps og það sama átti við um þúsundir annarra.

Við fengum upp á náð og miskunn bankans að leigja heimili okkar fram á mitt sumar 2019 þegar bankinn neitaði að framlengja leigusamninginn. En þá var mælirinn fullur hjá okkur og við ákváðum að fara hvergi heldur taka slaginn alla leið, enda engu að tapa lengur. Þá fyrst var bankinn tilbúinn í „samningaviðræður“ og að lokum fengum við að kaupa aftur okkar réttmætu eign sem stolið hafði verið af okkur.

Hér er stíkláð á stóru en það er staðreynd að ALLT í kringum þetta mál var ólöglegt. Ég get ekki rakið þau mál öll hér, enda sagan löng, en það að ganga í gegnum þetta og upplifa óttann og varnarleysið sem stafaði af þessari stöðugu ógn sem við bjuggum við í 11 ár, opnaði augu mín fyrir því hvernig „kerfið“ á Íslandi virkar og hversu rotíð það er.

Ein af ástæðum þess hversu erfitt er að uppræta þetta er að það trúir þessu enginn fyrr en hann lendir sjálfur í hakkavélum „kerfisins“. Ég er því miður ekki bara að tala um bankana. Þeir voru slæmir en þeir hefðu aldrei getað gert það sem þeir gerðu nema af því að framkvæmdarvaldið, dómsvaldið og löggjafarvaldið bjuggu í haginn fyrir þá og veittu þeim skjól til að athafna sig. Þau slógu sterkri skjaldborg um fjármálakerfið.

Það er staðreynd, staðfest af dómsmálaráðherra, að 10.000 fjölskyldur misstu heimili sín á nauðungarsölum í kjölfar hrunsins. Að auki er varlegt að áætla að a.m.k. jafn margar fjölskyldur hafi misst heimili sín vegna einhvers konar nauðarsamninga við bankana. Til að ýkja vandann örugglega ekki hafa Hagsmunasamtök heimilanna talað um 15.000 fjölskyldur.

15.000 fjölskyldum, konum, mönnum og börnum, var hreinlega fórnað fyrir fjármálakerfið. Varlega áætlað eru það 45.000 einstaklingar.

Þá eru samt ótaldar þær þúsundir fjölskyldna sem hafa haft snöru „nauðarsamninga“ við bankana um hálsinn alla tíð síðan og sjá aldrei til sólar í fjármálum. Það



Ásthildur Lóa Þórsdóttir.

segir sína sögu að 2008–2020 hafa verið gerð 187.974 fjárnám og þar af eru 147.030 árangurslaus. Við erum ekki nema 360.000.

Fyrrgreindar tölur eru ekki prentvilla heldur tölur frá dómsmálaráðherra í svari við fyrirspurn sem lögð var fram í þinginu að beiðni Hagsmunasamtaka heimilanna.

Til að bæta gráu ofan á svart, þá láta þeir stjórnáðamaðmenn sem að þessu stóðu og þeir flokkar sem fórnðu heimilunum, eins og þetta hafi aldrei gerst og snúa þannig daglega hnífnum í sárinu fórnarlamba sinna. Þau voga sér jafnvel að tala um „flökkusögur“ þrátt fyrir þessar staðfestu tölur.

Fórnarlömb þessara skelfilegu aðgerða eiga rétt á viðurkenningu, réttlæti og uppreist æru!

Því það skiptir ÖLLU MÁLI fyrir hverja einustu fjölskyldu, að ekki sé hægt að svipta hana heimili sínu og skjóli, til að bæta fyrir „mistök“ annarra.

Það skiptir ÖLLU MÁLI fyrir þig og þína fjölskyldu að þið njótið verndar réttarkerfisins og að það taki ekki þátt í svona ljótum „leikjum“ heldur dæmi samkvæmt þínum lögbundnu réttindum.

Það reynir ekki á réttindi okkar þegar allt leikur í lyndi. Það reynir fyrst á þau þegar eitthvað bjátar á.

Íslensk stjórnvöld kolféllu á prófinu en þau einfaldlega „rifu einkunnarspjaldið í tætlur“ og stungu svo höfðinu í sandinn til að hvorki heyrta né sjá, og alls ekki svara, neinum neyðarópum

örvæntingarfullra foreldra sem allt í einu stóðu á götunni með börnin sín og neyddust til að fara inn á mis-kunnarlausan leigumarkað, beint í hendur „gammanna“ þar.

Öll fórnarlömb eiga rétt á að brot gegn þeim séu viðurkennd. Líka fórnarlömb fjárhagslegs ofbeldis. Líka þegar ríkið er gerandinn.

Viðurkenning, réttlæti og uppreist æru er krafa þessara fjölskyldna því þetta má ALDREI endurtaka sig.

Almenningur er ekki fóður fyrir bankana! Fólkið fyrst og svo allt hitt.

*Ásthildur Lóa Þórsdóttir
Formaður Hagsmunasamtaka heimilanna og frambjóðandi Flokks fólksins*

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Lely Center Ísland Grammer sæti



Reykjavík Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Er kominn tími á viðhald

Gallagher rafgirðingaefni hefur verið leiðandi á Íslandi í um 30 ár

Söluaðilar um allt land.

Bústólpi

Fóðurblandan

Húsasmiðjan

Kf. Vestur Húnavetninga

Kaupfélag Borgfirðinga

K.M Þjónustan

Umboðsaðili

Kaupfélag Skagfirðinga

Verslunin Eyri

GALLAGHER

KS Verslunin Eyri

Opíð: mán. - fös. 8 - 18
Lau. 10-13 / S: 455 4610

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 10. júní



PINN GARÐUR þín kolefnisbinding

Berróta plöntur

Plöntur sem ætlaðar eru í limgerði eru oft og tíðum seldar berróta sem þýðir að þær eru hvorki í potti né með stóran rótaklump í kringum rótakerfið, bara ræturnar allsberar og óvarðar. Svona plöntur eru frekar viðkvæmar í flutningum og þegar þær eru keyptar í gróðurstöðvum er þeim pakkað inn í viðeigandi umbúðir og ýmist mosi eða mold sett með rótunum til að halda á þeim raka þangað til þær komast á áfangastað.

Best er að gróðursetja þessar plöntur sem fyrst að sumrinu því ef þær eru orðnar fulllaufgaðar þarf að gæta þess sérstaklega að vökva þær vel og lengi á meðan rótakerfið kemur sér fyrir. Berrótaplöntur sem ætlunin er að gróðursetja í limgerði þarf að geyma í skugga fram að gróðursetningu og bleyta hressilega í rótakerfinu áður en þeim er plantað og eins ef þarf að geyma þær í 1-2 daga fram að gróðursetningunni, þó er ágætt að hafa þennan geymslutíma sem stýstan. Jarðvegur fyrir limgerði þarf að vera góður garðajarðvegur.

Áður en plönturnar fara niður er gott að grafa skurð í þeirri lengd sem limgerðið á að vera og dýptin á skurðinum þarf að vera eins og blaðið á skóflunni.

Í skurðinn er settur lífrænn áburður, t.d. molta eða búfjáráburður, og honum blandað saman við moldina sem fyrir er. Þá er plöntunum raðað niður í skurðinn með því



Berróta plöntur í holu.



Berróta yfirmokað.



Berróta plöntur í heimferðarpoka.

millibili sem mælt er með og moldinni, sem mokað var upp úr skurðinum, mokað ofan í hann aftur. Plönturnar eru réttar við og moldinni þjappað hæfilega vel að þeim þannig að þær standi teinréttar og í þráðbeinni röð, tilbúnað að veita skjól í framtíðinni.

Eins og í allri gróðursetningu lýkur limgerðisúplöntuninni á vökvun. Næstu daga á eftir er gott að byrja morgunverkin á að huga að plöntunum og vökva þær vandlega, sérstaklega ef þurr er í veðri og sólríkt. /gh



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Frá og með árinu 2022 verður gjald tekið fyrir grunnskráningu allra hrossa, óháð aldri. Fólöld fædd 2021 eru þó án skráningargjalds til 1. mars 2022.

Mynd / Anna Guðrún Grétarsdóttir

Grunnskráningar folalda – gjaldtaka frá árinu 2022

Halla Eygló Sveinsdóttir
ráðunautur, búfjárræktar- og þjónustusvið
halla@rml.is



Anna Guðrún Grétarsdóttir
skýrsluhald, búfjárræktar- og þjónustusvið
agg@rml.is



Fram til þessa hafa hrossaræktendur ekki þurft að greiða fyrir skráningu á fölöldum. Breyting verður á þessu frá og með árinu 2022 en þá verður gjald tekið fyrir grunnskráningu allra hrossa, óháð aldri. Fólöld fædd 2021 eru þó án skráningargjalds til 1. mars 2022

Í heimaréttinni í WorldFeng er hægt að grunnskrá fölöld, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum (sjá leiðbeiningar hér í texta). Hryssur þurfa að hafa staðfest fang til að sá möguleiki sé í boði.

Stóðhestaeigendur (eða umsjónarmenn þeirra) eru hvattir til að standa skil á stóðhestasýrslum inn í WorldFeng til að auðvelda hryssueigendum skráningu folalda sinna.

Til upprifjunar þá er hægt að grunnskrá hross í WorldFeng eftir þremur leiðum:

1. Skrá í gegnum heimarétt WorldFengs (WF).
2. Skila grunnskráningu á örmerkingavottorði (vottorð um einstaklingsmerkingu).
3. Hafa beint samband við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) og fá hrossið grunnskráð.

Skráning í gegnum heimarétt WorldFengs, (á eingöngu við um fölöld):

- a) Hafa fullan aðgang að WF. Hægt að fá frian aðgang í gegnum hestamannafélög eða hrossaræktarsamtök eða kaupa aðgang beint hjá RML. Hjarðbókaradgangur dugur ekki til grunnskráninga.
- b) Viðkomandi þarf að vera þátttakandi í skýrsluhaldinu í WF (hafa skráðan uppruna og fastanúmer). Leiðið til RML ef ekki til staðar.
- c) Sá sem skráður er eigandi móður, getur skráð folald í gegnum heimaréttina sína innan þeirra tímamarka sem þær eru er varða fölöld.
- d) Fangskráning (staðfesting á veru hryssu hjá stóðhesti) verður að vera skráð í WF. Eigendur/umsjónarmenn stóðhesta sjá til þess að sú skráning sé fyrir hendi. Ekki er nóg að hryssueigandinn skrái fyljun á sína hryssu, eigandi stóðhestsins verður að samþykkja skráninguna þannig að hún verði virk.
- e) Ekki er hægt að skrá í gegnum heimaréttina eldri hross en fölöld (sjá tímamörk í WF).
- f) Þessi skráningarleið er án gjalds (viðkomandi skráir sjálfur).

Skila inn grunnskráningu á örmerkingablaði:

- a) Láta merkingaraðila í té allar upplýsingar um hrossið (sjá

reiti á blaðinu), merkingarmaður fyllir blaðið út, eigandi eða umráðamaður hrossins skrifar undir merkingablaðið til staðfestingar á að upplýsingar séu réttar.

- b) Merkingarmaður skilar frumriti úr örmerkingabók inn til RML til skráningar.
- c) Þessi skráningarleið er á gjaldi (fyrir utan fölöld fædd 2021 fram til 1. mars 2022)

Hafa beint samband við RML:

- a) Hafa til staðar allar upplýsingar um hrossið þ.e. aldur, nafn (ef klárt), uppruna, lit, fæðingardag, faðir, móðir, ræktandi/ræktendur og eigandi/eigendur.
- b) Ef folaldið er getið með staðgöngumóður, að hafa fæðingarnúmer hennar einnig með í upplýsingu.
- c) Þessi skráningarleið er á gjaldi (fyrir utan fölöld fædd 2021 fram til 1. mars 2022)

Þannig að frá og með árinu 2022 verður eina leiðin til að skrá fölöld gjaldfrjálst að gera það í gegnum heimarétt WorldFengs, að öðrum kosti verður að greiða fyrir grunnskráninguna eins og þegar er gert með eldri hross. Þess vegna er brynt að muna eftir að skrá fyljun.

Leiðbeiningar um notkun heimaréttar má finna í flípanum „Hrossin mín“ í heimarétt WorldFengs og á heimasíðu RML.

Starfsfólk RML veitir allar nánari upplýsingar í síma 516-5000 eða í netfang rml@rml.is.

Hvar auglýsir þú?

Bændablaðið

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFID ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

36,2% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Lestur Bændablaðsins

Lestur Bændablaðsins á landsbyggðinni

36,2%

Lestur Bændablaðsins á höfuðborgarsvæðinu

17,8%

Lestur landsmanna á Bændablaðinu

24,3%

Hafðu samband

Sími: 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

SAMFÉLAGSRÝNI

Þykkur votlendisjarðvegur í Hörgárdal með mikið heildarmagn kolefnis:

Losa íslensk votlendi minna af CO₂ en erlendar mómýrar vegna lægra kolefnishlutfalls?

Samkvæmt skýrslugjöf Íslands til Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna losa framræst votlendi á Íslandi rúmlega helmingi meira af gróðurhúsalofttegundum en önnur starfsemi hérlendis, þ.á.m. samgöngur, iðnaður o.s.frv.

Ad gefnu tilefni er rétt að huga að mismuninum á kolefnishlutfalli og magni kolefnis í jarðvegi á Íslandi í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda, þar sem gætt hefur bagalegs misskilnings í umræðunni.

Mold íslenskra votlenda inniheldur áfok og gjóskulög og eru því sannarlega með lægra hlutfall (%) kolefnis í hverju jarðvegslagi en gengur og gerist í mómýrum norðurslóða – og þeim mun lægra hlutfall sem áfokið er meira. Því er gjarnan haldið fram að losun íslenskra votlenda hljóti því að vera minni en t.d. finnskra mómýra, sem haldið er á lofti bæði af leikum sem lærðum, m.a. hér í Bændablaðinu. Í þessu felst afar bagalegur misskilningur. Heildarmagn (kg/m³ eða kg/m²) kolefnis er nefnilega ekki endilega lægra í íslensku votlendinum (þungi kolefnis í hverjum rúmmetra eða undir hverjum fermetra). Það má ekki gleyma að gera ráð fyrir rúmþyngd jarðvegsins, sem er meiri í votlendum á Íslandi en í arktískum mómýrum almennt. Íslenski votlendisjarðvegurinn er einfaldlega þyngri í sér en mómold í nágrannalöndunum.

Tökum dæmi þar sem borið er saman arktískt votlendi (mójörð) með 30% C og rúmþyngd 0,2 t/m³ annars vegar og hins vegar votjörð á Suðurlandi með 10% C (sem telst lágt kolefnishlutfall í votlendi) en rúmþyngdina 0,6 t/m³:

Þyngd (heildarmagn) kolefnis í rúmmetra moldar (kg) = %C/100 x rúmþyngd t/m³ x 1000 kg/t

Arktísk mójörð: 30/100 x 0,2 x 1000 = 60 kg/m³

Sunnlensk votjörð: 10/100 x 0,6 x 1000 = 60 kg/m³



Mold íslenskra votlenda inniheldur áfok og gjóskulög og eru því sannarlega með lægra hlutfall (%) kolefnis í hverju jarðvegslagi en gengur og gerist í mómýrum norðurslóða – og þeim mun lægra hlutfall sem áfokið er meira.

Niðurstaðan er því sú að það er jafnmikið kolefni í rúmmetra af íslensku votjörðinni og í finnskri mójörð í þessu dæmi. Almennt er ekki hægt að nota þá röksemdafærslu fyrir því að íslensk votlendi hljóti að vera losa minna af gróðurhúsalofttegundum vegna þess að þau séu ekki eins lífræn, heildarmagn kolefnis er sambærilegt. Hærra steinefnainnihald og lægra



Ólafur Arnalds.

C/N hlutfall í íslenskum votlendum eru líkleg til að hafa örvandi áhrif á örveruvirkni og losun CO₂ miðað við t.d. finnskan mó. Rannsókn Snorra Þorsteinssonar á losun frá kjörnum með mismunandi kolefnisinnihald styðja við þau líkindi (BSc verkefni við Lbhl).

Losun CO₂ úr framræstum votlendum er væntanlega misjafnlega mikil – breytileiki í landslagi, jarðvegsgerð, og gerð skurða er mikill sem og grunnvatnsstaðan. Votlendi sem hafa myndast við uppgræðslu á söndum eru t.d. afar sérstök kerfi. Líklegt er að þau séu binda þrátt fyrir framræslu – alla vega á meðan moldin er að safna kolefni og kolefnislagið er að þykkna. Enn

á eftir að bæta verulega í þekkingu á losun á milli mismunandi jarðvegsgerða, umhverfisaðstæðna og rasks, en þær rannsóknir sem gerðar hafa verið gefa til kynna að losunartölur Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna séu góð nálgun fyrir meðaltalið. Nota ber bestu þekkingu á hverjum tíma – eins og nú er gert að hálfu Umhverfisstofnunar við skýrslugjöf til Loftslagssamningsins.

Mikilvægt er að hafa í huga að ekki hefur verið rætt um að fylla í skurði á því landi sem er notað til heyframleiðslu eða aðra ræktun þegar rætt er um endurheimt votlendis. Hins vegar er sjálfsagt er að fylla upp í skurði sem hafa engan augljósan eða hagnýtan tilgang og þar er af nógu að taka. Losun frá framræstum mýrum hefur vissulega áhrif á kolefnisspor framleiðslu sem nýtir slíkt land – það er málefni sem skoða þarf frá sem flestum hliðum í framtíðinni. En það er mikilvægt að halda því til haga að magn kolefnis í íslenskum votlendum er oftast sambærilegt við það sem þekktist í mómýrum nágrannalöndanna, en eðli jarðvegs getur mögulega verið hvetjandi fyrir losunina miðað við aðrar mómýrar.

Ólafur Arnalds
prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands

MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Markaðsráð kindakjöts auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn.

Markaðsráð kindakjöts annast vörslu fjármuna vegna verkefna sjóðsins á yfirstandandi ári og óskar eftir umsóknum í sjóðinn.

Umsóknarfrestur er til 1. júní 2021.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra Markaðsráðs í netfanginu hafliði@bondi.is.

Lely Center Ísland STÍUGRINDUR



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

CAT®

ALLAR STÆRÐIR AF CAT RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi

Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | Öflug og góð þjónusta



Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma 590 5125 og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

KLETTUR

VÉLABÁSINN

Subaru Outback LUX 169 hestafla bensínbíll

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Laugardaginn 8. maí frumsýndi BL nýjan Subaru Outback og að frumsýningu lokinni fékk ég bílinn til prófunar. Hugmyndin var að taka stuttan „rúnt“ til að finna hvernig hann væri, en stutti rúnturinn endaði í tæpum 300 km. Það var bara svo gaman að keyra hann í góða veðrinu sunnudaginn 9. maí.

Kraftmikil vél sem eyðir litlu

Í fyrstu tók ég innanbæjarrúnt og fannst mér bílinn lipur í akstri við þær aðstæður sem ég prófaði hann.

Bakkmyndavélin skýr og góð og ef maður er að bakka þröngt er hægt að kveikja á myndavélarauga sem staðsett er neðan á hægri hliðarspeglinum og séð hægra framhjólíð til hliðar á skjánum við bakkmyndavélina (þetta finnst mér sniðugur og góður útbúnaður).

Þrátt fyrir að ég hafi verið frekar þungur með hægri fótinn í hvert sinn er ég var að ná umferðarhraða í innanbæjarumferðinni, þá var ég ekki að eyða nema 10,2 lítrum á hundraðið. Næst var það langkeyrsla, en þar var ég að eyða 7,7 lítrum á hundraðið. Uppgefin meðaleyðsla í blönduðum akstri er 8,6 lítrar á hundraðið.

Fjöðrun fin á malarvegi

Undanfarið hefur verið frekar þurr og því er mikil lausamöl á malarvegum eins og í Heiðmörk, en þrátt fyrir mikla lausa mól á yfirborði malarvegsins fannst mér hann stýra vel í beygjur og þegar kom að holunum var fjöðrunin að vinna vel. Fann varla fyrir minnstu holunum og litlu þvottabrettunum sem voru á veginum. Að vísu þurfti ég að skola af bílnum rykið eftir malaraksturinn þar sem að varla sást út um afturrúðuna í baksýnisspeglinum eftir malaraksturinn (kunni ekki við að bjóða frúnni í bíltúr á grútskítugum, nýjum bíl).

Tók svo tæplega 200 km hring á malbiki og fann ekki fyrir þreytu, bílstjórásætið fór vel með mig og í alla staði þægilegt að keyra bílinn.

Mikið af öryggis- og þægindabúnaði

Þegar ég var að koma í bæinn stillti ég hraðastillinn á 95 eftir að ég kom út úr hringtorginu við Hveragerði. Umferðin var mishröð alla leið í bæinn og alltaf fylgdi bílinn næsta bíl á undan og meira að segja í hringtorginu við Rauðavatn fór hraðinn niður fyrir 30, en alltaf las bílinn þann sem fyrir framan var og það var ekki fyrr en að ég var kominn



Subaru Outback Lux.

Helstu mál og upplýsingar

Lengd	4.870 mm
Hæð	1.675 mm
Breidd	1.875 mm

Myndir / HLJ



Þegar maður kveikir á takka sem er við girstöngina kviknar á aukamyndavél sem sýnir niður á hægra framhjól.

niður á Bústaðaveg að ég snerti fyrst bremsur. Hraðastillirinn sá algjörlega um aksturinn. Meira að segja snögghemlaði bílinn í smá stund þegar einn ákveðinn ökumaður stakk sér inn í umferðina af hliðarakrein fyrir framan mig og þá fann ég hvernig neyðarbrmsubúnaðurinn virkaði.

Eins og alla bíla sem ég prófa þá hávaðamældi ég bílinn á 90 km hraða og fannst mér mælingin koma vel út, 68,9 db er mjög gott (a.m.k. 2 rafmagnsbílar hafa mælst með meiri hávaða inni í farþegarýminu).

Akreinalesarinn les vel ógreini-



Hávaði upp á 68,9 db er ekki mikill á 90 í bensínbíll. Hef mælt meiri hávaða í rafmagnsbíl.

legar merkingarnar sem eru ansi illa farnar eftir veturinn.

Ekki allt hamingja, en samt mikil

Það var bara tvennt sem ég gat fundið að, stefnuljósinn þurfti ég að taka sjálfur af þegar ég var bara að skipta um akrein, en nokkrum sinnum þegar ég ætlaði að taka þau af gaf ég stefnumerki í hina áttina (kannski bara klaufaskapur í mér).

Ekkert varadekk er í bílnum og það finnst mér mikill mínus.



Ytri aftursætin eru hitanleg og tvö rafmagnstengiþlökk fyrir síma.



Þarna má sjá að hraðastillirinn er stilltur á 95 en er kominn niður í 31 eltandi næsta bíl í hringtorgi.



Ekkert varadekk, bara pumpa og þéttivöki.

Plúsarnir eru miklu fleiri s.s. hiti í stýri, góður hraðastillir, margir loftþúðar ef maður lendir í árekstri og fleira.

Verð á Subaru Outback er frá

7.590.000 á Outback Premium, en bílinn sem var prófaður er LUX og kostar 8.490.000. Allir Outback eru með sömu bensínvélina, 2.498cc, sjálfskiptur og 169 hestöfl.

Lely Center Ísland

SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Örlítið um umferðina og umferðarreglur sem margir misskilja

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Peir sem vinna í vegköntum nota gjarnan gul blikkandi aðvör- unarljós til að láta vita að þarna sé hugsanleg hættu, en því miður eru of fáir sem taka nokkuð mark á aðvöruninni og hægja ekkert á sér þegar þeir aka framhjá. Sjálfur þekki ég þetta mjög vel og hef mörgum sinnum þurft að leita hjálpar hjá lögreglunni til að vera með blá blikkandi ljós fyrir aftan mig til að verja mig við þessa veg- kantavinnu mína.

Í áströlskum umferðarlögum er sérstök lesning um gul blikkandi viðvörunarljós, en þar segir m.a. að ekki megi keyra hraðar fram- hjá þeim en á 30 mílna hraða. Ekki má vera með gul blikkljós þegar umferðarhraða er náð og að þau megi bara nota til að láta vita að viðkomandi ökutæki er á hraða sem er undir löglegum hámarkshraða.

Hér á landi er of mikið um að maður sjái sérstaklega bílaflutninga- bíla í umferðinni með öllum gul ljós blikkandi í almennri umferð á sama hraða og umferðin er.

Dráttarvélar eru margar hverjar með gulblikkandi ljós ofan á hús- inu á dráttarvélinni sem sést vel, en ef verið er að draga vagn með það háa hleðslu að hleðslan skyggir á hús vélarinnar þá er sniðugt að vera með gulblikkandi ljós aftan á vagninum (hægt að fá svoleiðis ljós með rafhlöðum sem fest eru á með segli).

Umferðarlög sem ekki allir virðast vita hvernig virka

Fyrir skemmstu var ég í hópi manna sem voru að tala um umferð og umferðarreglur, lög og rétt. Þar kom fram að einn úr hópnum hafði verið stöðvaður fyrir að gefa ekki eftir umferðarrétt, en hann hafði



Vilji bíllinn á miðjuakreininni komast á þá lengst til hægri ber honum að vika þar sem að hann er að koma af aðrein en hinn er á aðalbraut.



Í bílastæði Kringlunnar, þarna eiga þeir réttinn sem eru mér á hægri hönd og hafa bakkað í stæðin. Sá sem bakkar út úr stæði er alltaf í órétti gagnvart aðvifandi umferð.

verið að koma keyrandi eftir að- rein þar sem við tók þriðja akreinin sem hann taldi vera lagalega sína akrein (var að koma af Miklubraut beygjandi inn á Reykjanesbraut við Sprengisand). Aðeins fram- ar á miðjuakreininni var lögreglubíll sem gaf stefnuljós og vildi komast inn á akreinina sem hann var á. Hann hugsaði að löggan gæti bara hægt á og farið aftur fyrir sig, en þá komu blá ljós og honum vísað inn á bensínstöðvarplanið við gömlu hesthúsin þarna. Honum var tjáð kurteislega af lögreglumönnum að þar sem að hann væri að koma af hliðarakrein ætti hann að vika og hægja á þar sem að bíll sem kæmi eftir aðalbrautinni ætti réttinn fyrir honum þar sem að bíllinn væri fyrir framan miðjan bílinn hjá honum. Ég kannaði þetta og fékk sama svarið hjá umferðarréttarfróðum manni.

Hægri rétturinn virðist vefjast fyrir mörgum

Í sama spjalli sagðist einn hafa orðið hissa þegar hann var að keyra út úr bílastæði við stórmarkað sem hann hafði bakkað inn í, en þegar hann var að fara rólega af stað þá snarstoppaði bíll sem kom keyrandi honum á vinstri hönd. Hélt hann bílstjó- rann vera að stoppa fyrir sér til að fá stæðið sem var að losna, en honum til furðu þá kom bíllinn keyrandi á eftir honum. Nokkrum hundruðum metrum síðar stoppaði hann á öðru bílplani og tók hann þá eftir að sá sem hafði stoppað fyrir honum var kominn þangað líka. Hann ákvað að spyrja af hverju hann hafi stoppað fyrir honum þarna á bílastæðinu. Ekki stóð á svarinu:

„Ég er ökokennari og tel mig kunna þokkalega umferðarreglur og rétt, en á öllum bílastæðum er varúð



Hér hefði mátt tengja ljósin, en traktorinn sem þetta hlass dró var með gult blikkandi ljós sem ég sá ekki fyrir en ég var kominn fram úr honum.

til hægri. Þú snerir rétt þar sem þú bakkaðir inn í stæðið og frá mér séð varst þú til hægri og áttir réttinn þar sem að þú varst að keyra áfram út úr stæðinu, en allir hinir bílarnir sneru öfugt og hefðu þurft að byrja að bakka út úr stæðunum. Þú ert alltaf í órétti

þegar þú bakkar. Þess vegna kenni ég mínum nemendum að bakka alltaf í stæði þegar þeir leggja bíl.“

Ég bar þetta líka undir umferðar- fróða manninn sem sagði þetta vera rétt, á öllum bílastæðum er varúð til hægri sé bíll að keyra áfram.

Varahlutir í kerrur

stalogstansar.is

Stál og stansar

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogstansar.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	152	ÖRÓLEG	FRAMRÁS SNIG- GANGA	KLÁR	EFTIR- TEKJA	PRÝÐA HAÐNA	STILLTUR	
	OFMIKILL							AND- STREYMI
	KÁK KUNN- LEIKAR				SÖNG- RÖDD			
					HRISTAST ÚTKLJÁ			
	Í RÖÐ		BÚA AÐ					MAGN
	UNGUN		HOLDI					
RUGL		KROPP	ÍLÁT JARD- SPRUNGA		ÞRÖNGSÝN		Í RÖÐ	AFHENDA
			ÁTT		FÁGA			STREDA
			BODDA					
BÁTUR			ELJA			STAFUR		
FUGL					SÁLAR- KVÖL			
EINATT			SAMTÖK		LJÓST			
		GLENS	ÓTENGDUR STRAX			AD LOKUM BOTN		
		VÆLA BÆRU AÐ			BREGDA FLEYGUR			KJANI
SKADDA				RÁNDÝR POKA			Í RÖÐ	STAFUR
RÝMA						SUÐ UPP- HRÓPUN		
SJÁVAR- DÝR			ORÐA- GJALFUR					
			SEMSE				STILLA	
HALARÓFA			TVEIR EINS		POLLUR			

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	151	FLYJA	LAUMA LEIFAR	L	HÖRFA	ELEGANT	F	SKVAMPA FÖLKI	B	HÖGLITIL
	ALDIN	F	R	Æ	B	E	L	G	U	R
	GLOPPA SÝNI	E	Y	Ð	A	ÁSTJEA	O	R	S	Ö
		Ú	R	T	A	SNIDA HLJÓRFERI	T	Á	L	G
	TVEIR EINS END- FJÖL	J	J	SPIL HEGNI	K	O	T	R	A	B
DRÖPA	E	MÁLUR	NAGLAR TALA	G	A	U	R	A	R	VÍNANDI
										KALLORÐ NEFNDI
S	L	Ú	T	A	R	E	G	E	I	S
KVK NAFN	D	R	Í	F	A	HVILA	F	L	E	T
										UMDÆMI PLANTA
KVIBSLIT	H	A	U	L	L	TVEIR EINS	S	SÍÐRI MESSING	L	A
										UPP HVÖSS
TVEIR EINS	N	N	ÞRAUT- SEIGJU	S	K	I	L	N	E	Ð
			AD OREINING HÖRFT							AN
	Ö	SPJÖR BEINA	F	L	Í	K	TITILL FRÁNN	Á	B	Ó
										T
TALA	T	V	E	I	R	S	T	E	L	L
										DJES HÖP
KYAK DURTUR	T	Í	S	T	LIDUR	H	N	Ú	I	A
										INN- LEIKUR SKYLDIR
	R	U	S	T	I	SKORTA	V	A	N	T
										STUTT- NEFNI
TÝTUBER	R	A	U	Ð	B	E	R	MERKJA	T	Á
										K
										N
										A

Bændablaðið

kemur næst út 10. júní

Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Grunnur að garðyrkjustöðinni Espiflöt var lagður þann 1. maí 1948, þegar hjónin Eiríkur og Hulda Sæland fluttust búferlum úr Hafnarfirði og settust að í Reykholti með það fyrir augum að stofna þar garðyrkjubýli.

Fram undir 1965 var eingöngu ræktað grænmeti á Espiflöt en á árunum 1965–1977 var blönduð ræktun blóma og grænmetis. Ákveðið var að sérhæfa sig í ræktun afskorinna blóma. Árið 1977 komu sonur þeirra, Sveinn Sæland, og kona hans, Aslaug Sveinbjarnardóttir, inn í reksturinn. Þann 1. maí 1998, eða nákvæmlega eftir 50 ára búsetu, hættu Eiríkur og Hulda þáttöku í rekstrinum og fluttu á Selfoss eftir langt og farsælt starf.

Árið 2013 urðu þau kynslóðaskipti á Espiflöt að sonur hjónanna, Axel Sæland og eiginkona hans, Heiða Párlín Leifsdóttir, komu inn í reksturinn, eftir að hafa verið viðloðandi hann um nokkurra ára skeið.

Býli: Espiflöt.

Staðsett í sveit: Við erum í Biskupstungum í Bláskógabyggð. Jörðin okkar er svo til inni í miðju Reykholtspörpinu.

Ábúendur: Fjölskyldubú og hér búa þrjú ættliðir í tveimur húsum, hér eftir munum við segja frá heimilislífinu á Espiflöt 1.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Axel og Heiða ásamt börnum sínum fjórum, Auðunni Torfa, Lilju Björk, Oddu Sóley og Áka Hlyn.

Stærð jarðar? Tveir hektarar, ræktum í gróðurhúsum, 7.200 fermetrum undir ljósi allan ársins hring.

Gerð bús? Garðyrkjustöð sem sérhæfir sig í ræktun á blómum til afskurðar.



Fjöldi búfjár og tegundir? Við ræktum fjölmargar tegundir og hundruð litaafbrigða. Rósir, krusi, liljur, sólliljur, gerberur, Limonium, solidago og áfram mætti telja.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Hér hringir klukkan venjulega kl. 06.00 og hjónin á bænum byrja að hafa sig til fyrir daginn. Axel er venjulega farinn niður í gróðurhús um 06.30, Heiða kemur aðeins seinna eftir að hafa komið börnum af stað í skóla og leikskóla. Við, ásamt því flotta starfsfólki sem við höfum hér, vinnum að því að uppskera stílka og gera þá klára til að senda á markað. Blómabíllinn sækir vörur til okkar alla virka daga. Hefðbundnum vinnudegi er lokið kl. 15. Við þurfum þó alltaf að fara og breiða yfir hluta blómanna kl. 17.30. Krusi þarf að fá 13 tíma almyrkur til að mynda blóm, það er okkar fyrsta verk kl. 07.00 á morgnana að taka plastið af þeim. Blóm eru skorin 7 daga vikunnar.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Þetta er ansi góð spurning, Heiðu finnst klárlega allt sem



viðkemur krusaræktun vera skemmtilegast, sem og að setja saman skemmtilegar litablöndur í blóm-vendi. Axel lifir fyrir rósinar sínar og að grúska í lífrænum vörnum fyrir alla ræktunina. Ætla að bókhald og skrifstofuvinnu sé ekki það leiðinleg-

asta, hún vill alltaf verða eftir og þarf að gerast „eftir“ vinnutíma.

Hvernig sjáid þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Vonandi verður hér allt í blóma og við enn þá að gera okkar besta til að koma til móts við neytandann, að Íslendingar haldi áfram að taka okkar ræktun vel og velja íslensk blóm. Vonandi verðum við búin að ná að auka ræktunargetu okkar og vera farin að framleiða t.d. meiri krusa.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara? Við eigum alveg helling inni í ýmiss konar vöruþróun og að kynna okkar vöru á markaði. Við eigum að nýta okkur þá auðlind sem heita vatnið okkar er og vera stolt af því að geta framleitt íslenska hággæða vöru allt árið um kring. Vöru sem framleidd er í góðu sambandi við bæði náttúru

og mannfólk, þú veist hvaðan varan okkar kemur.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Sýrður rjómi, smjörvi, hvítlaukur og salsasósa.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Heimabökuð pítsa og kjúklingur í ofni.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Ætli það sé ekki alltaf eftirminnilegast þegar við erum að standa í byggingarframkvæmdum og byrjum að uppskera úr nýju gróðurhúsi. Einnig eru oft sagðar sögur af því þegar Sveinn var að laga kælinn og stigin hann undan honum, þar hékk hann svo hjálparlaus því aðrir komu því ekki við að aðstoða hann sökum hláturskrampa. Það skal fylgja sögunni að hann slapp óslasaður frá atvikinu.

MATARKRÓKURINN

Egg og orkustykki fyrir fólk á ferðinni

Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari
bjarnigk@gmail.com



„Develed egg“ er klassísk eggja-uppskrift og fullkomin fyrir aukna orku. Uppskriftnin samanstendur af nokkrum einföldum innihaldsefnum, þar á meðal harðsoðnum eggjum, majónesi, Dijon-sinnepi, ediki, salti og pipar.

Egg eru gott og hollt snarl eða forréttur. Það er auðvelt að matreiða þau, þurfa aðeins handfylli af innihaldsefnum og flestir elska þau.

Þið getir undirbúið ykkur með því að sjóða eggin fyrirfram. En lykillinn er að sjóða eggin þín fullkomlega og ekki ofsjóða.

Hægt er að bæta hráefni eins og beikoni við, eða graslauk, skalottlauk, cajun-kryddi, sriracha sósu, jalapeno, geitarosti og fleira. Auðvitað myndu ýmsar kryddjurtir eins og dill, basilíka og estragon ganga vel líka.

„Develed egg“

- › 6 stór egg
- › 3 msk. majónesi
- › 1 tsk. Dijon-sinnep
- › 1 tsk. eplaedik
- › salt og pipar, eftir smekk
- › paprika, til skreytingar

Látið vatn sjóða í potti. Lækið hitann niður í lágan (eða slökkvið) til að tryggja að vatnið sjóði ekki lengur. Notið skeið til að setja eggin í vatnið.



Síðan er hitinn hækkaður aftur að suðu og tímastíllt í 14 mínútur.

Á meðan eggin eru að sjóða, undirbúið þá ísvatsbað og leggið til hliðar. Eftir 14 mínútur eru eggin tekin úr pottinum og sett í ísbaðið.

Þegar eggin hafa kólnað alveg, takið þá skurnina utan af þeim og skerid í tvennt eftir endilöngu. Setjið eggjarauðuna í litla skál með skeið og setjið eggjahvítunarnar á disk.

Maukið eggjarauðunarnar með gaffli og bætið majónesi, sinnepi, ediki, salti

og pipar út í. Hrærið öllu saman þar til það er slétt.

Notið skeið til að bæta hluta af eggja-blöndunni aftur í holuna á hverri eggjahvítu. Stráid papriku yfir til skreytingar.

Súkkulaði og berja „superfood“ orkustykki

Með mikið af hnetum, fræjum og ávöxtum verða stykkinn að þeirri ofurfæðu og orkustykkjum sem hægt er

að grípa til hvenær sem er dagsins! Það getur verið maca-rót, acai-ber og chia-fræ í slíkri blöndu, en þetta er allt talið vera „ofur-matvæli“ og góð heilsubót.

Maca-rót hefur verið þekkt fyrir að gefa orku og þrek, sem þýðir að þetta er ekki aðeins dýrindis bragð heldur mun það skila meiri orku, ólíkt keyptum orkustykkjum sem eru full af unnum sykri og munu leiða til orkuleysis ef það er bara unninn sykur.


- › 1 bolli möndlur
- › 1 bolli kasjúhnetur
- › 1/2 bolli kókos
- › 2 msk. maca duft
- › 2 msk. kakó
- › 1 bollar dödlur
- › 2 msk. hnetusmjör
- › 1-3 msk. möndlumjól

Toppur

- › 2 bollar frosin hindber
- › 2 msk. acai duft
- › 1-2 msk. hollt síróp
- › 2 msk. brædd kókosolía
- › 3/4 bolli kókosflögur
- › 1/4 bolli Chia fræ
- › 1 msk. hnetusmjör
- › 1/2 bolli kasjúhnetur
- › tsk. vanilla

Smyrjið bökunarform og setjið bökunarpappír í.

Setjið öll grunninnihaldsefni fyrir



utan möndlumjól í matvinnsluvélina og blandið þar til hún er fín.

Ef blandan er of þurr og festist ekki þegar henni er ýtt niður skaltu bæta við litlu magni af möndlumjól og blanda þar til hún er klístruð.

Ýtið botninum þétt niður í form og setjið í frystinn meðan efsta lagið er undirbúið.

Setjið öll innihaldsefni í matvinnsluvél og blandið þar til slétt og þykk, vegna frosnu berjanna gæti hún verið of þunn.

Hellið á botninn og sléttið niður með spaða.

Setjið hvaða álegg sem er og ýtið niður í blönduna.

Setjið í frysti til að stífna í hálf tíma.

Skerið í bita! Ég geymi nokkrar sneiðar í ísskápnum og nokkrar í frystinum þar sem þær eru bestar hálfrosnar.

SAMFÉLAGSRÝNI

Ástand lands og ákvarðanir um beit

Þann 12. maí birti Bændablaðið grein eftir Ágústu Ágústsdóttur. Í greininni er andmælt ýmsu sem komið hefur fram er varðar land í slæmu ástandi og beitarnýtingu þess. Greinarhöfundur fer vítt um völl með umtalsverðu hnútukasti. Rétt er að skýra nánar nokkur atriði í tengslum við þessi skrif hennar.

Á hverju ári styrkja landsmenn framleiðslu dillkakjöts með yfir 5 milljarða króna framlagi, eða um 14 þúsund kr. á hvern Íslending á ári. Fyrir því liggja margar ástæður, m.a. annars byggðasjónarmið og söguleg þróun landbúnaðarstyrkja. Það er ekki óeðlilegt að gerð sé rík krafa um að nýting sem svo myndarlega er styrkt fari ekki fram á vistkerfum í lélegu ástandi, að hún valdi ekki hnignun vistkerfa, eða stuðli ekki að losun gróðurhúsalofttegunda. Kerfið sem þróaðist upp úr aldamótum til að tryggja sjálfbæra landnýtingu (landnýtingarþáttur gæðastýringar) misheppnaðist og það hefur verið rækilega skjalfest (1,2,3). Á þessu verður að gera bragarbót.

Afneitun vandans virðist vera ein þeirra leiða sem ætlunin er að notast við til að koma í veg fyrir að breytingar verði gerðar á kerfinu. Ágústa skrifar: „Hættum að tala um að land sé í hnignun. Það er einfaldlega ekki þannig“. Skýrari dæmi um afneitun á umhverfisvanda finnast varla. Rétt er að benda henni á að skreppa upp á Öxarfjarðarheiði eða út á Tjörnes, beggja handa sveitar hennar – þar eru að finna ljót rofsvæði og land í afturför (sjá myndir sem fylgja greininni). Svo er víðar á landinu, því miður. En ekki er síður mikilvægt að hafa í huga að nýting á landi í mjög slæmu ástandi – þar sem mesta hnignunin er um garð gengin – getur engan veginn talist sjálfbær. Enda bendir hún sjálf á að: „Um það er ekki deilt að á Íslandi finnast enn viðkvæm og illa gróin svæði og sum hver þyrftu meiri beitarríðunar við.“ Það er einmitt málið!

Orðræðan sem birtist í skrifum Ágústu á sér hliðstæðu í baráttu hagsmunahópa og pólitíkusa sem afneita loftslagsbreytingum og berjast gegn umskiptum yfir í endurnýjanlega orkugjafa í stað kola og olíu, iðulega af miklum ofsa. Það er dæmigerð rangfærsla („ávaxtatínsla“ – „cherry picking“) í anda afneitararfræða að halda því fram að stöðumat GróLindar sé fyrst og fremst byggt á gamalli rofkortlagningu. Rofkortlagningin er aðeins einn af fimm þáttum sem notaðir eru í mati GróLindar. Flestir þættirnir eiga rætur að rekja til mun nýrri kortlagningar á vistgerðum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þau gögn gefa góða mynd af útjörð landsins – og saman mynda þessir gagnagrunnar bestu mögulegu gögnin nú um stundir. Enda þótt það finnst einhverjir tilteknir blettir sem eru í betra ástandi nú en áður á tilteknum afréttum eins og vitnað er til í áður nefndri grein, breytir það engu um heildarniðurstöðu fyrir viðkomandi svæði ef það er almennt illa gróið. Slík „ávaxta-



Illu farið land á Tjörnesi.

Myndir / Ólafur Arnalds



Illu farið land í örri hnignun á Öxarfjarðarheiði.

tínsla“ er einmitt í anda klassískra afneitararfræða.

Gögnin um ástand lands eru vissulega ekki fullkomin. Sem dæmi hefur rof minnkað sums staðar frá því kortlagt var fyrir 25-30 árum síðan. Á víðfeðmum svæðunum, t.d. auðnasvæðum á afréttum, hafa ekki orðið miklar breytingar. Þá hefur ástand versnað til muna á sumum svæðum. Gögn Náttúrufræðistofnunar eru heldur ekki fullkomin, þar finnast dæmi um ofmat og vanmat á gæðum landsins – sem er ákaflega eðlilegt og niðurstöður GróLindar endurspeglar það.

Slæmt ástand margra afréttarsvæða hefur legið fyrir lengi. Það fer beinlínis gegn náttúruverndarlögum að biða sífellt eftir betri gögnum – en það er sú leið sem ítrekað hefur verið valin þegar reyna á að laga sauðfjárbætt að landkostum. Það var beðið með aðgerðir þar til rofkortlagningu lauk árið 1997, sem gaf afgerandi niðurstöður. Síðan tók við löng þróun og



Fallegt beitaland í framför í Kelduhverfi.

aðlögun að landnýtingarþætti gæðastýringar (orðin virk um 2008), sem lítið hald reyndist í þegar á hölminn var komið. Síðan var beðið eftir GróLind (fyrstu niðurstöður 2020 – sambærileg útkoma og af rofkortlagningu), sem nú á að hafna og biða enn eftir ítarlegri gögnum, ef marka má áðurgreind skrif. Er þetta ekki orðið ansi skýrt mynstur? Sauðfjárframleiðsla stæði margfalt sterkari nú hefði gæðastýringin ekki farið í þann óheillavænlega farveg að taka ekki á ástandi landsins með hliðsjón af rofkortlagningu upp úr aldamótunum. Á meðan illa gróin afréttarsvæði í eigu almennings á borð við Biskupstungnaafrétt, Landmannaafreitt, Rangárvallaafreitt eða rofsvæðin á myndunum sem hér fylgja eru nýtt til beitar og nýtingin

bæði vottuð og styrkt af almannafé, er kerfið ekki trúverðugt.

Á Íslandi er algengt að verið sé að beita á gott beitaland, t.d. í Kelduhverfi og á grasgefnum algrónum svæðum, t.d. víða á Norðvesturlandi, svo dæmi séu tekin. Bændur sem nýta slíkt land hafa hvatt undirritaðan til að draga það fram í umræðunni – sem ég geri reyndar yfirleitt. Þeir bændur sem beita á gott land tapa mest á þeirri neikvæðu umræðu sem skapast við kröfuna um að nýta allt land til beitar, líka það „slæma“. Sífelldar efasemdir um faglegt mat á slæmu ástandi lands eru sömuleiðis ekki til þess fallnar að efla ímynd sauðfjárræktar. Þessir framleiðendur mættu að ósekju láta meira til sín taka.

Það eru miklar ýkjur að sauðkindin sé mikil landgræðsluvél eins og haldið er fram í grein sauðfjárbóndans. Þegar þessi „vél“ er fjarlægð af illa förmu landi lagast ástandið iðulega með tímanum að sjálfu sér, en ekki við áframhaldandi beit. Og þegar fé fækkar taka gróin vistkerfi oftast vel við sér. Hins vegar getur hófleg beit á vel gróið land aukið grósku og kolefnisbindingu – t.d. þar sem viðhaldið er grasmiklum sverði. En það á ekki við á illa förmu landi. Sauðkindin átti og drjúgan þátt í hrúni íslenskra vistkerfa – kerfi sem eru ákaflega viðkvæm fyrir vegna annarra áfalla sem geta dunið yfir á borð við tímabundið kalt árferði og öskufall. Ágústu verður tíðrætt um merkilegar rannsóknir Sigurðar Magnússonar á Hrunamannafrétti. Þar hefur fjárfjöldi minnkað mikið á svæði sem áður var ofbeitt. Sigurður hefur bent á að traðk búfjár á moldum á annars hóflega beittu landi þar sem einnig eru til staðar vel gróin svæði getur í sumum tilfellum hjálpað landnámi plantna. Moldir eru almennt ekki útbreiddar á afréttum sem er þó misjafnt á milli svæða. Þessu er ekki fyrir að fara þar sem land er almennt illa gróið, því við þær aðstæður bitur sauðfé nýgræðing og heldur niðri landnámi. Beitarálag verður mikið á stórum illa grónum svæðum enda þótt fé sé jafnvel fátt.

Það er sérkennileg tilhneiging að nota GróLindar-verkefnið sem eins konar tryggingu fyrir „rétttri“ afstöðu Landgræðslunnar og annarra. Á því örlar í grein Ágústu, en frægasta dæmið var hótun sauðfjárbænda um að draga sig út úr og jafnvel loka verkefninu þegar landgræðslustjóri impraði á því að taka þarf á lausagöngu búfjár á Íslandi. Það er þó almenningur sem borgar kostnaðinn við verkefnið þegar upp er staðið og ekki annað í boði en að tryggja faglega vinnu við verkefnið. Það eru ekki útgerðarmenn sem ákvarða aflamagn fiskistofna í sameiginlegri eigu þjóðarinnar – sem betur fer. Það sama ætti að eiga við um ákvörðun á ástandi og nýtingu afréttarlenda, ekki síst þeirra þjóðlenda sem eru í eigu þjóðarinnar.

Það er fyrir löngu orðið tíma-bært að takmarka framleiðslu sauðfjárafurða við land í góðu ástandi. Við það verður að nota bestu fánlegu þekkingu sem til er hverju sinni, sem er m.a. í samræmi við náttúruverndarlög og lög um landgræðslu. Afneitun á slæmu ástandi lands – þar sem það land er til staðar – er ekki leiðin til að tryggja framtíð sauðfjárræktar á Íslandi.

Heimildir:

1. Á röngunni. Alvarlegir hnökrar á framkvæmd landnýtingarþátta gæðastýringar í sauðfjárrækt. Ólafur Arnalds 2019. Rit Lbhl nr. 118. <https://www.moldin.net/aacute-roumlngunni.html>
2. Connecting sustainable land use and quality management in sheep farming: effective stakeholder participation or unwanted obligation? Jónína Sigríður Þorlákssdóttir 2015. MS ritgerð, Umhverfis- og náttúruvísindasvið HÍ.
3. Of sheep and men. Analysis of the agri-environmental cross-compliance policies of the Icelandic sheep grazing regime. Jóhann Helgi Stefánsson 2018. MA ritgerð, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, Reykjavík.

Ólafur Arnalds
prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Lely Center Ísland



ASPLA rúlluplast
frá 9.900.- + vsk.



Reykjavík Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS

CYLTECH

TJAKKALAUSNIR

Cyltech tjakkalausnir er framsækið þjónustuverkstæði sem býður upp á sérhæfða þjónustu er tengist viðgerðum og nýsmíði á glussa- og lofttjökum.

Mikið magn varahluta til á lager.

Bjóðum einnig upp á almenna renni- og stálsmíði.

Frekari upplýsingar á Cyltech.is eða 895-2920

Svampur.is

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellhýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Rafhitarar í skip, hús og sumarhús

Ryðfrír neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Óska eftir að kaupa b-vöru grænmeti beint af bónda á Suðurlandi, blóm-kál, kúrbít, sveppi, tómata, paprikur, kartöflur og fleira. Áhugasamir hafið samband í síma 848-8227.



Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 - hak@hak.is



Háprýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Óflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háprýstidælur fyrir verkataka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háprýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - uppl. í síma 892-4163.



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Uppl. í síma 527-2600.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar-dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, uppl. í síma 892-4163, netfang: hak@hak.is



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m - 1,8 m. Euro-festingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Glussadrifnar gólfhrævar. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaflöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Erum með sérhönnuð lúsmýsnet fyrir glugga í metratali og ýmsar aðrar vörur gegn lúsmý. Lítið á úrvalið á postverslun.is - Sendum samdægurs um allt land.



Nýuppperð kerra, burðarmikil og sterk. Nýjar legur í hásingunni. Hægt að opna hana að framan. L: 2,27. Br:1,42. Dýpt: 60 cm. Á sama stað er ónotuð Tikksuðuvél. Skaut og suðuvir fylgja með. Uppl. í síma 662-1798.



Lambheldu hliðgrindurnar. Þessar hliðgrindur hafa slegið í gegn um land allt. Lambheldar, léttar og auðveldar í uppsetningu. Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10x15. Verð á grind kr. 26.900 stk. auk vsk. Ef keypt eru 2 til 4 stk., verð kr 24.900 stk. auk vsk. Ef keyptar eru 5 eða fleiri, verð kr. 19.900 stk. auk vsk. Til afhendingar á Hvolsvelli eða í Sundahöfn án aukakostnaðar, en sent hvert á land sem er. Pantanir og uppl. í sínum 669-1336 og 899-1776. Aurasel - Meira fyrir aurinn.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíl og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klt. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum fyrir magnþælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háprýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" - 3" - 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum-búnaði. Aðrir aflagjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háprýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Bretttagafflar með Euro-festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göflum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 - hak@hak.is

McHale

GÆÐI Í STYRKUR Í ENDING

LANDSTÓLPI

SLÁTTUVÉLAR

Tilbúnaður til afhendingar!

2.890.000 + vsk.



McHale - F3100

2.690.000 + vsk.



McHale - R3100

ÁBURÐARDREIFARAR

859.000 + vsk.



SULKY - DX20

1.190.000 + vsk.



SULKY - DX20+

3.690.000 + vsk.



SULKY - X40 Econov GPS

LOFTSÁÐVÉL

5.190.000 + vsk.



SULKY - Master P30 loftskáðvél með HR160 pinnatætara

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



HECHT Raffórhjól

Götuskráð, verð 650.000 kr.



HECHT Rafskutla

verð 420.000 kr.



Trjá Kurlari

frá Póllandi, verð 480.000 +vsk.



HECHT 1115

117kg, verð 157.000 + vsk



HECHT Rafhlaupahjól

Ljós að frama og aftan, bremsuljós, USB tengi, hraðastillir, snagi I, verð 58.000 kr.



HECHT Úðabrúsi

m/hleðslurafhliðu. Verð 15.500 kr.



HECHT Viðarkolagrill

Verð 49.900 kr.



Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 562 2727 & 892 7502



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhræint vatn (trash). 2", 3", 4". Original Hondavélar með smurólíuöryggi. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kjallaraðætur fyrir klósett. Öflugur hnifur. Mótórar staðsettir fyrir utan votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjóla-skóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Innihrætur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW - 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Taðkvíslar. Eigum 1,4 m með Euro-festingum. Sterk framleiðsla frá Póllandi. Þétt á milli beinna tinda. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Faðmgreip fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftir rúllum sem eru allt að 1.000 kg. Eigin þyngd: 190 kg. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur með kúplingum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri dökkrárrí dufthúð (pólýhúð). Til á lager. Verð 149.000 kr. + vsk. Hákonarson ehf. Hafíð samband á hak@hak.is eða í síma 892-4163.



Rúllugreip með glussatjakk. Spjót inni í keflum. Lyftigeta 1.000 kr. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur fylgja. Vönduð smíð frá Póllandi. Verð 179.000 kr. + vsk. Til á lager. Takmarkað magn. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163. hak@hak - www.hak.is



Út við fjallsins fögru rætur, fjólan vex í klettaskor. XM



Skemmtibátur Kruger Beta II. Mótóru Suzuki 50 hö, mælir Raymarin Dragonfly 7, vagn Brenderup. Bátur og búnaður í topplagi. Staðsettur í Neskaupstað. Uppl. í síma 899-7725.



Cruiser 90 Diesel 7/1999, E: 363 þús. Gott eintak, mikið endurnýjaður '20. 7- sæta. V: 650 þús. 2 eigendur. E-Golf árg. 2/2018. E: 48 þús. km. 1 eig. Uppl. í síma 892-9457.



Grand Vitara, árg. 2004. Nýskoðuð, krókur, sumardeck á álfelgum, negld vetrardekk á stálfelgum, mikið endurnýjað, lítið ryð. Verð 200 þ. Uppl. í síma 897-7146.



Protec 113 veltari til sölu. Vinnustundir 4.200. Árgerð: 2001. 14 tonn. Verð: 3.200.000 kr. + vsk. Uppl. í síma 660-0045, Þorbjörn.



Er með Epilog mini 24, 40W Laser-skurðarvél (eins og er í mörgum Fablab smíðjum) til sölu. 610 x 305 mm vinnuflötur. Keyptur 2014, einn eigandi og alltaf farið vel með hann, lítið notaður. Aukaspegill fylgir með. Verðhugmynd 1.300.000 kr. m. vsk. (Nýr kostar 2.000.000). Staðsettur í Skagafirði. Nánari uppl. í síma 854-4583, (Lilja).



Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði á lager. Dælur: Traktorsdrifnar, glussadrifnar, rafdrifnar, bensín, dísil. Slöngubúnaður í mörgum stærðum og lengdum. Vatnsúðarar (sprinklerar) í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is www.hak.is



VW Passat Alltrack, 4x4, árg. 2012, ekinn 131 þús. km, 2.0l díselvél, 170 hö. Sjálfskipting. Verð: 1590 þús. Uppl. í síma 867-3661 eða á egill.tom@gmail.com.



Polaris sexhjól Big Boss, 800, 6x6, árg. 2011. Ekið 8 þ. km. Spil og sturtur. Verð 1.780.000. 100% lán. Uppl. í síma 510-4900, Bílasala Íslands.



Skóbusti fyrir utan heimilið eða vinnustaðinn. Galv. grind með góðum burstum. Verðið er aðeins kr. 8.900 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 mtr. í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos Sími 894-5111. Opið kl. 13.00-16.30. www.brimco.is



Patura-spennar í úrvali. P1 er bæði fyrir 12V og 230V. 5 km drægni. Frábært verð, aðeins kr. 29.900. Mikið úrval af öðrum rafgirðingavörum. Skoðið Patura bækling á www.brimco.is. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13.00-16.30.



Burstabær í garða með ljósi og vitar með ljósi til sölu. Uppl. í síma 694-4429.



Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg í burðargetu og allt að 4.060 kg. Ýmsar lengdir. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111, opið frá kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is



Hestakerrur tveggja og þriggja hesta, ríkulegur útbúnaður. Gæðakerrur - Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is



Zodiac slöngubátur eiga heima á www.sportbatar.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förm með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa. Ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Einnig gott úrval af tveggja og þriggja hesta kerrum. Gæðakerrur - Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is



Vegristar, 4 x 2,5 m verð 317.500 + vsk. Bera alla venjulega umferð í heimreiðum, traktora, fulllestaða vörubíla. Flytjum á staðinn fyrir mjög hagstætt verð. Gönguhlið og veghlið í úrvali. Íslensk smíði. Uppl. á Facebook Sæblær ehf, símar 899-2202 og 862-1909.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitum að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is

LÍF & STARF

Kosið um sameiningu í Austur-Húnavatnssýslu:
Um 50 milljóna króna hagræði á ári

Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs hækki um 20 milljónir króna árlega verði af sameiningu fjögurra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar, Blönduós-bæjar og Sveitarfélagsins Skagastrandar. Kosið verður um sameiningu sveitarfélaganna annan laugardag, 5. júní næstkomandi.

Sameinað sveitarfélag gefur tækifæri til rekstrarhagræðis sem þarf þó ekki að bitna á þjónustu, að því er fram kemur í bæklingi sem birtur er á vefsíðu sameiningarverkefnisins hunvetningur.is.

Fram kemur að áætlað rekstrarhagræði af sameiningu Blöndu-skóla og Húnavallaskóla nemi um 50 milljónum króna á ári. Verði af sameiningu þessara tveggja skóla munu framlög vegna þeirra verða óbreytt í 5 ár frá sameiningu þeirra, sem skapar svigrúm til breytinga.

Minni kostnaður við yfirstjórn skapar svigrúm

Þá er talið að hagræði í yfirstjórn og stjórnarsýslu sveitarfélagsins verði 15 til 25 milljónir króna árlega. Það svigrúm sem skapast í yfirstjórn og umsýslu yrði nýtt til að auka sérhæfingu og ráða í hlutverk sem er ekki sinnt í dag, svo sem í upplýsingatækni og



mannauðsmálum. Því er ólíklegt að störfum fækki, að því er fram kemur í kynningarbæklingi.

Reynsla annarra sameinaðra sveitarfélaga sýnir að þótt sparnaður verði í rekstri eins málaflokks þá hefur kostnaður hækkað í öðrum flokkum á móti. Í ljósi mikillar samvinnu sveitarfélaganna er ekki talið líklegt að útgjöld vaxi verulega við sameiningu sveitarfélaganna vegna nýrra verkefna. Gert er ráð fyrir að kostnaður við breytingar og innleiðingu sameinaðs sveitarfélags verði um 80 milljónir króna á fyrsta ári og um 40 milljónir króna árlega næstu fjögur ár. Sérstök framlög úr Jöfnunarsjóði eru ætluð til að standa straum af innleiðingu breytinga. /MPP

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf



Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is


Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300



AKURShús - timbureiningahús


Afhent samsett á byggingarstað eða ósamsett í einingum

- Við allra hæfi -



Kannaðu málið á akur.is og pantaðu frían húsabækling

Margar stærðir og gerðir frá 93-227m²



íslensk hönnun & framleiðsla

Smíðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is

ELDVARNIR BORG SIG

Yfirvöld setja ákveðnar reglur um brunavarnir og slökkvibúnað í byggingum.

Dæmi um þetta eru kröfur um reykskynjara og slökkvibúnað í íbúðarhúsnæði.

Hvað getur þú gert sem bóndi til þess að lágmarka áhættu af sökum elds á þínu býli?

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is



ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTADUR?

Færibandareimar

Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla



GÚMMISTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.

Gyflaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4766 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is

Lely Center Ísland



STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar



S: 527 2600



Palmse vagnar hafa sannað sig rækilega og eru notaðir af bændum og verktökum út um allt land

10, 13, 16 og 19 tonna malarvagnar
Verð frá kr. 1.990.000 án vsk.

14 og 19 tonna rúlluvagnar
Verð frá kr. 1.990.000 án vsk.

13 og 15 tonna sturtuvagnar
Verð frá kr. 1.890.000 án vsk.

16 og 23 tonna vélavagnar
Verð frá kr. 2.650.000 án vsk.
 - Tveggja og þriggja öxla.



Samasz hefur um árabíl slegið í gegn á Íslandi

Hliðartengdar sláttuvélar

2,20m kr. 1.090.000 án vsk.
 2,60m kr. 1.150.000 án vsk.
 3,00m kr. 1.290.000 án vsk.

Miðjuhengdar

3,00m kr. 2.290.000 án vsk. með knosa
 3,40m kr. 1.890.000 án vsk.
 3,90m kr. 2.290.000 án vsk.



Framtengdar

3,40m kr. 1.890.000 án vsk.
 3,40m kr. 2.290.000 án vsk. með knosa

Rakstrarvélar

4,7m einnar stjörnu kr. 1.290.000 án vsk.
 7,8m tveggja stjörnu kr. 2.990.000 án vsk.
 8,4m tveggja stjörnu kr. 3.290.000 án vsk.

Butterfly

MegaCut KDD941, vinnslubreidd 9,4m kr. 4.195.000 án vsk.,
 MegaCut KDD941S, vinnslubreidd 9,4m kr. 5.495.000 án vsk.



TIKI KERRUR Í ÚRVALI


Henta fyrir garðinn, sumarbústaðinn, sveitastörfin, vélsleða, vélar og bíla, allt sem þarf til að flytja stutta eða langa vegalengd. Þá henta upphækkuðu kerrurnar vel til fjárflutninga.

Verð frá kr. 194.800 án vsk.



Ávinnsluherfi frá Agro Factory

4m kr. 189.000 án vsk.
 6m kr. 296.000 án vsk.



Búvís

Akureyri · Sími 465 1332

www.buvis.is

